allt

GUNNBJÖRN STEINARSSON

Mesta sportið að skjóta gæsina á flugi

• nám • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR

Situr við skriftir í Los Angeles

SKRIFAR UM SAMSKIPTI BARNA OG FULLORÐINNA

FÓLK 30 ▶

SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

31. ágúst 2005 - 234. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Þorlákur hættir með Fylki í haust

Þorlákur Árnason hefur gefið það út að hann muni hætta með Fylkisliðið á næstu leiktíð. Lærisveinar hans töpuðu í gær sínum fjórða heimaleik í röð, nú fyrir Keflavík.

ÍÞRÓTTIR 22

Afskræming lokunar

Hagkerfinu er handstýrt af illa menntuðum herforingjum sem hagnast sjálfir á alls kyns einokunarkerfum og leyfisveitingum, segir Jón Ormur Halldórsson um Burma, eitt fátækasta ríki heims.

SKOÐUN 18

Tónlistin er líf mitt og yndi

Joe Cocker er kominn til landsins og segist ekkert vera farinn að slaka á þótt hann sé orðinn sjötugur. Á meðan hann dvelur á Íslandi langar hann að kíkja í bókabúðir því hann hefur mikinn áhuga á heimskautsferðalögum.

TÓNLIST 26

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA RIGNING EÐA SKÚRIR Þurrt að kalla norðaustan til og sums staðar suðvestanlands. Hiti 5-13 stig, hlýjast norðan til á Austurlandi.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar... tölurnar...fólkið...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MYND/AP

FELLIBYLURINN KATRÍN FARINN HJÁ Íbúar New Orleans reyndu að ná áttum í gær eftir að fellibylurinn Katrín hafði gengið þar yfir. Þeirra á meðal var Henry Winter en þau Heloise, eiginkona hans, voru fangar í eigin húsi þar til björgunarsveitir sóttu þau. Óttast er að allt að hundrað manns hafi farist í hamförunum og tjónið er metið á um 1.600 milljarða íslenskra króna.

Sjá síðu 6

Reykjavíkurlistinn héldi meirihlutanum

Reykjavíkurlistinn fengi 49 prósent atkvæða og átta borgarfulltrúa byði hann aftur fram samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Hann héldi þar með velli. Sjálfstæðisflokkur fengi sjö borgarfulltrúa. Frjálslyndir misstu sinn mann.

SKOÐANAKÖNNUN Reykjavíkurlistinn hefði nú stuðning tæplega helmings Reykjavíkurbúa, hefðu samstarfsflokkarnir þrír ákveðið að bjóða aftur fram undir hans nafni. Þetta kemur fram í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Spurt var hvaða lista fólk myndi kjósa, byði R-listinn fram aftur. 48,9 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa R-listann en 47,8 prósent Sjálfstæðisflokkinn. 1,9 prósent sögðust myndu kjósa Frjálslynda flokkinn og 1,3 prósent eitthvað annað.

Ef þetta yrði niðurstaða kosninganna fengi Reykjavíkurlistinn átta borgarfulltrúa en Sjálfstæðisflokkur sjö. Aðrir fengju ekki borgarfulltrúa kjörinn. Taka verður þó tillit til þess að munurinn á milli fylgis R-listans og Sjálfstæðisflokks er innan skekkjumarka. Í sömu könnun var spurt hvaða lista fólk kysi, yrði boðað til kosninga nú. R-listaflokkarnir fengju samkvæmt henni 43,3 prósenta fylgi en Sjálfstæðisflokkur 53,5 prósent.

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir tvær túlkanir mögulegar. Annars vegar sé mögulegt að sameiginlegt framboð auki fylgi vinstriflokkana. Hins vegar, sem sé líklegra, geti mismunurinn verið vegna aðferðafræði skoðanakönnunarinnar, að óákveðnir séu fólk sem viti að það muni ekki kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en sé óákveðið hvern vinstri flokkanna það vill. „En það er langsamlega líklegast að það skili sér á einhvern vinstriflokkinn, þótt það sé ekki víst.“



NIÐURSTAÐAN Samkvæmt könnuninni héldi R-listinn völdum byði hann fram.

„Þetta sýnir að Reykvíkingar hafa kunnað betur að meta hið góða starf Reykjavíkurlistans síðustu tólf árin en ýmsir þeirra sem að þeim viðræðum komu,“ segir Páll Halldórsson, formaður fulltrúaráðs Samfylkingarfélaganna í Reykjavík. Svandís Svavarsdóttir, formaður Vinstri grænna í Reykjavík, segir þetta til marks um að stuðningsmenn R-listans hafi ekki gert upp hvaða flokk þeir muni kjósa.

- ss/ grs sjá síðu 12

Hélt sukkveislu:

Prinsessan verður hýdd

SVASÍLAND, AP Sikhanyiso prinsessa í Svasílandi hefur komið sér í vandræði eftir að upp komst að hún hélt veislu með félögum sínum til þess að fagna því að stúlkur undir átján ára aldri mættu stunda kynlíf.

Málið er litið sérstaklega alvarlegum augum þar sem teitið fór fram meðan á hinni fornu umchwasho-hátíð stóð en þá dansa hreinar meyjar fyrir konunginn og velur hann sér eiginkonu úr þeirra hópi. Hátíðin var endurvakin fyrir nokkrum árum til þess að hvetja til skírlífis en alnæmi er alvarlegt vandamál í landinu.

Prinsessan verður að líkindum hýdd fyrir athæfið. ■

HREIÐAR MÁR OG SIGURÐUR Hlutabréf í eigu forstjórans og stjórnarformannsins hafa hækkað um 700 milljónir króna.

Fjórtán lykilstjórnendur:

Græða hálfan þriðja milljarð

VIÐSKIPTI Fjórtán lykilstjórnendur í KB banka hafa hagnast um 2,5 milljarða á hlutabréfaeign sinni í bankanum frá áramótum. Þar af hafa hlutabréf í eigu Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra KB banka, og Sigurðar Einarssonar stjórnarformanns hækkað samanlagt um 700 milljónir króna.

Starfsmenn KB banka áttu um fimm prósent hlutabréfa í bankanum í lok síðasta árs, samkvæmt tölum úr ársreikningi fyrir árið 2004. Þannig má ætla að markaðsvirði bréfanna hafi hækkað um fimm milljarða ef reiknað er með því að eignarhluti starfsmanna hafi ekkert breyst.

Gengi KB banka hefur hækkað um 35 prósent frá áramótum og stendur nú í hæsta gildi frá upphafi.

- eþa / Sjá Markaðinn

Tekist á um völdin á aðalsafnaðarfundi í Garðasókn:

Um 700 manns á átakafundi

GARÐASÓKN Fjölmenni var á aðalsafnaðarfundi Garðasóknar í gær þar sem tekist var á um hvort sóknarnefnd, undir forystu Matthíasar G. Péturssonar, eða Hans Markús Hafsteinsson prestur nytu stuðnings sóknarbarna. Talið er að tæplega 700 manns hafi mætt á fundinn þar sem hart var tekist á.

Kosið var um þrjú sæti í sóknarnefnd sem ráða úrslitum um hvor réði ferðinni, gamla sóknarnefndin eða Hans Markús, sem biskup og kirkjumálaráðherra hafa úrskurðað að skuli fluttur um set. Atkvæði höfðu ekki verið talin þegar Fréttablaðið fór í prentun en talið var að sóknarnefndin hefði sigur.

Fyrr um kvöldið lögðu stuðningsmenn Hans Markúsar fram tillögu um að sóknarnefndin viki. Þá var borin upp tillaga um að vísa þeirri tillögu frá og var hún samþykkt með 318 atkvæðum gegn 170, tólf seðlar voru auðir.

- hb

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SÓKNARBÖRN MÆTA Á FUNDINN Tæplega 700 sóknarbörn mættu á aðalfund í Garðasókn.

KEMUR Á MORGUN Í SKÍFUNA!

Leikir. Kvikmyndir. Tónlist. Ljósmyndir.
PlayStation Portable.
www.yourpsp.com

SKÍFAN

...skemmtir þér ;)

SPURNING DAGSINS

Addi, er þetta til að slá í gegn?

„Já, ég læt alla vega ekki slá mig út af laginu.“

Addi Fannar í Skítamóral stefnir á að fá svarta beltið í karate innan tveggja ára.

Rjúpnaveiðar leyfðar á ný en veiðitíminn styttur úr tíu vikum í sjö:

Veiðimenn hvattir til hófsemi

UMHVERFI Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að leyfa rjúpnaveiðar á ný.

Reglugerð umhverfisráðuneytisins um rjúpnaveiðar er í samræmi við tillögur Umhverfisstofnunar, nema að veiðitíminn er samræmdur. Veiðitímabilið verður frá 15. október til 30. nóvember, sem eru sjö vikur í stað tíu vikna áður. Auk reglugerðarinnar verða veiðimenn hvattir til að gæta hófs í veiðum með sérstöku átaki.

Sölubann veiðibráðarinnar er enn í gildi. „Það kemur sjálfsagt engum á óvart,“ sagði Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra á blaðamannafundi í gær. Talið er að fimm til tíu prósent rjúpnaveiðimanna hafi veitt um helming allra rjúpna, og taka á fyrir það. Enn fremur er bann við notkun fjórhjóla, vélsleða og annarra torfærutækja ítrekað í reglugerðinni.

Markmið ráðuneytisins er að veiðin verði innan við 70.000 fuglar og ljóst var af blaðamannafundinum í gær að menn reiða sig í raun á ábyrgðartilfinningu veiðimanna. „Ég ætlast til að veiðimenn skili inn réttum tölum á veiðiskýrslum,“ sagði Sigríður.

Þessar reglur eru settar til reynslu í eitt ár og árangurinn verður hafður til hliðsjónar haustið 2006. - grs

RJÚPNAVEIÐAR LEYFÐAR Á NÝ Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hefur leyft rjúpnaveiðar frá 15. október.

Ný lög boðuð:

Ofbeldisklám verður bannað

LUNDÚNUM, AP Breska ríkisstjórnin hyggst leggja fram lagafrumvarp þar sem varsla ofbeldistengds kláms verður gerð refsiverð. Bretland yrði fyrst Vesturlanda sem bannaði slíkt.

Kveikjan að banninu er morð á konu sem var kyrkt af kunningja sínum. Hann viðurkenndi að sækja mjög í slíkt klámefni. Samtök sem berjast gegn klámi fögnuðu fréttunum en baráttuhópar fyrir skoðanafrelsi segja ekkert benda til þess að ofbeldisklám leiði af sér ofbeldishegðun.

Auk ofbeldiskláms yrðu dýraklámmyndir og myndir af nárið lum ólöglegar. ■

HÓTEL NÝHÖFN Hótelgisting er mun ódýrari í Kaupmannahöfn en Stokkhólmi.

Kaupmannahöfn:

Hótelgisting sögð of ódýr

DANMÖRK Að mati samtaka hótela og veitingahúsa í Danmörku er hótelgisting í Kaupmannahöfn of ódýr.

Samtökin vilja beita sér fyrir hærra verði til þess að bæta hag hótela sem mörg hver eiga við fjárhagsvanda að stríða. Í dag kostar næturgisting á fjögurra stjörnu hóteli að jafnaði 2.000 krónum meira í Stokkhólmi en í Kaupmannahöfn.

Stóraukið framboð á gistirými telja samtökin helstu ástæðuna fyrir þessu lága verði. Einnig hafa viðskiptaferðalög minnkað eftir hryðjuverkaárásinar í New York 2001 og hár virðisaukaskattur í Danmörku kemur jafnframt niður á hótelunum. - ks

ARON PÁLMI

ENN Í HALDI Aron Pálmi Ágústsson var enn í haldi þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld, en þá voru skrifstofur í Texas í þann veginn að fara að loka. Hann hafði engin tíðindi fengið af því að hann fengi lausn úr haldi en búist er við hann fái frelsi á næstu dögum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

MEÐ SJÚKRABÍL Í BÆINN Ekið var á gangandi vegfaranda á Austurvegi á Selfossi klukkan hálfsex síðdegis í gær. Meiðslin voru ekki alvarleg en hann var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur til skoðunar og aðhlynningar.

Rannsókn getur leitt til skaðabótamála

Landlæknisembættið er að hefja rannsókn á afleiðingum aukaverkana gigtarlyfsins Vioxx hérlendis. Hæstaréttarlögmaður segir niðurstöður hennar geta leitt til málshöfðunar af hendi þeirra sem notuðu Vioxx og fengu hjartaáfall.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið er að hefja rannsókn á hugsanlegri fylgni milli notkunar verkjalyfsins Vioxx og aukinnar tíðni hjartaáfalla og kransæðasjúkdóma hér á landi. Sigurður Guðmundsson landlæknir hefur í höndunum tilkynningar frá fimm gigtarsjúklingum sem tóku lyfið og fengu hjartaáfall.

Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður segist ekki myndu hika við að leita ráða hjá bandarískum lögmanni um bótarétt hefði hann sannanlega orðið fórnarlamb aukaverkana lyfsins, sem nú hefur verið tekið af markaði. Hann segir að málshöfðun geti hugsanlega grundvallast á niðurstöðum rannsóknar Landlæknis bendi þær til ofangreindrar fylgni. Stefán Geir vann á vormánuðum skaðabótamál sem kona höfðaði á hendur lyfjafyrirtækinu GlaxoSmithKline ehf. og Líf hf. Hún varð alvarlega veik vegna aukaverkana sem hún hlaut af töku lyfsins Lamictal.

Stefán Geir bendir á að fyrirtækið sem framleiddi Vioxx sé bandarískt og verði fyrst og fremst sótt fyrir bandarískum dómstólum á grunni bandaríska laga. Ef fyrirtækið yrði dæmt bótaskylt í heimalandinu fengjust margfalt hærri bætur en ef höfðað yrði mál á hendur dótturfyrirtækis þess Merck, Sharp og Dohme á Íslandi. Að auki væri ekki hægt að fullyrða um bótaskyldu íslenska fyrirtækisins.

Fyrsti skaðabótadómurinn hefur nú fallið í Texas á framleiðanda Vioxx, Merck & Co í Bandaríkjunum. Ekkju manns sem lést eftir að hafa notað Vioxx voru dæmdar skaðabætur sem nema 16 milljörðum króna. Þá hefur fólk í öðrum Evrópulöndum lýst því yfir að það hyggist lögsækja fyrirtækið.

Stefán Geir segir að lögin um skaðsemisábyrgð gildi um skaðabótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem þeir hafi framleitt eða dreift. Hugtakið „ágalli“ geti birst í ýmsum myndum. Vara sé haldin ágalla sé hún ekki eins örugg og hefði mátt vænta eftir öllum aðstæðum. Í Glaxo-málinu hefði ágallinn varðað ófullnægjandi viðvörunarmerkingar með lyfinu.

jss@frettabladid.is

SIGRI FAGNAÐ Carol Ernst og Mark Lanier, lögmaður hennar, fögnuðu sigri þegar lyfjafyrirtækið Merck, framleiðandi Vioxx, var dæmt til að greiða andvirði 16 milljarða króna í skaða- og miskabætur vegna andláts eiginmanns Carol.

GIGTARLYFIÐ Aukaverkanir Vioxx hafa þegar leitt til þess að framleiðandinn hefur verið dæmdur til að greiða skaðabætur. Fleiri málshöfðanir eru í farvatninu.

MYND/AP

ÓPÍUMAKRAR VAKTAÐIR Allt að tuttugu ár gæti tekið að koma alfarið í veg fyrir ópíumframleiðslu í Afganistan.

Ópíum í Afganistan:

Framleiðslan heldur áfram

AFGANISTAN, AP Framleiðsla á ópíum í Afganistan hefur einungis dregist saman um tvö prósent þrátt fyrir átak stjórnvalda þarlendis. Tekist hefur að minnka ræktarland um fimmtung en sökum óvenju hagstæðra veðurskilyrða gengur þeim sem enn rækta valmúa vel að halda framleiðslunni uppi.

Antonio Maria Costa, yfirmaður stofnunar Sameinuðu þjóðanna gegn fíkniefnum og glæpum, segir að erfitt geti reynst að koma alfarið í veg fyrir ópíumframleiðslu í Afganistan, allt að tuttugu ár geti tekið að uppræta ræktunina. ■

LÓÐAÚTHLUTANIR

VILJA BREYTA REGLUM Bæjarstjórn Kópavogsbæjar vísaði í gær tillögu Samfylkingar um breyttar úthlutunarreglur um úthlutun byggingaréttar til bæjarráðs.Samkvæmt breytingunum á að draga skilyrðislaust milli jafnhæfra umsækjenda og afmarkað er með skýrari hætti eftir hvaða þáttum umsækjendur séu metnir.

DÓMSMÁL

GÆSLUVARÐHALD STAÐFEST Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald til föstudags yfir pilti sem ákærður er fyrir að hafa stungið annan pilt tvívegis í bakið með hnífi í miðborg Reykjavíkur. Árásina gerði hann skömmu eftir að formlegri dagskrá Menningarnætur lauk.

23 ára maður sem banaði öðrum manni á Hverfisgötu:

Mótmælti ekki frekara gæsluvarðhaldi

DÓMSTÓLAR Sigurður Freyr Kristmundsson, sem játað hefur að hafa banað manni með hnífi að morgni 19. ágúst, mótmælti ekki úrskurði um frekara gæsluvarðhald yfir honum til 22. nóvember.

Gæsluvarðhaldið og þrjár aðrar ákærur á hendur Sigurði voru teknar fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Sigurði Frey, sem er 23 ára gamall, er gefið að sök að hafa tekið við tveimur gullhringum, að verðmæti tæpar 24.000 krónur, af ótilgreindum manni í byrjun desember síðastliðinn, en þeim hafði verið stolið úr úra og skartgripaverslun. Þá er hann ákærður fyrir að hafa í nóvember í fyrra ekið bifreið án réttinda og undir áhrifum slævandi lyfja og fyrir að hafa síðar sama mánuð, selt tvo falsaða tékka en upphæð hvors þeirra hafði verið breytt úr 5.000 krónum í 50.000 krónur.

MYND/ANTON BRINK

ÁRÁSARMAÐUR FÆRÐUR FYRIR DÓMARA Sigurður Freyr Kristmundsson, sem játað hefur að hafa orðið manni að bana með hnífi í íbúð á Hverfisgötu í Reykjavík fyrr í mánuðinum, mótmælti ekki frekara gæsluvarðhaldi fyrir dómi í gær.

Ákærurnar þrjár voru dómteknar, en að sögn Sveins Andra Sveinssonar, er dóms að vænta í þessum málum mánudaginn 8. september.

- óká

NÝJUNG

Nú getur þú sótt um Íbúðalán SPRON á www.spron.is. Einfalt og pappírslaust

4,15% Íbúðalán SPRON

öllum opin

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Viltu endurfjármagna?

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

Ertu að kaupa íbúð?

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

Himinn og hal / SIA

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 30.08.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,31	63,61
Sterlingspund	GBP	113,01	113,55
Evra	EUR	77,13	77,57
Dönsk króna	DKK	10,34	10,4
Norsk króna	NOK	9,731	9,789
Sænsk króna	SEK	8,262	8,31
Japanskt jen	JPY	0,568	0,5714
SDR	XDR	92,4	92,96

Gengisvísitala krónunnar

108,05 -0,15%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn einn bruninn í híbýlum Afríkubúa í París:

Henti syninum út til að forðast eldinn

PARÍS, AP Sjö innflytjendur frá Fílabeinsströndinni létust þegar niðurnítt íbúðarhús í úthverfi Parísar brann til grunna í fyrrinótt, þar af fjögur börn.

Þetta er annar mannskæði bruninn í borginni í vikunni og sá þriðji síðan í apríl. Eftir þessa þrjá bruna þar sem samtals 48 hafa látist hefur kastljósinu verið beint að hrikalegum aðbúnaði sem fjöldi innflytjenda í París býr við.

Í brunanum í fyrrinótt var eitt fórnarlambanna sex ára gamall drengur sem lést þegar móðir hans fleygði honum út um glugga á fimmtu hæð til þess að reyna að bjarga honum frá eldsvoðanum. Lík móðurinnar, sem var þunguð, og þriggja ára gamallar systur drengsins fundust í rústunum þegar tekist hafði að slökkva eldinn.

Á sömu hæð fundu slökkviliðsmenn aðra fjölskyldu sem lést í brunanum, konu sem ólétt var af tvíburum, eiginmann hennar og tvö börn þeirra barnung.

Tveir karlmenn slösuðust mjög alvarlega við að stökkva út um glugga til þess að reyna að flýja eldinn. Ellefu þar til viðbótar, þar á meðal fimm slökkviliðsmenn, hlutu alvarlega áverka. **- oá**

MYND/AP

AF VETTVANGI BRUNANS Tvær fjölskyldur létust í brunanum, tvær ófrískar konur og fjögur börn.

Østerport-stöðin:

Lokað vegna sprengjuótta

DANMÖRK Østerport-lestarstöðinni í Kaupmannahöfn var lokað í tvo tíma í gær vegna sprengjuótta.

Síðdegis í gærdag fannst taska á stöðinni sem virtist hafa verið skilin þar eftir. Lögregla vildi ekki taka neina áhættu og ákvað hún að loka stöðinni á meðan rannsókn færi fram á innihaldi töskunnar. Hún innihélt þó ekkert skaðlegra en föt og því var stöðin opnuð á ný eftir tveggja tíma lokun.

Ótti við hryðjuverk hefur vaxið mjög í Danmörku að undanförnu enda hafa erlend hryðjuverkasamtök haft í hótunum við landsmenn vegna þátttöku Danmerkur í Íraksstríðinu. ■

MYND/VF/HBB

SLÖKKVILIÐSMENN AÐ STÖRFUM Greiðlega gekk að slökkva eldinn.

Eldur í Reykjanesbæ:

Kviknaði út frá brennsluofni

ELDUR Nokkrar skemmdir urðu á brennsluofni Kaffitárs í Njarðvík þegar eldur kviknaði út frá ofninum á níunda tímanum í gærmorgun. Slökkvilið var þegar kallað á vettvang og gekk greiðlega að slökkva eldinn sem borist hafði í loftstokk.

Að sögn Ástu Gunnarsdóttur, fjármálastjóra Kaffitárs, var framleiðslan komin í fullan gang síðar um daginn og ekki urðu neinar skemmdir á afurðum. **- oá**

Ekki fullgilt iðnnám:

Varað við skóla

MENNTUN Samtök iðnaðarins vara námsmenn við snyrtifræði- og hárgreiðslunámi Didrix spa-skóla. Skólinn sé ekki viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu og starfsemi hans brjóti jafnvel í bága við lög. Segja forsvarsmenn samtakanna dæmi þess að nemendur hafi greitt yfir hálfa milljón króna fyrir fram til skólans í þeirri trú að um iðnnám sé að ræða, en námið veitir engin starfsréttindi.

Lögfræðingur skólans vísar þessu á bug og segir samtökin ekki hafa kannað hvaða nám umbjóðandi sinn hafi boðið upp á.

Sömu aðilar ráku áður Snyrtiskóla Íslands sem var innsiglaður af tollstjóra í lok janúar 2003.

- grs

Vill sýknu vegna klúðurs í rannsókn

Verjandi 37 ára Litháa sem ákærður er fyrir að smygla brennisteinssýru til fíkniefnaframleiðslu segir brotalöm í rannsókn sjálfkrafa kalla á sýknudóm. Maðurinn neitar sök og segist hafa ætlað að eiga hér ástarfund.

„Með ólíkindum er að ákært hafi verið á grundvelli þessara gagna," sagði Guðrún Sesselja Arnardóttir, verjandi Litháa sem ákærður er fyrir að smygla hingað brennisteinssýru í tveimur áfengisflöskum, alls 1,7 lítrum. Hún sagði í lokaávarpi sínu í Héraðsdómi Reykjaness í gær að ekki hefðu verið færðar fullar sönnur á því að í flöskunum hafi í raun verið brennisteinssýra og að brotalöm í rannsókn kallaði sjálfkrafa á sýknudóm.

Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði við Háskóla Íslands, sagði fyrir dómi að einungis hefði verið beðið um efnagreiningu með tilliti til fíkniefna, en engin slík hefðu fundist í vökvanum. Hann sagði sterkar líkur til að efnið væri brennisteinssýra, en einungis voru framkvæmd tvö af fjórum prófum sem skorið hefðu úr um það með vissu. Fram kom að efnið væri nauðsynlegt við gerð amfetamínsúlfats, en væri einnig notað við framleiðslu fleiri fíkniefna. Þá kom fram að efnið er notað í margs konar iðnaði, við kennslu og á rafgeymum bíla.

Litháinn neitar sök og kveðst hafa ætlað að hitta hér viðhald sitt. Hann segist hafa talið að áfengi væri í flöskunum, en þær hafi hann keypt á útimarkaði í Póllandi, í einu af fjölmörgum stoppum á 800 kílómetra ferðalagi með rútu frá Litháen til Þýskalands. Hingað flaug hann frá Frankfurt mánudaginn 22. ágúst.

Maðurinn var að koma í sína fjórðu ferð til landsins, en í hin skiptin segist hann bara hafa verið hér sem ferðamaður. Hann er 37 ára gamall og kvaðst eiga eiginkonu og tólf ára dóttur í Litháen. Hann segir viðhaldið einnig vera frá Litháen, en hún mun vera gift öðrum, búsett í Lundúnum.

Sævar Lýðsson, fulltrúi sýslumanns sem sækir málið, kvað ólíkindabrag á frásögn Litháans, óþarft væri að burðast hingað með áfengi um langan veg og ótrúlegt að landið yrði fyrir valinu fyrir ástarfund af þessu tagi. Svo væri sýran svo miklu þyngri en áfengið að maðurinn hefði tekið eftir því. „Þegar fólk er í framhjáhaldi er ekkert ótrúverðugt við að það hittist í þriðja landi," sagði hins vegar Guðrún Sesselja .

Dómur verður kveðinn upp í dag. **olikr@frettabladid.is**

SMYGLVARNINGUR Vökvinn var í tveimur áfengisflöskum, 710 ml Ballantines viskíflösku og 990 ml flösku af Martini Extra Dry.

JÓHANN BENEDIKTSSON SÝSLUMAÐUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Guðrún Sesselja Arnadóttir, verjandi Lítháans, finnur að meðferð málsins. Hún bendir á að þótt lögregla hafi heyrt sögusagnir um smygl á hálfunnu amfetamíni frá Póllandi, sem síðan væri fullunnið með brennisteinssýru sem smyglað væri eftir á, þá sé ekkert í þeim efnum sem hönd á festir.

Fjórir handteknir:

Grunaðir um morð á Hariri

BEIRÚT, AP Fjórir menn hafa verið hnepptir í varðhald vegna morðsins á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, 14. febrúar síðastliðinn.

ALI HAJJ Grunaður um aðild að morðinu á Rafik Hariri.

Rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna rannsakar nú sprengjutilræðið sem kostaði Hariri og tuttugu aðra lífið og í gær var ákveðið að handtaka fjóra menn vegna málsins. Þeir koma allir úr forsetalífverðinum og eru sagðir mjög hliðhollir sýrlenskum stjórnvöldum.

Hariri barðist ákaft gegn afskiptum Sýrlendinga af líbönskum innanríkismálum. Morðið á Hariri hratt af stað mikilli mótmælaöldu sem á endanum leiddi til þess að Sýrlandsher varð að hafa sig á brott. ■

Kosningar í Egyptalandi:

Óttast ofbeldi

EGYPTALAND, AP Forsætisráðherra Egyptalands, Ahmed Nazif, segir væntanlegar forsetakosningar mikilvægt skref í átt að lýðræði í landinu. Engu að síður hafa verið háværar gagnrýnisraddir sem segja kosningarnar eins og hverja aðra leiksýningu og nær öruggt að Hosni Mubarak verji sæti sitt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

AHMED NAZIF Segir væntanlegar forsetakosningar mikilvægt skref í átt að lýðræði.

Kosið verður 7. september og verður það í fyrsta skipti sem Egyptar kjósa sér forseta á lýðræðislegan hátt. Óttast er að kosningarnar geti orðið nokkuð ofbeldisfullar og verður öryggisgæsla í hámarki. ■

VEÐRIÐ

HANGIR VÆNTANLEGA ÞURR Í BORGINNI
Horfur dagsins eru svona la la!! Það má búast við einhverri vætu í flestum landshlutum þó að norðausturhornið verði trúlegast þurrast. Enn fremur er ég að gera því skóna að hann **hangi** þurr í höfuðborginni og á Suðurlandi.

BERJAVEÐUR UM HELGINA??
Já, allténT á vesturhelmingi landsins ef marka má spár. Þar verður þurrt og vindur hægur en votviðrasamt á austurhelmingnum. Hiti 5-10 stig.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Á morgun



Nokkur vindur vestan til, annars hægur vindur.

Föstudagur



Hæg breytileg átt.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	20°C	heiðskírt	París	33°C	heiðskírt	Alicante	27°C	alskýjað
Ósló	15°C	hálfskýjað	Berlín	30°C	heiðskírt	Milano	27°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	19°C	heiðskírt	Frankfurt	30°C	heiðskírt	New York	30°C	hálfskýjað
Helsinki	17°C	heiðskírt	Madrid	36°C	heiðskírt	San Francisco	20°C	heiðskírt
London	30°C	heiðskírt	Barcelona	28°C	heiðskírt	Orlando/Florida	32°C	skúrir

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÚTSALA

Parket með **20-50%** afslætti

Gegnheilt parket frá 1.990 kr. m^2

Plankaparket, olíuborið frá 3.900 kr. m^2

Spónlagt parket frá 2.390 kr. m^2

Náttúrusteinn með 25% afslætti

Útihurðir með 15% afslætti

Flott fyrir þig!

Dalvegi 18 Kópavogi, sími: 564 3500 **www.parki.is**

Parki
INTERIORS

KJÖRKASSINN

Eru það mistök hjá R-lista flokkunum að bjóða fram hver í sínu lagi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	53,7%
Nei	46,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að stunda líkamsrækt í haust?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Tjón síðustu daga er talið nema andvirði 1.600 milljarða króna:

Katrín er orðin dýrasti fellibylur sögunnar

FELLIBYLUR Talið er nær öruggt að tjónið vegna fellibylsins Katrínar sé það mesta sem orðið hefur af völdum óveðurs. Olíuverð var enn afar hátt í gær og skreið verðið á fatinu yfir sjötíu dali annan daginn í röð.

Bandarísk tryggingafélög hafa undanfarin misseri þurft að reiða fram fúlgur fjár vegna fellibylja. Á síðasta ári gengu fjögur slík fárviðri yfir landið og námu bótakröfur um 1.500 milljörðum króna. Allt útlit er fyrir að tjónið sem Katrín olli nemi allri þeirri fjárhæð.

AIR Worldwide Corp, áhættugreiningarfyrirtæki í Boston, telur að skemmdir síðustu daga í ríkjunum sem verst urðu úti í storminum kosti um 1.700 milljarða króna að bæta. RA München, stærsta endurtryggingafélag heims, álítur tjónið vera á bilinu 1.000-1.500 milljarðar og upphaflegar áætlanir fyrirtækisins Eqecat Inc. gerðu ráð fyrir 2.000 milljörðum. Fyrirtækið lækkaði þó matið þegar ljóst varð að skemmdirnar urðu ekki eins miklar og útlit var fyrir. Reynist þessar spár réttar er útlit fyrir að Katrín skjóti fellibylnum Andrési, sem geisaði árið 1992, ref fyrir rass en bótagreiðslur vegna hans námu 1.400 milljörðum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GEIGVÆNLEGAR SKEMMDIR Hlutabréf í tryggingafélögum hafa lækkað síðustu daga en bréf í verktakafyrirtækjum og byggingavöruverslunum hafa af augljósum ástæðum hækkað.

Þá var olíuverð í gær enn í hámarki vegna ofviðrisins en fatið fór upp í rúma sjötíu dali á mörkuðum í New York. Olíuverð er nú helmingi hærra en það var fyrir ári. **- shg**

MYND/AP

SKJÓLS LEITAÐ Á sunnudaginn vildu allir komast inn á leikvanginn en nú vilja allir fara þaðan og það sem fyrst.

Louisiana Superdome:

Óþreyjan vex

NEW ORLEANS, AP Risið á fólkinu sem leitaði skjóls undan Katrínu á leikvanginum Louisiana Superdome var orðið verulega lágt í gær.

Mikill hiti og raki myndaðist í höllinni þar sem loftræsting hennar virkaði ekki vegna rafmagnsleysis og óþrifnaður og rusl var farið að valda vandamálum. „Mér er sama hversu illa farið húsið mitt er, það getur ekki verið verra en þetta," sagði Ruby Jackson, 56 ára, önug á svip.

Vonleysið óx enn þegar fréttist hversu miklar skemmdirnar væru og líklega kæmist enginn heim fyrr en í fyrsta lagi á mánudaginn. Höllin er umflotin vatni og því kemst enginn lönd né strönd. ■

FELLIBYLURINN

BUSH STYTTIR SUMARFRÍIÐ
George W. Bush Bandaríkjaforseti lýkur sumarfríi sínu og heldur til Washington í dag, tveimur dögum fyrr en hann áformaði, til að leggja sitt af mörkum til að neyðaraðstoð alríkisstjórnarinnar komist sem fyrst til skila.

RAUÐI KROSSINN STÓRTÆKUR
Rauði kross Bandaríkjanna hefur hrundið af stað umfangsmestu neyðaraðstoð í sögu samtakanna. Aðstoðin er sögð víðtækari en neyðaráætlanir vegna síðustu fjögurra fellibylja samanlagðar. Að sögn CNN dvelja 75.000 manns í neyðarskýlum samtakanna og vistir og lyf hafa verið send á hamfarasvæðin.

ÆTTARÓÐALIÐ HORFIÐ
Anne Andersson frá Gulfport, Mississippi, var niðurbrotin þegar hún frétti að heimili fjölskyldu sinnar síðustu 150 árin hefði gjöreyðilagst. „Við áttum forna dýrgripi en samt mun ég sakna þess mest að geta ekki fylgst með döguninni og sólsetrinu af veröndinni hjá mér," sagði hún tárvot í samtali við NBC sjónvarpsstöðina.

MYND/AP

GRIPDEILDIR Í NEW ORLEANS Vatn flæddi um alla New Orleans-borg eftir að skarð kom í flóðgarð sem lá að Pontchartain-vatni. Það aftraði ekki óprúttnum ræningjum frá því að ræna og rupla í yfirgefnum verslunum.

Hátt í hundrað manns eru taldir hafa farist

Óttast er að allt að hundrað manns hafi týnt lífi þegar fellibylurinn Katrín gekk yfir sunnanverð Bandaríkin í fyrradag. Margir mánuðir geta verið þangað til fólk fær að snúa aftur til heimila sinna.

FELLIBYLUR Talið er að hátt í hundrað manns hafi farist í hamförunum sem dundu yfir sunnanverð Bandaríkin þegar fellibylurinn Katrín gekk þar á land. Fólk hefur farið ránshendi um verslanir og önnur fyrirtæki og hefur útgöngubann verið sett á.

Þegar eldaði af degi á hamfarasvæðunum í Louisiana og Mississippi í gærmorgun kom í ljós hvílík eyðilegging hafði átt sér stað. Tré höfðu rifnað upp með rótum, hús fokið eins og spilaborgir og raflínur höfðu slitnað. Skarð kom í flóðgarð í New Orleans og tók vatn úr Pontchartainvatni því að flæða um alla borgina. Dælur gáfu sig undir álaginu og varð því vatnsborðið í miðborginni allt að eins metra djúpt.

Í Louisiana er óttast að margir hafi týnt lífi en alls hafa fimm lík fórnarlamba Katrínu fundist þar. Mesta manntjónið virðist hins vegar hafa orðið í Mississippi þar sem í það minnsta 80 manns eru sagðir hafa farist. Er búist við að tala látinna muni hækka enn. „Mér finnst leitt að segja þetta en það lítur út fyrir að mjög mannskæður harmleikur hafi átt sér stað," sagði Haley Barbour ríkisstjóri. Í bænum Biloxi í Mississippi dóu þrjátíu manns sem festust inni í íbúðarhúsi og líkti A. J. Holloway bæjarstjóri atburðinum við flóðbylgjuna miklu í Indlandshafi annan dag jóla.

Talið er að tugþúsundir íbúa hamfarasvæðanna muni ekki getað snúið til síns heima fyrr en eftir marga mánuði. Að sögn Mike Brown, forstjóra Almannavarnastofnunar Bandaríkjanna, verður mjög hættulegt að fara inn á flóðasvæðin eftir að vatnið hefur sjatnað vegna smithættu frá rotnandi dýrahræjum og hættu á eitrunum frá eiturefnum sem lekið hafa út í umhverfið við flóðin.

Í gær hófust svo miklar gripdeildir í New Orleans og Biloxi, stundum beint fyrir framan nefið á lögreglu- og hermönnum. Fólk með fangið fullt af matvöru, fatnaði og bleyjum hélt því fram að ekki væri um þjófnað að ræða heldur einfaldlega örþrifaráð til að bjarga lífi sínu og sinna. Ránskapurinn var þó langt í frá bundinn við slíkan varning því skartgripum, hljómtækjum og áfengi var líka stolið blygðunarlaust.

Veðurfræðingar segja að á næstu dögum muni Katrín fikra sig norður eftir landinu. Þótt mjög hafi dregið úr vindinum fylgir veðrinu gífurleg úrkoma og er búist við hinu versta í Ohio og Tennessee. **sveinng@frettabladid.is**

Katrín eirði engu á leið sinni

Fellibylurinn Katrín gekk yfir Flórída í síðustu viku og hélt þaðan út á Mexíkóflóa, þar sem henni óx enn styrkurinn. Í fyrradag tók Katrín svo land á strönd Louisiana og hélt þaðan til Mississippi og Alabama, þar sem hún olli miklum skaða á mönnum og munum.



www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

5. – 8. september

Að stofna og hanna verslun

Í tengslum við viðskiptavininn

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á stofnun og rekstri verslunar. Námskeiðið höfðar einnig til þeirra sem hafa nú þegar stofnað verslun en vilja bæta við sig þekkingu og ná meiri árangri.

Þátttakendur takast á við hagnýt verkefni og læra að móta viðskiptaáætlun fyrir verslunarrekstur. Lögð er sérstök áhersla á mótun hugmynda og framsetningu vara til að ná sem mestum árangri á markaði.
Námskeiðið er samtals 16 klst.

Verð 39.000 kr,-

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ÚTSÖLULOK

kl. 16:00 á laugardag

Nú hækkum við afsláttinn í allt að

75%

Tvöfaldur LG íssk./frystir, kámfrítt stál, flýtihurð o.fl.
~~kr. 329.900.-~~ 229.900.-

Edesa uppþvottavél sú vinsælasta í dag
~~kr. 54.900.-~~ 39.900.-

LG Tölvuskjáir á frábæru verði!

Life's Good

Verðdæmi

Edesa þvottavél 1200 sn.
~~kr. 64.900.-~~ 39.900.-

2 tæki saman
1 lágt verð

Nardi stálofn og Nardi helluborð
Bæði tækin saman
Hvítt kr. 56.800.-
Stál kr. 69.900.-

Nardi stálskápur með kámvörn
~~kr. 111.900.-~~ 69.900.-
Hæð/breidd/dýpt: 181/60/60cm

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 •ri@ri.is

LG Life's Good

Gerðu betri kaup!

Opið
virka daga 9-18, laugardaga 11-16

K O R T E R

Tölvunám eldri borgara

Grunnur
30 kennslustunda byrjendanámskeið fyrir 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 6. september
og lýkur 27. september.
Kennt er þriðjudaga
og fimmtudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,-
Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I
30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í Word. Framhaldsæfingar í Internetinu og tölvupósti auk þess sem stafrænar myndavélar verða kynntar.

Kennsla hefst 5. september og lýkur 26. september. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,-

Framhald II
30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrra framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra.

Kennsla hefst 5. september og lýkur 26. september.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 17.000,-

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Væringar í Likud-bandalaginu magnast enn:

Netanyahu skorar Sharon á hólm

JERÚSALEM, AP Benjamín Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, hefur boðið sig fram gegn Ariel Sharon, núverandi forsætisráðherra, í formannskosningum í Likud-bandalaginu.

Ólga hefur verið í flokknum vegna rýmingar landnemabyggða á Gaza-ströndinni og á dögunum yfirgaf Netanyahu ríkisstjórnina. Í gær ákvað hann hins vegar að skora Sharon á hólm eftir að sá síðarnefndi sagði hann óstöðugan og taugaveiklaðan.

„Maðurinn sem stuðningsmenn Likud-bandalagsins greiddu atkvæði sitt sneri við þeim bakinu. Við verðum að reisa flokkinn við og fylgja þeirri stefnu sem Sharon hefur traðkað á," sagði Netanyahu þegar hann lýsti yfir framboði sínu.

HARÐLÍNUMAÐUR Benjamín Netanyahu sakar Ariel Sharon um að hafa traðkað á hugsjónum og stefnumálum flokksins.

Um þessar mundir er staða Netanyahu innan flokksins talin sterkari en staða Sharons og fari svo að forkosningar verði haldnar síðla næsta mánaðar gætu dagar Sharons í Likud-bandalaginu verið taldir. Sharon er hins vegar álitinn græða á því að kosningabaráttan dragist á langinn.

Háttsettir félagar í flokknum eru allt annað en ánægðir og telja deilurnar geta orðið til þess að Likud hrökklist frá völdum. „Ég hef aldrei séð pólitískt hópsjálfsmorð framið með jafn glöðu geði," sagði Meir Shetreet, bandamaður Sharons.

Kosningar í Ísrael verða haustið 2006. **- shg**

Tveir piltar ákærðir:

Kona myrt í skírnarveislu

BRETLAND Tveir unglingspiltar hafa verið ákærðir fyrir morðið á Zainab Kalokoh, 33 ára gamalli konu frá Lundúnum. Þeir eru sagðir hafa skotið hana í höfuðið þar sem hún hélt á barni sínu í skírnarveislu í Suður-Lundúnum um helgina. Piltarnir sem eru 14 og 16 ára komu fyrir dóm í gær.

Vitni segja unglingana hafa ruðst inn og skotið og öskrað á gesti áður en þeir tóku töskur, farsíma og vínflöskur af veislugestum. Barnið sem Kalokoh hélt á sakaði ekki. ■

ELDSVOÐI

ENN HALDIÐ SOFANDI Líðan konu sem hlaut alvarleg brunasár og varð fyrir reykeitrun í eldsvoða í Stigahlíð að síðasta laugardag er enn óbreytt að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Konunni er haldið sofandi í öndunarvél. Miklar skemmdir urðu á íbúðinni, en aðrir íbúar gátu forðað sér.

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON BORGARFULLTRÚI Árni gefur kost á sér í annað sæti lista Vinstri grænna í höfuðborginni, en það telst baráttusæti.

Árni Þór vill baráttusætið

Árni Þór Sigurðsson sækist eftir öðru sæti á lista Vinstri grænna og segist vilja skipa baráttusætið. Gangi þetta eftir skipar kona fyrsta sæti listans.

STJÓRNMÁL Árni Þór Sigurðsson, Vinstri grænum, sem skipaði efsta sæti R-listans í síðustu borgarstjórnarkosningum, hefur ákveðið að gefa kost á sér í annað sæti lista Vinstri grænna fyrir borgarstjórnarkosningarnar næst vor.

„Við teljum raunhæft að fylgi Vinstri grænna sé á bilinu 10 til 15 prósent í höfuðborginni. Við þurfum um tólf til þrettán prósent til að ná inn tveimur mönnum. Þetta er því baráttusæti," sagði Árni Þór þegar hann kynnti ákvörðun sína í gær.

Vinstri hreyfingin grænt framboð hefur ákveðið að halda prófkjör í Reykjavík 1. október næstkomandi. Gert er ráð fyrir því að bjóða fram svonefndan fléttulista þar sem hlutfall kvenna og karla verður jafnt.

„Með þessari ákvörðun minni er ég um leið að greiða götu þess að kona skipti efsta sæti listans og væri að því bæði sómi og reisn fyrir V-listann," segir Árni Þór.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er víst að Svandís Svavarsdóttir gefi kost á sér í efsta sæti listans en Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hefur einnig verið orðuð við efstu sætin.

„Við ætlum að leggja mikið undir. Ég er sjálfur að leggja mikið undir með ákvörðun minni. Ef flokksmenn verða sammála mér um þessa ákvörðun í prófkjörinu eru þeir einnig að segja að allt kapp verði lagt á það að ná inn tveimur mönnum."

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR Miklar líkur eru taldar á að Svandís bjóði sig fram í fyrsta sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík.

Í könnun Fréttablaðsins um helgina mældist fylgi Vinstri grænna tæp níu prósent, en til þess að ná inn tveimur mönnum þarf V-listinn að fá 12-13 prósenta fylgi eins og áður segir.

johannh@frettabladid.is

Tveggja manna leitað eftir íkveikju:

Brennuvargar bönuðu barni

BRETLAND Tveir karlmenn réðust inn í hús í Newcastle á sunnudagskvöldið, rotuðu þar konu sem þar bjó og kveiktu svo í. Konan vaknaði skömmu síðar, bundin á höndum, en þá var mikill reykur í íbúðinni. Henni tókst að hringja eftir hjálp með því að þrýsta tungunni á símahnappana en jafnframt æpti hún út um bréfalúguna. Fjögurra mánaða gamall sonur konunnar dó hins vegar í brunanum.

Mannanna tveggja er nú ákaft leitað en lögregla segir útilokað að þeir hafi ekki vitað af litla barninu þar sem það grét hástöfum. Ekki er vitað um tilefni þessa óhæfuverks en öruggt er að mennirnir verði ákærðir fyrir morð. ■

Lokaútkall í næstu viku

Takmarkað framboð
Fyrstur kemur - fyrstur fær!

Brottfarir í næstu viku

Flug	Til	Brottför	Hlið	Ath.
FI 940	Portúgal, Brisa Sol	5. sept.	4	Lokaútkall
FI 964	Krít, Helios	5. sept.	2	Lokaútkall
FUA 9808	Mallorca, Club Royal Beach	7. sept.	1	Lokaútkall
FUA 9806	Costa del Sol, Aguamarina	8. sept.	6	Lokaútkall

Verð á mann
34.900 kr. í viku*

*Netverð á mann á ofangreinda áfanga- og gististaði.
Verð er óháð fjölda í íbúð, en lágmarksfjöldi í íbúð er 2.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 7 nætur og íslensk fararstjórn.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 29414 08/2005

VISA · Færð þú MasterCard ferðaávísun? · VR orlofsávísu Munið fe ávísunina

Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is
www.urvalutsyn.is

GOTT FÓLK McCANN

Leikur í HM 2006
milli Íslands og Króatíu
fer fram á Laugardalsvelli
laugardaginn 3. september
kl. 18:05.

Ísland:Króatía

6 villages for 2006
FIFA
www.sos-childrensvillages.org

STYÐJUM GOTT MÁLEFNI
SÖFNUNARSÍMI: 904 2006

	Forsala á Netinu til 1. september.	Forsala á völdum ESSO stöðvum 2. september.	Sala á leikdag 3. september.
Gamla stúka	3.000 kr.	3.000 kr.	3.500 kr.
Nýja stúka	2.000 kr.	2.000 kr.	2.500 kr.

Athugið að eingöngu verða seldir miðar í númeruð sæti.

Miðar geta selst upp í forsölu.

50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri í hvaða sæti sem er.

Hver aðgöngumiði er merktur ákveðnu sæti.
Sem fyrr er hægt að kaupa barnamiða
í hvaða sæti sem er.

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar
í báðum stúkum.
Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara
með drykkjarföng inn á völlinn.

KSI

HEKLA · LENGJAN · Esso · IH ICELANDAIR HOTELS · TM · KB BANKI · Coca-Cola · MasterCard · ICELANDAIR · Skyrr hf · Lappin · SYN · errea · Gott fólk McCann

Sextán til átján ára drengir ákærðir fyrir innbrot:

Strákarnir játuðu allir

DÓMSTÓLAR Fjórir drengir á aldrinum 16 til 18 ára játuðu allir fjölda innbrota og þjófnaða á höfuðborgarsvæðinu og víðar sem framdir voru á þessu og síðasta ári.

Sá fimmti, 18 ára gamall, sem ákærður er fyrir aðild að málum, mætti ekki við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Einn úr hópnum, 16 ára gamall, hefur setið í síbrotagæslu síðan í lok síðasta mánaðar. Honum er einnig gefið að sök hylmingarbrot fyrir að hafa keypt stolinn varning, bílaútvarpstæki, fartölvu og stafrænar myndavélar, af þremur öðrum og greitt fyrir með hassi. Fyrir fjögur bíltæki greiddi hann tíu grömm af hassi og fyrir fartölvuna sem metin er á yfir 200 þúsund krónur og myndavélarnar, tæp 24 grömm af hassi.

Þá koma einnig við sögu í málunum yngri drengir sem sökum aldurs sæta ekki ákæru.

Nokkrir ákæruliðanna, sem eru yfir tuttugu talsins, snúa að fjársvikum, umferðarlagabrotum og vörslu fíkniefna, bæði amfetamíns og kannabisefna. Þá gera í málinu tíu aðilar kröfu um skaðabætur sem hljóða upp á samtals rúmlega 4,1 milljón króna.

- óká

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR Fjórir af fimm strákum, sem meðal annars sæta ákærum fyrir fjölmörg innbrot á höfuðborgarsvæðinu, mættu þegar mál þeirra voru þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Lögregla á Húsavík blekkt:

Fannst sofandi eftir neyðarkall

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Húsavík fékk í fyrrinótt upphringingu frá manni sem sagðist vera í vanda staddur. Kallað var á björgunarsveitir og þegar hafin leit að manninum. Leitað var að honum í rúma þrjá tíma áður en hið sanna kom í ljós; að maðurinn lá heima í rúmi steinsofandi.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Húsavík hefur maðurinn áður komið við sögu lögreglu fyrir ýmsar sakir, þó ekki fyrir neitt þessu líkt. Hann sagði einnig að auðvitað væri óþægilegt þegar lögregla væri blekkt á þennan hátt.

- oá

Bændur tefja þarfar breytingar

Dýralæknar hyggjast herða enn baráttuna gegn garnaveiki í sauðfé. Markmið þeirra er að hægt verði að leggja bólusetningar af. Það hefði í för með sér minni kostnað, betri afurðir og betri meðferð á skepnunum.

LANDBÚNAÐUR Dýralæknar ætla að herða enn baráttuna gegn garnaveiki í sauðfé. Vonir þeirra standa til að hægt verði að leggja bólusetningu gegn veikinni af. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir smitsjúkdóma, kallar á samstöðu bænda og sveitarstjórna í málinu.

„Í haust var áformað, ef skilyrði væru til, að hætta bólusetningu á Austurlandi frá Jökulsá í Öxarfirði og Melrakkasléttu að Héraðsflóa og Kárahnjúkum. Jafnvel einnig frá Reyðarfirði og Hallormsstað til Berufjarðar," segir hann. „En svör bænda á þessum svæðum við könnun okkar á síðastliðnu vori eru þó svo dræm, að óvíst er að hætt verði að bólusetja í haust. Sveitarstjórnir og bændur verða að bregðast rösklegar við, ef það á að verða."

Að sögn Sigurðar er hætta á að veikin magnist upp þegar hætt er að bólusetja, sé hún enn til staðar, þótt engir eða fáir verði hennar varir meðan bólusett er. Þegar hætt er að bólusetja eykst hætta vegna smitefna sem flutt eru inn á slíkt svæði í hugsunarleysi og kæruleysi með heyi, skítugum gripaflutningabílum, landbúnaðartækjum og hestakerrum, sem sauðfé hefur verið flutt í.

„Öllu slíku er hægt að afstýra, ef menn sofna ekki á verðinum," segir Sigurður. „Allir verða að finna til ábyrgðar. Það hefur tekist á tilteknum svæðum hingað til, en þar má heldur ekki sofna á verði, þótt vel hafi gengið. Ávinningur við að geta hætt bólusetningu er mikill bæði í kostnaði við hana sem ekki þarf þá lengur að greiða, minni skemmdum á afurðum og betri meðferð á skepnunum."

Hann undirstrikar að veikin hafi verið upprætt á nokkrum svæðum, þar sem hún hafi áður verið útbreidd og valdið tjóni. Ef fylgt sé tilteknum varúðarreglum megi ætla að unnt verði, án umtalsverðrar hættu, að leggja niður bólusetningu gegn veikinni á einu svæði eftir annað þar til hún hefur verið upprætt.

jss@frettabladid.is

BETRI AFURÐIR Dýralæknar vilja útrýma garnaveiki, hætta bólusetningum og fá þar með betri afurðir af sauðfénu.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

GÓÐ CLINIQUE GJÖF

KAUPAUKI 5 HLUTIR!

Ef þú kaupir **tvo hluti eða fleiri** frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

100% ilmefnalaust

- Repairwear Intensive Eye Cream 5 ml
- Colour Surge augnskuggi Beige Shimmer
- High Impact maskari
- Colour Surge varalitur Pure Posh
- Moisture Glove handáburður 30 ml

*Á meðan birgðir endast

Útsölustaðir Clinique: Lágmúli, Smáratorgi, Smáralind, Laugarvegi, Spöng, Garðatorgi, Setbergi og Borgarnesi.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði
Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd -Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 29385 08/2005

Mávum hefur fjölgað mikið í höfuðborginni:

Skjóta eða svæfa mávana

SVEITARSTJÓRNARMÁL Mávum hefur fjölgað verulega í höfuðborginni í sumar og hefur borgaryfirvöldum borist óvenjumikið af kvörtunum vegna þessa. Þetta kom fram í svari frá umhverfissviði Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Gísla Marteins Baldurssonar, varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, á fundi umhverfisráðs borgarinnar.

Í svarinu kemur fram að ástæða fjölgunarinnar sé óljós og að til ýmissa aðgerða sé hægt að grípa til að fækka mávum. Þar á meðal er svæfing varpfugla á hreiðrum, eyðileggingu eggja, skotveiðar og fleira. Gísli Marteinn lagði til á fundinum að gripið yrði til nauðsynlegra aðgerða með það markmið að fækka mávi í borginni en ýmsir halda því fram að mávar ógni lífríki anda við tjörnina og hirði þá brauðmola sem borgarbúar færa öndunum. Umhverfisráð frestaði afgreiðslu málsins. - hb

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VIÐ TJÖRNINA Ágangur mávanna er mikill.

Reykjavíkurlisti fengi átta borgarfulltrúa

R-listinn fengi meiri stuðning Reykvíkinga nú, en flokkarnir sem að honum standa samanlagt, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Tæplega helmingur hefði stutt R-listann byði hann fram.

SKOÐANAKÖNNUN Ef samstarfsflokkar um Reykjavíkurlistann hefðu náð samkomulagi um að bjóða aftur fram í næstu borgarstjórnarkosningum hefði listinn fylgi 48,9 prósent Reykvíkinga, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 47,8 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og 1,9 prósent Frjálslynda. 1,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa eitthvað annað.

Væri þetta niðurstaða kosninga myndi R-listinn fá átta borgarfulltrúa, líkt og hann hefur nú. Sjálfstæðismenn fengju sjö borgarfulltrúa, í stað sex borgarfulltrúa sem þeir hafa nú og Frjálslyndi flokkurinn fengi engan borgarfulltrúa.

Í könnun sem Fréttablaðið birti á mánudag, um fylgi flokkanna í Reykjavík, kom fram að þeir flokkar sem nú mynda R-listann höfðu stuðning 43,3 prósent svarenda. 53,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og 2,2 prósent sögðust styðja Frjálslynda flokkinn. Heldur fleiri tóku afstöðu þegar spurt var hvaða lista fólk myndi kjósa, ef Reykjavíkurlistinn byði fram aftur, eða 64,9 prósent í stað tæplega 57 prósenta sem tóku afstöðu þegar spurt var hvaða lista fólk myndi kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú. Gæti það gefið til kynna að hluti óákveðinna, sem voru stuðningsfólk R-listans hafi ekki gert upp hug sinn, hvern af samstarfsflokkunum það kýs í næstu kosningum.

Nokkur munur var á afstöðu kynjanna. 49,5 prósent karla sögðust kjósa Sjálfstæðisflokk, en 45,9 prósent kvenna. Þá sögðust 45,1 prósent karla, sem gert höfðu upp hug sinn, kjósa R-listann, en 53,3 prósent kvenna. 2,9 prósent karla sögðust myndu kjósa Frjálslynda, en 0,8 prósent kvenna.

Sé litið til allra svarenda höfðu 24,9 prósent ekki gert upp hug sinn og sögðust óákveðin, 22,5 prósent karla og 27,3 prósent kvenna.

Könnun var gerð dagana 27. og 28. ágúst. Hringt var í 800 Reykvíkinga, skipt jafnt milli kynja og valið af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var: „Hvaða lista hefðir þú kosið, hefðu samstarfsflokkar um Reykjavíkurlistann náð samkomulagi um að bjóða aftur fram undir hans nafni?“ og tóku 64,9 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

VINSTRI GRÆNIR FUNDA UM FRAMTÍÐ REYKJAVÍKURLISTANS Tæplega fimmtíu prósent segjast myndu hafa kosið Reykjavíkurlistann, byði hann fram.

FYLGI FLOKKA EF REYKJAVÍKURLISTI BYÐI FRAM AFTUR



Framsóknarmenn bjartsýnir:

GETUM FENGIÐ TVO FULLTRÚA

„Það þýðir ekkert að horfa í baksýnisspegilinn,“ segir Gestur Kr. Gestsson, formaður Framsóknafélagsins í Reykjavík norður. „Það er búið að taka þessa ákvörðun og það verður að halda áfram.“

Þrátt fyrir bága stöðu Framsóknarflokksins í skoðanakönnun Fréttablaðsins er Gestur bjartsýnn fyrir hönd flokksins. „Við förum ekkert neðar en þetta og þurfum mjög litlu að bæta við okkur til að fá einn mann. Það bendir allt til þess að flokkurinn verði með opið prófkjör. Framsóknarflokkurinn á að geta fengið tvo menn í borginni með góðum framboðslista og öflugri kosningabaráttu þar sem höfuðborgarstefnu okkar, sem búið er að vinna innan flokksins, verður komið á framfæri.“

GESTUR Förum ekki neðar.

Teygðum okkur langt:

SKAÐI AÐ NÁ EKKI SAMAN

Það var skaði að menn náðu ekki saman um að bjóða fram aftur og halda áfram því merka starfi sem unnið hafði verið síðustu þrjú kjörtímabil,“ segir Páll Halldórsson, formaður fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík. „Þetta sýnir að Reykvíkingar hafa kunnað betur að meta hið góða starf Reykjavíkurlistans síðustu tólf árin en ýmsir þeirra sem að þeim viðræðum komu. Við teygðum okkur langt til þess að halda þessu áfram, en einn flokkur vildi hætta.“

Páll segir þó að menn verði að horfa fram á veginn. „Við verðum að vinna úr þeirri stöðu sem komin er upp og reyna að ná sem mestu fylgi þannig að fylgismenn hans geti áfram notið félagshyggjustjórnar í Reykjavík.“

PÁLL Verðum að vinna úr stöðunni.

Eftirsjá í hugum margra:

FÓLK VISSI HVAÐ ÞAÐ HAFÐI

„Þetta segir mér það að kjósendur Reykjavíkurlistans hafa ekki gert upp hug sinn um hvað þeir ætla að kjósa,“ segir Svandís Svavarsdóttir formaður Vinstri grænna í Reykjavík. „Fólk vissi hvað það hafði en ekki hvað það fær.“

Svandís bendir sérstaklega á það að svarhlutfallið þegar spurt var um Reykjavíkurlistann er 65 prósent, sem sé um tíu prósentum hærra en þegar spurt var um fylgi allra flokkanna. Hún telur að þarna sé um að ræða óákveðna kjósendur Reykjavíkurlistans og að það útskýri líka góða útkomu Sjálfstæðisflokksins.

„Þetta segir mér líka að það er eftirsjá í hugum margra eftir Reykjavíkurlistanum, eins og eðlilegt er.“

SVANDÍS Segir kjósendur Reykjavíkurlistans enn óákveðna.

verðhrun á pastavörum

Buitoni pasta

verð frá **19** kr.

ótrúlegt verð!

sjón er sögu ríkari!

Auglýsingastofa Vikurfrétta • www.vf.is

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

já

ENNEMM / SÍA / NM17729

Já er svarið

118

simaskra.is

Nú hafa **Símaskráin, Simaskra.is, 118** og **1811** öðlast nýtt líf undir merkjum **Já**. Með því að reka þessa þjónustuþætti sjálfstætt verður unnt að skerpa fókusinn auk þess að halda áfram að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í framtíðinni er svo stefnt á útvíkkun þjónustuþátta þeirra er Já býður upp á og kynningu á nýrri þjónustu. Já er svarið.

SVONA ERUM VIÐ

Sprautufíklar á Vogi

Heimild: ÁRSRIT SÁÁ 2004/2005



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL. GREINING: HVAÐ ER GARNAVEIKI?

Alvarlegur og ólæknandi sjúkdómur

Dýralæknar hér á landi hafa nú skorið upp herör til að útrýma garnaveiki í búfénaði og þar með bólusetningum sauðfjár, að því er fram kemur í viðtali Fréttablaðsins í dag við Sigurð Sigurðarson dýralækni smitsjúkdóma á Keldum. Mikill ávinningur væri að því ef hægt væri að leggja bólusetningar niður.

Hvað er garnaveiki? Garnaveiki er alvarlegur og ólæknandi smitsjúkdómur, sem leggst á öll jórturdýr, sauðfé og geitur, nautgripi og hreindýr. Orsökin er baktería af berklaflokki (Mycobacteria). Hún barst hingað til lands frá Þýskalandi með innfluttu karakúlfé árið 1933.

Hvaða ráð eru tiltæk gegn henni? Það hefur komið í ljós, að vinna má bug á henni. Aðeins ein vandlega framkvæmd bólusetning í tæka tíð er líftrygging fyrir lambið Hún dugar til varnar alla ævi, ef fé fær einnig þrifalega og góða meðferð.

Tjón af þessari veiki fyrir bólusetningu var gífurlegt. Allt að 40 prósent af fullorðnu ásettu fé dó úr veikinni árlega, þar sem verst var.

Mikið hefur áunnist þar sem bólusetningu hefur verið sinnt.

Á hvaða svæðum hefur tekist að vinna á veikinni? Veikin hefur verið upprætt á nokkrum svæðum, þar sem hún var áður útbreidd og olli tjóni. Garnaveiki er á miðju ári 2005 ekki lengur þekkt á Vestfjörðum vestan Bitru- og Gilsfjarðar og hefur verið útrýmt úr Miðfjarðarhólfi, Skjálfandahólfi, Héraðshólfi og Austfjarðahólfi milli Jöklu og Lagarfljóts og Eyjafjallahólfi. Nokkur svæði til viðbótar eru í þann veginn að ná þessum árangri.

THOMAS EDISON Þegar hann fann upp ljósaperuna var það nú í þeim tilgangi einum að lýsa upp með rafmagni.

Margar hugmyndir til að auðvelda fólki lífið:

Ljós sem vit er í

VÍSINDI Vísindamenn hafa undanfarið verið að rýna í það hvernig best er að lýsa upp heimili okkar, vinnustaði og farartæki. Þeir hafa komist að því að með réttri lýsingu er hægt að bæta heilsufar manna. Til þess nýta þeir nýjar leiðir í þráðlausum fjarskiptum.

Ekkert af þessu er þó að fara að gerast alveg á næstunni en sem dæmi má nefna hugmyndir um bremsuljós sem lætur bílinn sem keyrir á eftir stöðvast sjálfkrafa, framljós á bíl sem kveikir á græna ljósinu á umferðarljósum ef það er öruggt, vegskilti sem beina sérstökum skilaboðum til hvers og eins ökumanns og herbergisljós sem tengja tölvu fólks við tryggt þráðlaust net.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FRAMBOÐSLISTINN KYNNTUR Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1982 auk Þorsteins Pálssonar. Davíð Oddsson skipaði fyrsta sæti og Markús Örn Antonsson annað sætið.

Þegar Davíð lagði Albert

Í komandi prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík verður keppt um fyrsta sætið, hugsanlega í fyrsta skipti fyrir alvöru frá því árið 1981. Þá sigraði Davíð Oddsson Albert Guðmundsson naumlega og varð síðar borgarstjóri.

„Prófkjörinu var breytt beinlínis til að knésetja mig. Öll kosningamaskína flokkseigendafélagsins beitti sér gegn mér," sagði Albert Guðmundsson við Dagblaðið&Vísi 1. desember 1981. Albert hafði þá beðið lægri hlut fyrir Davíð Oddssyni í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík en til prófkjörsins var efnt vegna borgarstjórnarkosninganna 1982. Margir telja að í þessu prófkjöri hafi síðast í fullri alvöru verið barist um efsta sætið í prófkjöri flokksins fyrir borgarstjórnarkosningar, þangað til nú.

PRÓFKJÖR 1981
- vegna kosninga 1982

1. Davíð Oddsson	3.948 atkv.
2. Markús Örn Antonsson	3.925 atkv.
3. Albert Guðmundsson	3.842 atkv.

PRÓFKJÖR 1987
- vegna kosninga 1998

1. Árni Sigfússon	5.746 atkv.
2. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson	5.095 atkv.
3. Inga Jóna Þórðardóttir	4.559 atkv.

PRÓFKJÖR OG UPPSTILLING Í KOSNINGUM

2002 - uppstilling	1986 - prófkjör
1998 - prófkjör	1982 - prófkjör
1994 - prófkjör	1978 - prófkjör
1990 - uppstilling	

Davíð sigraði í prófkjörinu, Markús Örn Antonsson skaust upp í annað sætið og Albert hlaut þriðja sætið en stefndi á það efsta.

Tveir hafa nú boðið sig fram í efsta sæti sjálfstæðismanna í Reykjavík, þeir Gísli Marteinn Baldursson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, og má búast við að kosning milli þeirra geti ekki orðið síður spennandi en prófkjörið 1981.

Kosið um borgarstjórastólinn

Þá var barist um borgarstjórastólinn. „Markús Örn Antonsson skýst upp í annað sæti, nokkuð á óvart ef haft er í huga, að slagurinn stóð fyrst og fremst milli Davíðs og Alberts um fyrsta sætið," sagði í leiðara Dagblaðsins&Vísis daginn eftir prófkjörið. Davíð var þó varkár í viðtali við Tímann þegar úrslit lágu fyrir. „Það er borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins sem ákveður borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins og prófkjörið er aðeins þáttur í því," sagði Davíð Oddsson við Tímann 1. desember 1981.

Davíð varð í kjölfar prófkjörsins 1981 borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins og næsti borgarstjóri í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkurinn hafði missti meirihluta í borginni í kosningunum árið 1978 en Birgir Ísleifur Gunnarsson, sem þá leiddi flokkinn, hafði vikið þegar vinstri flokkarnir náðu meirihluta í borginni og tók ekki þátt í prófkjörinu. Davíð varð oddviti borgarstjórnarflokksins en hafði fengið kosningu í fjórða sætið í prófkjöri í maí 1978.

Í prófkjörinu árið 1981 þar sem Davíð sigraði hlaut hann 3.948 atkvæði, Markús Örn hlaut 3.925 atkvæði og Albert fékk 3.842 atkvæði. Mjótt var því á milli Davíðs og Markúsar Arnar en sá síðarnefndi tók eins og kunnugt er við starfi Davíðs sem borgarstjóri í Reykjavík árið 1991 þegar Davíð varð forsætisráðherra. Í prófkjörinu 1981 var ekki kosið um sæti á annan hátt en þann að þátttakendur í prófkjörinu merktu við tiltekinn fjölda frambjóðenda og sá sem hlaut flest atkvæði, hann fékk efsta sætið og svo koll af kolli.

Oftast ráðist í prófkjör

Fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar lagði kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík til að stillt yrði upp á lista flokksins. Þegar litið er til baka til ársins 1978 kemur í ljós að fyrir síðustu sjö borgar-

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	6.07	13.28	20.47
AKUREYRI	5.46	13.13	20.38

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

nám o.fl.

NÁMSKEIÐ
Dale Carnegie fyrir ungu kynslóðina. BLS 2

ferðir o.fl.

ESJAN
Göngugarpar geta tekið strætó að Esjunni. BLS 5

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 31. ágúst, 243. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Verður maður að líta út eins og birkirúnnstykki þegar maður fær mislinga?

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FRÉTTABLAÐIÐ/HAUKUR SNORRASON

„Ég veiði í hvaða veðri sem er en dagarnir eru ólíkt yndislegri í góðu veðri," segir Gunnsteinn.

Allt kyrrt nema hvítan í augunum

Gæsaveiðin er hafin á heiðum uppi. Gunnbjörn Steinarsson sölumaður er einn þeirra sem iðka það að kúra í leyni í fötum í felulitum og bíða þess grafkyrr að bráðin komi í ljós.

„Við sem stundum veiðar á hálendinu leitum að kvöldstöðum fuglsins og reynum að sitja fyrir honum þar," segir Gunnbjörn. Hann kveðst ávallt vera með tveimur til þremur félögum sem fylgist að. „Yfirleitt reynum við að gera dálítið úr þessum ferðum. Látum þær ekki bara snúast um veiði heldur njótum náttúru landsins sem partur af henni en ekki gestir. Einn úr hópnum er ljósmyndari og hann opnar oft augu okkar hinna fyrir hlutum sem við sjáum annars ekki," segir hann og er beðinn að lýsa dæmigerðum degi gæsaskyttu.

„Við byrjum auðvitað á að pakka niður. Það er mikið magn af dóti sem fylgir okkur, tjald, tálfuglar, fatnaður, mikill og góður matur og ekki mega staðsetningartækin gleymast. Við komum okkur svo einhversstaðar fyrir og búum til bækistöð þar sem skrafað er, eldað og hvílst. Þegar álitlegur veiðistaður er fundinn stillum við upp gervigæsum eftir kúnstarinnar reglum. Svo leggjumst við niður og blásum í gæsaflautur sem við höfum hangandi á okkur. Þannig reynum við að lokka fuglinn til okkar. Galdurinn felst í að fela sig fyrir honum og liggja kyrr. Það er bara rétt hvítan í augunum sem má hreyfast!"

Gunnbjörn segir þá félaga skjóta gæsina á flugi. Það finnist þeim mun meira sport en að láta hana setjast og skjóta svo. „Okkur finnst þetta gríðarlega spennandi. Þetta snýst um að finna sér staði og hlúa að þeim. Líka að veiða ekki of mikið því þá fælir maður fuglinn frá. Við lendum í alls konar veðrum og náttúran er síbreytileg. Það hefur til dæmis áhrif á skytterí hvenær varpið hófst og hversu mikið er af berjum og öðru æti. Númer eitt er þó að vera vel búinn og gleyma því aldrei að við erum á Íslandi og allra veðra er von."

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[FERÐIR - NÁM]

Göngustígurinn efst í Þverfellshorni Esjunnar hefur verið endurbættur í sumar á kostnað forsætisráðuneytisins. Þar hafa verið settar tröppur og keðjur til þess að auðvelda fólki uppgönguna. Eflaust eiga þær framkvæmdir eftir að koma þjóðinni að gagni því ganga upp á Esjuna er sívinsælt tómstundagaman og á sjöunda þúsund manns hafa lagt þangað leið sína í sumar.

Hótel Höfn á Hornafirði hefur verið með afbragðs góða nýtingu í sumar og toppar sumarið í fyrra sem þó var gott. Ítalir og Spánverjar hafa í auknum mæli nýtt sér þjónustuna þar en minna hefur sést til Íslendinga en oft áður.

Kennarar og starfsfólk Menntaskólans á Ísafirði undirbjuggu sig undir vetrarstarfið með því að sitja fyrirlestur hjá Guðfinnu S. Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, um árangur í skólastarfi og námskeið Steinunnar I. Stefánsdóttur um samstarf og liðsheild.

Gunnar Kvaran sellóleikari hefur verið ráðinn prófessor í kammertónlist og strengjaleik við tónlistardeild Listaháskólans.

ferdir@frettabladid.is

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Ármúla 38

Píanóskóli Þorsteins Gauta er fluttur í stærra og betra húsnæði í Ármúla 38. Gengið inn frá Selmúla

- Píanónám
- Einkatímar
- Námskeið
- Allir aldurshópar frá 4 ára aldri

Uppl. í símum 551 6751 og 691 6980
www.pianoskolinn.is
pianoskolinn@pianoskolinn.is

Tungumál
Á bókasöfnum er oft hægt að leigja kvikmyndir á erlendri tungu sem ekki eru textaðar. Það er góð viðbót við tungumálanámið að horfa á nokkrar kvikmyndir og leggja sig fram við að skilja án þess að lesa texta.

„Ég hafði farið á svona námskeið í skólanum og fannst það leiðinlegt og nennti varla að fara hingað en síðan var þetta bara gaman. Hlakkaði til að fara í tímana. Kennarinn stóð sig mjög vel og var skemmtilegur og náði vel til nemenda.“ Jóhann R.G., 16 ára nemi.

...næsta námskeið hefst 7. september (nokkur sæti laus)
Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400
Næsta námskeið er sett 26. september.

HRADLESTRARSKÓLINN

Enskuskóli Erlu Ara

auglýsir enskunám í Hafnarfirði
- Tíu getustig með áherslu á tal
- Enska á framhaldsskólastigi
- Enskunám í Englandi fyrir hópa og einstaklinga

Láttu drauminn rætast og skelltu þér í enskunám
Skráning í síma 891 7576 og erlaara@simnet.is
Sjá nánar á **www.enskafyriralla.is**

Anna Steinsen leggur áherslu á að þjálfa unglinga í samskiptum en ekki bara halda fyrirlestra yfir þeim.

Næsta kynslóð hjá Dale Carnegie

Námskeið fyrir unglinga í samskiptum og sjálfstraustsuppbyggingu.

Það getur verið erfitt að vera unglingur. Sjálfstraustið er oft í ólagi, maður getur ekki talað við fólk og finnst maður vera útundan og öðruvísi. Dale Carnegie á Íslandi býður unglingum upp á námskeið í gömlu góðu Dale Carnegie-tækninni sem hefur verið í stöðugri þróun í níutíu ár. „Við héldum námskeið fyrir unglinga í mars í fyrra og vissum ekkert hver viðbrögðin yrðu í þjóðfélaginu. En það kom í ljós að þörfin er virkilega til staðar og nú höfum við útskrifað tvöhundruð þátttakendur,“ segir Anna Steinsen, þjálfari hjá Dale Carnegie. Námskeiðin eru annars vegar fyrir 14-17 ára og hins vegar 18-22 ára. „Krakkarnir koma á mismunandi forsendum og eru mjög ólíkir, sem er gott því þeir læra mikið hver af öðrum.“ Námskeiðið stendur í tíu vikur og er kennt einu sinni í viku. „Markmið námskeiðsins eru að efla sjálfstraust og hæfni í mannlegum samskiptum og bæta lífsviðhorf, svo fátt eitt sé nefnt. Við leggjum gríðarlega áherslu á þjálfun enda er ekki hægt að ná árangri án þjálfunar og samskipti og sjálfstraust þarf líka að þjálfa,“ segir Anna.

Kynningarfundur um námskeiðin verður haldinn á fimmtudaginn, 1. september, í Þróttarasalnum í Laugardalnum. Nánari upplýsingar má finna á www.naestakynslod.is.

LIÐSINNI SOLARPLEXUS
umhverfi – heilsa - öryggi

REYKINGANÁMSKEIÐ FYRIR VINNUSTAÐI

LSP námskeiðin eru sniðin að þörfum fyrirtækja sem vilja aðstoða starfsfólk sitt við að hætta að reykja og verða þannig verðmætari starfsmenn. Ýmsar kannanir hafa leitt í ljós að reykingamaður kostar fyrirtæki um **250 þúsund krónur á ári** umfram aðra starfsmenn (minni framleiðni vegna vinnuhléa, veikinda, óbeinna reykinga ofl.)

LSP námskeiðin eru undirbúin og framkvæmd af fagfólki á sviði hjúkrunar, hvatningar og iðjuþjálfunar. Árangur er m.a. tryggður með stöðugri eftirfylgni, fundum, símtölum og með aðstoð reykingalyfja.

Liðsinni-Solarplexus • Borgartúni 20 • Sími 533 6300 • www.lsp.is

Leikkonan Edda Björgvins er meðal þeirra fyrirlesara sem Þekkingarmiðlun hefur á sínum snærum.

Virkja þátttakendur

Fjórtán þúsund manns sóttu námskeið og fyrirlestra hjá Þekkingarmiðlun í fyrra.

„Við leggjum áherslu á að virkja þátttakendur á námskeiðum hjá okkur og förum í hlutverkaleiki, hópverkefni og ýmsar æfingar,“ segir Ingrid Kuhlman hjá Þekkingarmiðlun. Þar er áherslan lögð á námskeið og fyrirlestra á sviði persónulegs árangurs, stjórnunar og starfsmannamála, þjónustu og markaðsmála. Sem dæmi um heiti námskeiða og fyrirlestra þar má nefna Að takast á við erfiða einstaklinga, Aðferð til að ná árangri í stjórnun og Að koma fram af öryggi. Um fjórtán þúsund manns sóttu námskeið og fyrirlestra í fyrra enda eru þjóðþekktar persónur meðal fyrirlesara, svo sem Edda Björgvins, Ingveldur Ýr, Jón Gnarr og Hlín Agnarsdóttir.

Munar allt að 80%

MIKILL MUNUR ER Á VERÐI NÝRRA OG NOTAÐRA NÁMSBÓKA.

Öflugur skiptimarkaður er til fyrir námsbækur framhaldsskólanema og getur munur á bók þar og í bókabúðum verið um og yfir áttatíu prósent, þrátt fyrir að miðað sé við lægsta búðarverð samkvæmt könnun ASÍ. Nokkrir aðilar reka slíka skiptimarkaði og verð er að sjálfsögðu misjafnt milli staða. Einfalt er fyrir nemendur er að fara inn á www.skiptibok.is og sjá strax hvað notuð bók sem þarf að kaupa kostar þar. Eins er þar hægt að athuga hvort tekið er við þeim bókum sem búið er að nota og hvað fæst fyrir þær.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁL SÍBERÍU LOKS FÁANLEGT Á ÍSLANDI
RHODIOLA ROSEA

Rannsóknir hafa sýnt að Rhodiola hjálpar líkamanum að “aðlagast” í tilsvörun við hvers konar álagi, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt.

- Náttúrulegur orkugjafi og afstressari
- Léttir þunglyndi
- Bætir kynorkuna
- Bætir svefnmynstrið
- Dregur úr mígreniseinkennum
- Bætir andlega árvekni,einbeitningu og minni

-Solgar fer sigurför um líkamann-

HEILSUBÚÐIN
REYKJAVÍKURVEGI 62 220 HAFNARFJÖRÐUR S: 565-2233

ENSKA ER OKKAR MÁL

enska er okkar mál
Enskuskólinn

Enskunámskeið að hefjast
Okkar vinsælu talnámskeið auka orðaforða og sjálfstraust

- Talnámskeið - 5 og 10 vikur
- Barnanámskeið frá 5 til 12 ára
- Viðskiptanámskeið
- Málfræði og skrift
- Einkatímar
- Námskeið fyrir 8-10. bekk
- Málaskólar í Englandi
- Umræðuhópar

Vertu velkomin í heimsókn og ráðgjöf
Hringdu í síma 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Elisabeth Saguar segist tala eins mikla spænsku í tímum og hún getur.

Hefur engan sérstakan hreim

Elisabeth Saguar hefur kennt spænsku hjá Mími í ein tuttugu ár.

„Ég tel það skipta miklu máli að ég sé spænsk," segir Elisabeth Saguar, spænskukennari hjá Mími. „Nemendurnir treysta því betur að það sem ég segi sé rétt og taka mig frekar alvarlega. Þó ég vilji nú taka það fram að það er mjög mikið af góðum spænskukennurum hérlendis sem eru íslenskir," segir Elisabeth. Hún hefur búið um allan Spán og segist því ekki vera með neinn sérstakan hreim en það kemur sér vel í kennslunni. „Ég reyni að komast að því hvað það er sem fólk sækist eftir og kenni þeim jafnvel tiltekinn hreim, ef þau ætla að nota spænskuna á einhverjum sérstökum stað," segir Elisabeth.

Hún hóf kennaraferil sinn á Íslandi í háskólanum fyrir um tuttugu árum og sama ár hóf hún kennslu hjá Mími, sem þá hét Tómstundaskólinn. Hún er með BA-gráðu sem spænskukennari og mastersgráðu í sálfræði. „Að sjálfsögðu hefur menntunin nýst mér mjög vel, bæði í kennslunni og í samskiptum við nemendur," segir Elisabeth. Stundum segist hún þurfa að takast á við þungt andrúmsloft, aldraða nemendur sem eru hræddir við að læra eða fólk með lestrarerfiðleika og þar komi sálfræðiþekkingin að góðum notum.

„Í tímum reyni ég að tala spænsku en það er auðvitað ekki alltaf hægt að gera það. En við erum líka með sérstaka talmálstíma fyrir þá sem tala spænsku. En margir vilja halda í þá spænskuþekkingu sem þeir hafa eða vilja auka orðaforða," segir Elisabeth. Við spænskukennslu reynir hún að fræða nemendur sína um spænsku þjóðina og menningu. „Hjá Mími leggjum við minni áherslu á spænsku sem fræði, heldur erum við kenna fólki fyrst og fremst að tala málið," segir Elisabeth. „Hjá Mími læra allir og hef ég það að leiðarljósi," segir Elisabeth.

Starfar þú í verslun?

Viltu sækja þér fagþekkingu ?
Verzlunarskóli Íslands býður:
- Þriggja anna verslunarfágnám
- sem metið er til eininga á framhaldsskólastigi

Kannaðu málið á slóðinni:
www.verslo.is/versla/verslunarfagnam

Verslunarskóli Íslands Ofanleiti 1
103 Reykjavík. 5900-600

SÁLARSETRIÐ
Vettvangur fólks sem starfar að bættu mannlífi
- Námskeiðahald og meðferð fyrir einstaklinga -

Sjálfsheilun, að vera meðvitaður og leit að betri líðan
Námskeið: Finnbogi Rúnar Sími: 895 0643
www.vegurinntilljossins.is

Kærleikurinn sem veruleiki í þínu lífi
Námskeið: Eggert Kristinsson Sími: 896 7008

Leiknin að halda jafnvægi og innri ró í daglegu lífi
Námskeið: Águstína Ingvarsdóttir, sálfræðingur
Sími: 663 8927 www.life-navigation.com

Kynning á námskeiðum og annarri starfsemi
laugardaginn 3. september kl. 14.00 að Suðurlandsbraut 10

NÁMSKEIÐ *fyrir* BÖRN
sem búið hafa í DANMÖRKU

Kennt er á laugardögum í tveimur aldurshópum. Kennarar eru *Lisa María Kristjánsdóttir* og *Casper Vilhelmsen*. Námskeiðið hefst 3. september og því lýkur 22. október. Skráning fer fram í Norræna húsinu í síma 551 70 30

STURLUGÖTU 5 • SÍMI: 551 7030 • WWW.NORDICE.IS | NORRÆNA HÚSIÐ

Háskóli lífs og lands

ÖFLUG ENDURMENNTUNARDEILD ER AÐ FARA AF STAÐ HJÁ LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS Á HVANNEYRI.

„Markhópur skólans er afar stór og því þarf hann að hafa sterk og góð tengsl við atvinnulífið. Hluti af þeim tengslum er í gegnum endurmenntunardeildina sem mun þjóna sem flestum á sviði umhverfismála í samfélaginu," segir Guðrún Lárusdóttir, endurmenntunarstjóri á Hvanneyri. Hún nefnir búfræði, garðyrkju, skipulag, skógrækt, landgræðslu, líf- og jarðfræði, umhverfismál, tæknigreinar og dýrafræði sem dæmi um námsgreinar í deildinni. Hún stefnir að víðtæku samstarfi við fagfélög í landinu og sér þannig fram á að hafa ávallt á að skipa fremstu fyrirlesara í sínu fagi. Guðrún segir starfssvið deildarinnar vera landið allt. „Við munum reyna að koma námskeiðum sem víðast um landið en einnig verða þau haldin á Hvanneyri og að Reykjum í Ölfusi." Hún segir námskeiðin eiga að henta fólki í fullri vinnu og sum þeirra eigi að vera sérsniðin fyrir fyrirtæki og stofnanir þannig að starfsfólk geti eflt stöðu sína og um leið fyrirtækið. Netfang Guðrúnar er: gurra@lbhi.is.

Heilsusetur Þórgunnu

Námskeið í ungbarnanuddi

Nýtt námskeið byrjar
fimmtudaginn 1. sept 2005
Kennsla einu sinni í viku í 4 vikur,
fyrir foreldra ungbarna á aldrinum 1- 10 mánaða.
Sérmenntaður kennari í ungbarnanuddi
Nýtt! innifalið í verði er létt herðanudd fyrir foreldra.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 5521850/ gsm 8969653
e-mail prema@mmedia.is

HEKLNÁMSKEIÐ, PRJÓNANÁMSKEIÐ, BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ

Hafðu það notalegt í haust og lærðu að prjóna, hekla eða sauma bútasaumsteppi

HEKLNÁMSKEIÐ:	á mánudögum: 5. sept. - 26. sept.
HEKLNÁMSKEIÐ:	á fimmtudögum: 8. sept. - 29. sept.
HEKLNÁMSKEIÐ:	á mánudögum: 10. okt. - 31. okt.
HEKLNÁMSKEIÐ:	á fimmtudögum: 13. okt. - 3. nóv.
HEKLNÁMSKEIÐ:	á mánudögum: 7. nóv. - 28. nóv.
PRJÓNANÁMSKEIÐ:	á miðvikudögum: 31. ág. - 12. okt
PRJÓNANÁMSKEIÐ:	á miðvikudögum: 26. okt. - 30. nóv.
BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ:	á þriðjudögum: 13. sept. - 4. okt.
BÚTASAUMSNÁMSKEIÐ:	á þriðjudögum: 18. okt. - 8. nóv.

Innritun og upplýsingar í Storkinum
Laugavegi 59, sími 551 82 58

STORKURINN garnverslun

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun í fjarnám á haustönn 2005
fer fram dagana 24.ágúst til 5. september á www.fa.is

Skólameistari

Fatnaður Aðeins er farið að kólna í veðri og því mikilvægt að muna eftir skjólfatnaði áður en farið er á golfvöllinn eða út að hlaupa. Best er að vera í fatnaði sem andar vel og er vatns- og vindheldur. Auk þess er gott að vera í nærfatnaði sem andar vel til þess að koma í veg fyrir að blotna af svita.

Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456-3745

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!
SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

MYNDIR/ANNA SOFÍA

Gestir voru léttklæddir þegar þeir fylgdust með dagskránni.

Útivistarafmæli undir berum himni

Ferðafélagið Útivist hélt upp á þrjátíu ára afmæli sitt með útivist í Básum, ferðum og fagnaði.

Veðrið gekk í lið með afmælisbarninu Útivist síðasta laugardag og gestir í Básum voru léttklæddir. „Fólk var bara á hlýrabolum og stuttbuxum allan daginn, veðrið var svo frábært, logn og sólskin. Það var nokkuð sem við gátum alls ekki átt von á," segir Bjarney Sigurjónsdóttir hjá Útivist þegar hún rifjar upp þennan ánægjulega dag. Hún fylgdist líka með göngufólkinu sem var að tínast heim úr afmælisferðunum og sýndist í fyrstunni örsmátt eins og tituprjónshausar hátt uppi í fjöllunum umhverfis Þórsmörk. „Það var yndislegt að sjá fólkið berast til byggða," segir hún og upplýsir að fyrsta afmælisferðin hafi hafist 21. júní í Strúti og önnur hafi verið yfir Fimmvörðuháls, sem var skoðaður frá nýju sjónarhorni. „Þátttakan í ferðirnar var frábær og allt gekk vel," segir hún lukkuleg.

Básakórinn brást ekki.

Rjómatertur voru á borðum í tilefni dagsins.

Á fimmta hundrað manns voru samankomnir í Básum á laugardaginn og Goðalandið skartaði sínu fegursta. Í hátíðarávarpi Árna Jóhannssonar, formanns Útivistar, kom fram að stjórn félagsins hefur ákveðið að sett verði upp hringsjá á Réttarfelli, en algengt er að gestir í Básum gangi á fellið. Þaðan er víðsýnt og gott útsýni. Ágóði af myndakvöldum félagsins mun renna til þessa verkefnis og er áætlað að hringsjáin verði komin í gagnið sumarið 2007. Þá upplýsti Árni að Vegagerðin ætlaði að setja merkingar við Eyvavörðu á Kili og Hallgrímsvörðu á Sprengisandi. Vörðurnar hlóðu Útivistarfélagar til minningar um þá Eyjólf Halldórsson og Hallgrím Jónasson er voru brautryðjendur í ferðum um hálendið og heiðursfélagar í Útivist.

Bjarney segir fólk hafa notið þess að hlýða á dagskrá, syngja saman og njóta góðra veitinga. „Það voru meira að segja rjómatertur með síðdegiskaffinu. Allt gert til að þetta væri sem heimilislegast. Svo var varðeldur og skemmtun um kvöldið." ■

Fiat Punto eða sambærilegur
Vika á Spáni
11.900* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN SÍA.IS HER 28909 06/2005
Hertz
www.hertz.is

UPPGÖTVUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!
SIRKUS
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓNN.
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

Valið í lið fyrir Norðurlandamót

Síðustu mót sumarsins í golfi í Toyota-mótaröðinni og KB banka-mótaröðinni.

Staffan Johansson, landsliðsþjálfari Íslands í golfi, mun fylgjast af athygli með síðustu mótum í Toyota-mótaröðinni og KB banka-mótaröðinni því þar mun hann velja þau lið sem keppa á Norðurlandamótinu í Noregi í lok næsta mánuðar. Lokahnykkur Toyota-mótaraðarinnar verður á Korpúlfsstaðavelli um næstu helgi og þá verður líka síðasta stigamótið í KB banka-mótaröðinni í unglingaflokki á Vífilsstaðavelli. Á Norðurlandamótinu verður keppt í karla- og kvennaflokki og pilta- og stúlknaflokki 16-18 ára og eru fjórir kylfingar í hverju liði. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Staffan Johansson landsliðsþjálfari velur liðin sem fara til Noregs.

PISTILL Stefáns Jóns Hafstein
VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

Fín veiði í skítakulda

Það er furðulegt með kuldabola, sem nú ríður röftum norðan lands, hann hrekur ekki burt veiðimenn sem fá fína veiði! Það snjóar og frýs í lykkjum veiðistanga en samt veiðist vel. Rífandi gengi hefur verið í Reykjadalsá síðustu daga en þar er nú staddur Pálmi Gunnarsson með hinum heimsfræga bandaríska hljóðfærasmið Stewart Spector, en þeir voru báðir í fréttum um daginn vegna bassans sem Spector færði Pálma. „Við komum í Reykjadalsána á föstudag og erum örugglega búnir að veiða og sleppa um 25 löxum hér á sex vöktum með mjög rólegri ástundun," segir Pálmi. Hann telur skrýtið að í þessum kulda hafi veiðst á yfirborðsflugur: „Púpur sem ég læt skauta á yfirborðinu eða rétt undir því." En það voru fleiri að gera það gott í kuldanum. Svartá í Bárðardal gaf vel um helgina þótt hiti færi niður í mínus og slydda skylli á hyljum. Gengi sem þar var setti í fjölda fiska og merkilegast var að enginn var undir fjórum pundum. Sá stærsti var sjö pund, áætlaður, þar sem öllum fiski er sleppt aftur samkvæmt reglum. Þungar straumflugur gáfu best í slyddunni og skipti litlu hvort þaulvanir veiðimenn feyktu flugum eða algjörir byrjendur - allir fengu veiði! Og í Skagafirðinum veiddu menn þrátt fyrir kuldakast og slyddu. Bullandi veiði var í Mýrarkvísl þar sem náðust 13 laxar á einu degi og sagði Ingvar Karl Þorsteinsson að fullt af fiski væri í ánni: „Þetta var frábær dagur og fyrir utan þessa þrettán laxa, sluppu fjölmargir, enda skítkalt og áin aðeins fjórar gráður!"
En það eru ekki alltaf jólin þótt snjói. Hollið sem var í Miðfjarðará um helgina gerði engar rósir. Einungis 32 laxar komu á stangirnar 10 í þrjá daga sem þýðir um það bil einn lax á stangardag. Aðstæður gerðu mönnum erfitt fyrir því það var bæði kalt og bálhvasst á bakkanum og fiskurinn niðri við botninn. Miðfjarðará er nú komin í um 1.200 laxa en lokatalan í fyrra var 2.228 laxar.
Og svo var lukkan yfir „Stebba kokk" eða Stefáni Hjaltested flugnahönnuði með meiru í Hlíðarvatni í Selvogi: „Ég fór úr bænum klukkan sex um morguninn og þegar ég kom að vatninu var algjör spegill á því, sólskin og blíða. Við höfum það þannig að fullorðna fólkið festir í fiskana, litlu krakkarnir fá að draga þá að landi og kiðlingarnir, þessi alyngstu, sjá um afganginn, að rota og svoleiðis. Þetta voru mjög fínir fiskar og við náðum 37 bleikjum þennan dag."
Svona á fjölskyldan að vinna saman!
Ekki fer miklum sögum af sjóbleikjuveiði þetta haustið. Dapurt hefur verið í Vatnsdalsá og nú eru menn að koma heim eftir daginn í Eyjafjarðará og Hörgá með ekki neinn eða einn til tvo fiska. Sama er uppi á teningnum í Ólafsfjarðará. Hins vegar fréttist að mokstri af bleikju í Víðidalsá, 70 fiskar á bilinu 2,5-4 kíló hver hjá einu gengi!
Ótrúlegur gangur hefur verið í borgfirsku ánum þetta sumarið og um hlegina rauf Norðurá 3.000 laxa múrinn. Hæst hefur hún áður farið í 2.089 fiska á ári. Sömu undrin eru að gerast í Þverá og Kjarrá en þar eru nú komnir um 3.700 laxar á þurrt sem er algjört met. Gamla metið þar á bæ var frá 1979 þegar 3.558 laxar veiddust. Heilræði vikunnar tengist því sögum vikunnar: Klæddu þig bara vel, það veiðist alltaf hvernig sem viðrar!

Veiðikveðja, Stefán Jón.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Sjóbleikjan getur verið snúðug á svip, og veiðist illa norðan lands núna!

Með strætó á Esjuna

Þú kemst frá Hlemmi að Esjurótum á fjörutíu mínútum fyrir einn strætómiða.

Maður þarf ekki að eiga bíl til að komast upp á Esjuna.

Við Esjurætur er strætóskýli þar sem leið 27 stoppar á klukkutíma fresti. Strætó bs. hefur boðið borgarbúum upp á þessa þjónustu í talsverðan tíma. Alltaf er slæðingur af fólki sem skilur bílinn eftir heima og tekur strætó að Esjunni en leið 27 þjónar fyrst og fremst íbúum á Kjalarnesi. „Það hefur verið mikið af útlendingum í sumar og svo kemur göngufólk í góðu veðri," segir Árni Gunnarsson, bílstjóri á leið 27, aðspurður hvort göngufólk nýti sér ferðir vagnsins. Honum finnst þó ekki nógu margir nýta sér þjónustuna því hún sé mjög þægileg, sérstaklega vegna þess að strætóskýlið sé svo vel staðsett - akkúrat við rætur göngustígsins á Þverfellshorn. Nokkrir einstaklingar í viku fari þessa leið að meðaltali. „Á góðri helgi er hér ágætis fjöldi," bætir Árni við.

Leið 15 leggur af stað frá Hlemmi þrjár mínútur yfir heila tímann og 25 mínútum seinna er hún komin á stoppistöðina Háholt í Mosfellsbæ. Þar er hægt að skipta beint yfir í leið 27 sem tekur fimmtán mínútur í að komast í Esjuskála. Ferðirnar eru þó aðeins strjálari um helgar og er fólki bent á heimasíðu strætó, bus.is, þar sem allar upplýsingar er að fá. ■

90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

Talstöðin
FM 90,9

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions

Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Icelandexcursions
GRAY LINE ICELAND

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar
Tilboð!
Á NOTUÐUM OG NÝJUM VÖGNUM

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

Ingvar Helgason – Notaðir bílar

Nissan Patrol Elegance 38" nýskr. 15/00, ssk, ek. 115 þús. km. Verð 2.950.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.6 GL nýskr. 01/99, bsk., ek. 101 þús. km. Verð 790.000. Tilboð 650.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Hyundai Terracan nýskr. 06/02, bsk., ek. 64 þús. km. Verð 2.200.000.Tilboð 1.980.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Grand Vitara nýskr. 03/00, bsk., ek. 86 þús. km. Verð 1.080.000. Tilboð 920.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 1.6 GL nýskr. 06/98, ek. 113 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 570.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Baleno 4WD nýskr. 07/02, bsk., ek. 34 þús. km. Verð 1.190.000. Tilboð 990.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy GX nýskr. 02/97, ssk., ek. 152 þús. km. Verð 660.000. Tilboð 440.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.2 nýskr. 05/02, bsk., ek. 85 þús. km. Verð 970.000. Tilboð 790.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy Wagon nýskr. 02/00, bsk., ek. 105 þús. km. Verð 1.120.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 1.6GL nýskr. 09/99, ssk., ek. 120 þús. km. Verð 890.000. Tilboð 660.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Lexus RX300 nýskr. 11/02, ssk., ek. 57 þús. km. Verð 3.620.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Range Rover nýskr. 10/98, ssk., ek 116 þús. km. Verð 2.130.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Volkswagen Golf nýskr. 05/00, bsk., ek. 73 þús. km. Verð 850.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Almera Luxury nýskr. 05/01, ssk., ek. 80 þús. km. Verð 980.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Toyota Avensis Sedan nýskr. 05/01, ssk., ek. 71 þús. km. Verð 1.320.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 07/99, bsk., ek. 177 þús. km. Verð 1.650.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Forester CS nýskr. 12/00, bsk., ek. 111 þús. km. Verð 1.240.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Hyundai Matrix nýskr. 07/02, ssk., ek 45 þús. km. Verð 1.190.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy Outback nýskr. 11/99, ek. 185 þús. km. Verð. 1.220.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Hyundai H-1 nýskr. 07/99, bsk., ek. 90 þús. km. Verð 1.220.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Toyota RAV4 nýskr. 10/02, bsk., ek. 20 þús. km. Verð 1.720.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Mitsubishi Galant nýskr. 07/97, ssk., ek. 110 þús. km. Verð 790.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Astra 1.6GL nýskr. 07/00, bsk., ek. 72 þús. km. Verð 860.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Impreza GL nýskr. 04/99, ssk., ek. 136 þús. km. Verð 770.000. Tilboð 520.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Zafira Comfort nýskr. 08/02, ssk., ek. 38 þús. km. Verð 1.680.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Vitara nýskr. 05/99, bsk., ek. 76 þús. km. Verð 1.090.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy Outback nýskr. 03/00, ssk., ek. 119 þús. km. Verð 1.590.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Mitsubishi Lancer nýskr. 07/00, bsk., ek. 84 þús. km. Verð 740.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Terrano Luxury nýskr. 02/99, ssk., ek. 215 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Combo nýskr. 05/03, bsk., ek. 38 þús. km. Verð 1.080.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Daihatsu Charade nýskr. 04/99, bsk., ek. 80 þús. km. Verð 490.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 1.6GL nýskr. 02/00, bsk., ek. 75 þús. km. Verð 940.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Mitsubishi Lancer nýskr. 01/97, bsk., ek. 111 þús. km. Verð 470.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Peugeot 206 nýskr. 07/00, bsk., ek. 76 þús. km. Verð 590.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Legacy Wagon nýskr. 09/00, bsk., ek. 91 þús. km. Verð 1.250.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra 2.0CD nýskr. 01/00, ssk., ek. 37 þús. km. Verð 1.150.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Renault Master nýskr. 05/00, bsk., ek. 179 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Chevrolet Silverado 1500 nýskr. 12/04, ssk., ek. 6 þús. km. Verð 4.450.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Vectra Comfort nýskr. 04/05, ssk., ek. 7 þús. km. Verð 2.390.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Suzuki Vitara JLX nýskr. 10/97, bsk., ek. 152 þús. km. Verð 620.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Corsa 1.4 nýskr. 07/98, bsk., ek. 107 þús. km. Verð 490.000. Tilboð 320.000. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Peugeot 406 nýskr. 06/01, bsk, ek. 72 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Opel Zafira Comfort nýskr. 11/03, ssk, ek. 29. þús. km. Verð 1.940.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Nissan Primera Acenta nýskr. 08/04, ssk, ek. 13 þús. km. Verð 2.080.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Subaru Impreza WRX nýskr. 10/04, bsk, ek. 3 þús. km. Verð 2.880.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Chrysler Caravan 7 manna, nýskr. 04/05, ek. 1 þús. km. Verð 2.760.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is

brimborg Taktubíl

Nissan Sunny SLX, skrd. 04/1994 e. 140.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 290.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Ford Mondeo Ghia, skrd. 09/1997, ek. 126.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 680.000 kr. Tilboð 570.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Lexus LS430, skrd. 08/2003, e.19.000 km. 4300 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 5.990.000 kr. Tilboð 5.490.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Laguna, skrd. 03/1999, e. 63.000 km. 2000cc, sjálfskiptur, Ásett verð 890.000 kr Tilboð 690.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V70 XC, skrd. 11/2003, e. 36.000 km. 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.260.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Nissan Almera, skrd.12/1999, e.120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 399.000 kr. 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Renault Megane Scenic, skrd.02/1997, e.121.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 580.000 kr. Tilboð 450.000 kr.100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Opel Astra, skrd. 12/2002, e. 59.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Mercedes Benz ML-350, skrd. 03/2003, e. 28.000 km, 3724cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.890.000 kr. S. 515 7000.

Volvo V40 SE, skrd. 01/2004, e. 29.000 km. 2000cc, sjálfskiptur, Ásett verð 2.550.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daihatsu Applause, skrd. 11/1998, e. 114.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Transit 280S, skrd.06/2002, e. 70.000 km, 2000cc Turbo-diesel, beinskiptur. Ásett verð 1.250.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus H/S station, skrd.03/2001, e. 85.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.080.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Hyundai Elantra GLSi, skrd. 05/1997, e. 170.000 km. 1600cc, beinskiptur, Ásett verð 370.000 kr. Tilboð 199.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford F-350 Lariat DRW, skrd. 06/2004 e. 21.000 km. 6000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.850.000 kr. 100% lán mögulegt. S.515 7000.

Opel Astra, skrd.03/1999, e. 135.000 km, 1200cc, beinskiptur. Ásett verð 650.000 kr. Tilboð 490.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Ford Focus Trend station, skrd. 10/2002, e. 50.000 km. 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.340.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Kangoo, skrd. 05/2001, ek. 110.000 km, 1400 cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 620.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Explorer Executive, skrd. 08/2001 ek. 104.000 km, 4000 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.400.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Transit 280S, skrd. 06/2002, ek. 58.000 km, 2000cc diesel-turbo, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. S. 515 7000.

Citroen Picasso, skrd. 05/2002, ek. 32.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Opel Vectra, skrd. 04/1999, ek. 122.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. Tilboð 599.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Kangoo, skrd. 02/2001, ek. 112.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Audi A4, skrd. 08/2000, ek. 85.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.350.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Opel Zafira 7-manna, skrd. 02/2000, ek. 101.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Mondeo GHIA, skrd. 03/2004, ek. 33.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.270.000 kr. Tilboð 2.070.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Nissan Sunny SLX , skrd. 05/1994, ek. 146.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 320.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Subaru Impreza, skrd. 12/2002, ek. 65.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.420.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus station, skrd. 11/2001, ek. 92.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.040.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daewoo Nubira station, skrd. 08/1999, ek. 83.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 620.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Mercedes Benz E-280 4Matic, skrd. 06/1999, ek. 103.000 km, sjálfskiptur 4x4. Ásett verð 2.450.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Land Rover Freelander, skrd. 03/2001 ek. 97.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.450.000 kr. Tilboð 1.299.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Volvo S40 T5-Turbo, skrd. 03/2004, ek. 33.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo V70 LPT-Turbo, skrd. 06/2004, ek. 21.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.850.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Kia Grand Sportage, skrd. 06/1999, ek. 97.000 km, 2000cc, beinskiptur, 4x4. Ásett verð 890.000 kr. Tilboð 690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Renault Megane station, skrd. 08/1999, 1600cc, ek. 105.000 km, beinskiptur. Ásett verð 760.000 kr. Tilboð 640.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Opel Vectra CD, skrd. 01/2000, ek. 83.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 990.000 kr. Tilboð 699.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Daihatsu Sirion 4x4, skrd. 08/2001, ek. 31.000 km, 1300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 860.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Peugeot 306 Break STW. skrd. 06/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo S60, skrd. 05/2004, ek. 16.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 3.470.000 kr. Tilboð 3.250.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg Taktubíl

Peugeot Partner, skrd. 07/1999, ek. 134.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 580.000 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

VW Golf Comfortline, skrd. 02/2000, ek. 82.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

MMC Pajero Sport, skrd. 12/2001, ek. 76.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Volvo S40, skrd. 03/2004, ek. 33.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Subaru Legacy, skrd. 11/1995, ek. 168.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 560.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Nissan Terrano II. 12/1999, ek. 99.000 km, 2400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

VW Polo, skrd. 04/1998, ek. 87.000 km, 1400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station, skrd. 05/2003, ek. 61.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

Betri BÍLASALAN
☎ 482 3100
SELFOSSI

Daewoo Musso 08/2002 dísel, ssk, ek. 40 þ.km. geislasp., dráttark. ofl.ofl V. 2.150.000 kr.

Toyota Rav 4 09/2000, ssk, ek. 108 þ.km, dráttark., geislap., álf. ofl.ofl. V. 1.520.000 kr.

Nissan Patrol 09/2002 ssk, ek. 57 þ.km, leður, lúga, kastaragrind, dráttark. ofl.ofl. V. 3.470.000 kr.

Nissan Patrol 07/2003 ssk, ek. 75 þ.km, leður, lúga, dráttark., ofl, ofl, V. 3.790.000 kr.

Nú er veturinn að ganga í garð og þá er gott að vera á góðum jeppa!!!

Betri bílasalan
Sími: 482 3100
www.betri.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

MMC Pajero V6 (Montero) 2001 ek. 142 þ.km, sjálfsk, leðurklæddur, sólúga, rafm. í öllu. CD Magsín. Verð 3.100 þús. Tilboð 2.400 þús. Mögul á 100% láni.

Renault Megane 1600 Classic 1998 ek. 130 þ.km, 5 gíra, rafm. í rúðum, CD, nýskoðaður. Verð 470 þús. Tilboð 350 þús. Mögl á 100% láni.

Nissan Primera 2000 SLX 1994 ek. 190 þ.km 5 gíra. Verð 390 þús. Tilboð 190 þús. Mögul. á 100% láni.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

BÍLAR TIL SÖLU

Bílabankinn
Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is

BMW 325i árg. 2002
Ek. 24 þkm. Leður, Xenon, 5 gíra. Hlaðinn búnaði. Verð 2.750 þús. Bílabankinn S. 588-0700

VW Passat Trendline 09/2002
Ek. 28 þkm. sj álfsk, ESP, leður ofl. Verð. 2.150 þús. Bílabankinn S. 588-0700



Toyota Landcruiser 80 VX '94
Ek. 240 þús, 38" breyttur, 5 gíra. Verð 1.950 þús. Bílabankinn S. 588-0700

Nissan Patrol SE+ 6 cyl '98
Ek. 158 þkm, 38" breyttur, 5 gíra, Leður ofl. Verð 2.590 þús. Bílabankinn S. 588-0700



Ford Explorer Eddie Bauer 7/2003
Ek. 59 þkm. ssk, leður, 7 manna, hlaðinn búnaði. Verð 3.490 þús. Bílabankinn S. 588-0700

Suzuki Grand Vitara 06/2000
Ek. 97 þkm, 5 gíra, krókur. Verð 1.290 þús, áhv. 890 þús. Bílabankinn S. 588-0700

Toyota Avensis Terra 02/2000
Ek. 102 þkm, 5 gíra, 1600 vél. Verð 790 þús. Bílabankinn S. 588-0700

VW Passat Basic Line 02/2000
Ek. 89 þkm, 5 gíra, 1600 vél. Verð 920 þús. Bílabankinn S. 588-0700

Nissan Pathfinder 6 cyl 4.0 LE Bensín
Nýr bíll, óekinn, 7 manna m/öllu. Verð 4.990 þús Bílabankinn S. 588-0700

Daewoo Musso E-23 Bensín 07/1998
Ek. 76 þkm, 33" breyttur, 5 gíra, 1 eigandi. Verð 1.290 þús. Bílabankinn S. 588-0700

Vegna mikillar sölu vantar okkur nýlega bíla á skrá og á staðinn.

Opnunartími:
mán - fös kl 10-18 • lau kl 12-16 • Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is
Bílakjarnin • Breiðhöfða

Bílabúð Benna

alpinestars

O'neal Element cross treyja 2455,- www.Benni.is. S. 590 2000 opið laugardaga 10-13.

Bílabúð Benna

OME Demparar og fjöðrunar hlutir fyrir flestar tegundir Jeppa! www.benni.is. S. 590 2000 opið laugardaga 10-13.

Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfða 23, 110 Rvk.
Sími: 590 2000
www.benni.is

12 Volt

Porsche 911 Carrera, gt2 útlit. 7/ '00 ek. 33 þ. Zenon & tölvustýrð miðstöð og fl. Uppl. í s. 565 2500. Umboðsbíll.

12 Volt
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is

Glæsilegt eintak, Volvo XC90, árgerð 2005, ek. 4 þ. mílur, svartur, álfelgur, premium sound pakki, heilsársdekk, leður o.m.fl. Verð 4.950.000. stgr. Bílasölusvæðið við Klettháls er algjör nýjung á Íslandi sem alltaf hefur vantað, skoðaðu mörg hundruð bíla... sjáumst!

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

bilaland.is
bílaland BIL 575 1230

Mercedes Víto nýskr. 04/1997, 2300cc, 4 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 186 þ. Verð 650.000 UI-405 B & L. S. 575 1230.

Opel Combo nýskr. 06/2003, 0cc, 5 dyra, fimmgíra, ekinn 83 þ. Verð 990.000 PS-284 B & L. S. 575 1230.

Peugeot Boxer nýskr. 08/2001, 2800cc 4 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 58 þ. Verð 1.920.000 JS-119 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 11/2002, 1400cc, 6 dyra, fimmgíra, gulur, ekinn 130 þ. Verð 790.000 SF-437 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 03/2003, 1400cc, 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 45 þ. Verð 1.050.000 PL-222 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 06/2001, 1400cc, 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 63 þ. Verð 830.000 ON-193 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 07/2000, 1400cc, 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 99 þ. Verð 690.000 RK-779 B & L. S. 575 1230.

Renault Kangoo nýskr. 12/2002, 1400cc, 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 41 þ. Verð 1.040.000 TK-707 B & L. S. 575 1230.

Renault Master nýskr. 06/2003, 0cc, 6 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 94 þ. Verð 2.390.000 ME-951 B & L. S. 575 1230.

bilaland.is
bílaland BIL 575 1230

Renault Megane nýskr. 07/2003, 2500cc, 6 dyra, fimmgíra, blár, ekinn 115 þ. Verð 2.350.000 PG-082 B & L. S. 575 1230.

Bílaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

SG BÍLAR BÍLASALA
Brekkustig 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-3732

100% Lán
SG Bilasalar
s:421 4444



Dodge Ram 2500 Heavy Duty árgerð 2004. Ekinn 3 þ.km. Verð kr. 3900.000. SG Bílar s. 421 4444.

Ford Escape árgerð 2004. Ekinn 22 þ.km. Verð kr. 2590.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Ford Mustang GT Premium árgerð 2005. Ekinn 1 þ.km. Verð kr. 3.990.000. 100% lán, SG Bílar s. 421 4444.

Honda Shuttle árgerð 1999. Ekinn 84 þ.km. Verð kr. 1.190.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Hyundai Santa Fe árgerð 2003. ekinn 65 þ.km. Verð kr. 2.290.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Hyundai Terracan árgerð 2004. ekinn 18 þ.km. Verð kr. 3.520.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

SG BÍLAR BÍLASALA
Brekkustig 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-3732

Hyundai Santa FE árgerð 2005. Ekinn 7 þ.km. Verð kr. 2.870.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Hyundai Trajet árgerð 2004. Ekinn 24 þ.km. Verð kr. 2.090.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Toyota Avensis Terra árgerð 2000. Ekinn 62 þ.km. Verð kr. 1.090.000. SG Bílar s. 421 4444.

Toyota Avensis Terra árgerð 2002. Ekinn 73 þ.km. Verð kr. 1.390.000. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

Toyota Corolla árgerð 1998. Ekinn 137 þ.km. Verð kr. 510.000. SG Bílar s. 421 4444.

Toyota Rav 4 árgerð 1999. ekinn 62 þ.km. Verð kr. 1.290.000. SG Bílar S. 421 4444.

VW Polo árgerð 2003. Ekinn 77 þ.km. Verð kr. 770.000. SG Bílar. S. 421 4444.

VW GOLF GL 1.6 Árgerð 2001. Ekinn 64 þ.km. Verð kr. 1.090.000. 100% lán SG Bílar. S. 421 4444.

100% Lán
SG Bilasalar
s:421 4444

SG Bílasala
Brekkustíg 38, 260 Reykjanesbæ
Sími: 421 4444

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 31. ágúst 2005 – 22. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VÍSIR

engin árgjöld

MOMENTUM

www.momentum.is

Playboy
Stafrænt strákatímarit 8

Sjávarútvegurinn
Krónan veldur verkjum 12-13

Alan Greenspan
Óttast verndarstefnu 6

ÞÓR SIGFÚSSON Framkvæmdastjóri Verslunarráðs.

Nafni Verslunarráðs breytt

Kynntar verða nýjar áherslur í starfi Verslunarráðs Íslands á Hótel Nordic klukkan fjögur í dag. Hluti af því er að breyta nafninu í Viðskiptaráð Íslands sem á að hafa breiðari skírskotun en Verslunarráð Íslands. Það er ekki síst vegna breytts umhverfis í atvinnulífinu og fjölbreyttari verkefna, meðal annars vegna þess hve alþjóðlegt viðskiptalífið er orðið, sem þessi vinna hefur farið fram á vegum ráðsins.

Mikið starf hefur verið unnið innan Verslunarráðs á undanförnum árum sem hefur oftar en ekki hrundið af stað umræðu í þjóðfélaginu. Til dæmis var gefin út skýrsla um flata skatta, 15 prósent landið, og hvatt til umræðu um að auka veg einkaframtaksins í skólakerfinu. - bg

Útrásarvísitalan lækkar:

Scribona hækkar mest

Útrásarvísitalan lækkar um rúm tvö prósent milli vikna og stendur nú í 113 stigum. Gengi krónunnar styrktist, sem verður til þess að Útrásarvísitalan lækkar meira en gengi félaganna síðustu viku.

Mest lækkaði gengi Decode í vikunni, um 6,3 prósent. Þar á eftir kemur finnska fjármálafyrirtækið Sampo, sem lækkaði um fjögur prósent. Nokkur önnur félög lækkuðu um nokkur prósent.

Mest hækkaði gengi sænska upplýsingatæknifyrirtækisins Scribona, um tæp átta prósent. Þar á eftir kemur French Connection, sem hækkaði um rúm fjögur prósent. - dh / Sjá síðu 6

FRÉTTIR VIKUNNAR

Bakkavör hagnast | Bakkavör hagnaðist um 11,9 milljónir punda, eða 1,4 milljarða króna, á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er 123 prósenta aukning frá fyrra ári. Heildartekjur námu 26,4 milljörðum króna, sem er rúmlega þreföldun frá fyrra ári.

Burðarás selur | Burðarás hefur selt um 8,2 prósenta hlut í norska olíuleitarfyrirtækinu Exploration Resources fyrir meira en 1,9 milljarða króna. Söluhagnaður af bréfunum er yfir einn milljarður. Markaðsvirði Exploration Resources hefur meira en tvöfaldast frá því að Burðarás tilkynnti um kaup í því í júní.

Kögun kaupir | Kerfi A/S, dótturfélag Kögunar, hefur keypt danska upplýsingatæknifyrirtækið Commitment Data A/S. Velta Commitment Data er rúmir tveir milljarðar íslenskra króna. Hjá Kerfi A/S starfa nú sjötíu manns og er áætluð ársvelta um þrír milljarðar króna.

Katrín veldur tjóni | Gríðarlegt eignatjón varð þegar fellibylurinn Katrín reið yfir Suðvesturríki Bandaríkjanna.

Vefnaðardeilda leyst? | Peter Mandelson, framkvæmdastjóri viðskiptamála hjá Evrópusambandinu, segir að lausn sé í sjónmáli í vefnaðardeilu ESB við Kínverja.

„Eignarrétturinn og framtíðin“ | Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál hélt ráðstefnu undir yfirskriftinni „Eignarrétturinn og framtíðin“.

Icex í methæðum | Úrvalsvísitalan stóð í rúmum 4.600 stigum við lokun markaða í gær og hefur aldrei verið hærri. Vísitalan hefur hækkað um 38 prósent frá áramótum.

Byggja upp alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki

Atlantis er vaxandi alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Á vegum samstæðunnar eru sextán starfsstöðvar í fjórtán löndum. Stjórnendur stefna á skráningu félagsins á hlutabréfamarkað.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Stjórnendur Atlantis, sem er þriggja ára gamalt alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki, ákváðu á þessu ári að höfuðstöðvar samsteypunnar yrðu staðsettar á Íslandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á laxi og túnfiski til Japans og hefur vaxið mikið undanfarin ár. Það er með sextán starfsstöðvar í fjórtán löndum og 180 manns í vinnu. Veltan hefur stóraukist milli ára og stefna stjórnendur að því að Atlantis verði skráð félag á hlutabréfamarkaði.

FJÖRÐURINN CUPQUELAN Í CHILE Í Chile er laxinn alinn upp í kvíum og stefnt að 20 þúsund tonna uppskeru á næstu vertíð.

Óli Valur Steindórsson, forstjóri félagsins, segir rekstrarumhverfi á Íslandi hagstætt meðal annars vegna lágra skatta. Að auki sé að finna mikla þekkingu og skilning á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja innan íslensku bankanna, sem hafi skipt miklu máli í uppbyggingu fyrirtækisins. Íslandsbanki lauk í miðjum ágúst við endurfjármögnun lána Atlantis og safnaði 1,7 milljörðum króna í hlutafjárútboði.

Óli Valur segir hluthafa Atlantis vera um tuttugu talsins og kaupendur hlutafjárins í útboði Íslandsbanka hefðu verið handvaldir. „Helsti flöskuhálsinn í söluaukningu er aðgangur að fjármagni,“ segir hann og hlutafjáraukningin gefi Atlantis slagkraft og tækifæri til að byggja starfsemina áfram upp. Helstu vaxtarbroddarnir séu í laxeldi í Chile og túnfiskeldi í Mexíkó fyrir Japansmarkað. Hvergi sé borgað jafn hátt verð fyrir hágæðavöru.

Tekjur Atlantis voru um 7,6 milljarðar króna í fyrra og gera áætlanir ráð fyrir því að þær verði rúmir ellefu milljarðar á þessu ári og tæpir sextán milljarðar króna á því næsta. Í upphafi snerist starfsemin aðallega um kaup, sölu og dreifingu sjávarafurða en undanfarið hafa sjálfar framleiðslueiningarnar verið keyptar í skiptum fyrir hlutabréf í samstæðunni. „Meira verður um slíkar sameiningar í náinni framtíð,“ segir Óli Valur.

Stærsta einkarekna fyrirtækið í heilbrigðisþjónustu

Á morgun verður starfsemi Liðsinni Solarplexus og Sögu heilsu sameinuð.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Til verður stærsta einkarekna fyrirtækið á sviði heilbrigðisþjónustu á Íslandi með sameiningu Liðsinnis Solarplexus (LSP) og Sögu heilsu ehf. Sameinað fyrirtæki tekur til starfa á morgun og verður Ásta Möller framkvæmdastjóri. Um 35 manns munu starfa hjá LSP.

„Þessi tvö fyrirtæki hafa verið hvort í sínum rekstrinum,“ útskýrir Ásta. Liðsinni hafi verið með 25 hjúkrunarfræðinga á sínum vegum sem sinni tímabundnum verkefnum inni á heilbrigðisstofnunum, á læknastofum, heimilum og fyrirtækjum. Þetta sé afleysingaþjónusta sem hafi létt álag af starfsfólki stofnana í manneklu. „Þá er gert samkomulag um að við mönnum ákveðinn fjölda vakta sem vantar fólk á. Með þessu höfum við í rauninni oft komið í veg fyrir að deildum sé lokað. Þetta er því raunhæfur kostur fyrir stofnanir til að halda uppi þjónustu.“

Ásta segir að ráðgjafahlutinn snúi að heilsuvernd í fyrirtækjum. „Guðmundur Björnsson læknir og stofnandi Sögu heilsu kemur þar inn í með sína starfsemi. Þetta er vinnuvernd í fyrirtækjum þar sem boðið er upp á heilsufarsmælingar, lífstílsráðgjöf, næringarráðgjöf, umsjón með heilsuvikum og ýmislegt annað til þess að bæta heilsu starfsmanna sem einstaklinga og vinnustaðarins í heild,“ segir Ásta. Þá heldur Guðmundur áfram að bjóða upp á trúnaðarlækningar fyrir fyrirtæki.

„Þetta er orðin mjög umfangsmikil starfsemi með fjölda starfsmanna,“ segir Ásta.

8,5%*

Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.07.2005–31.07.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS | BI 29139 08/2005

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	0%	7%
Bakkavör Group	2%	75%
Burðarás	1%	47%
Flaga Group	-2%	-34%
FL Group	-2%	56%
Grandi	0%	7%
Íslandsbanki	1%	36%
Jarðboranir	-3%	2%
Kaupþing Bank	1%	34%
Kögun	-1%	24%
Landsbankinn	3%	80%
Marel	0%	28%
SÍF	-3%	-3%
Straumur	-1%	39%
Össur	-1%	16%

*Miðað við gengi í Kauphöllinni á mánudaginn

Ekkert lát á hækkunum hlutabréfa

Úrvalsvísitalan stendur í rúmum 4.600 stigum. Sérfræðingur Íslandsbanka segir engar blikur á lofti um að verð fari lækkandi í bráð.

Úrvalsvísitalan stóð í rúmum 4.600 stigum við lokun markaða í gær og hefur aldrei verið hærri. Vísitalan hefur hækkað um 38 prósent frá áramótum og um sextíu prósent á ári undanfarin tvö ár.

Atli B. Guðmundsson hjá greiningu Íslandsbanka segir engar blikur á lofti um að verð á hlutabréfum lækki í bráð: „Þetta er búið að vera gríðarlega öflugt í sumar. Ég sé enga ástæðu til annars en að búast við því að verð á hlutabréfum haldi áfram að tikka upp á við.“

ATLI B. GUÐMUNDSSON HJÁ GREININGU ÍSLANDSBANKA Atli segir engar vísbendingar um annað en að verð hlutabréfa í Kauphöllinni haldi áfram að hækka.

Atli telur hækkanir síðustu vikna knúnar áfram af góðum uppgjörum fyrirtækja Kauphallarinnar: „Verð á hlutabréfum byggir fyrst á fremst á væntingum og uppgjörin gefa vísbendingu um að afkoma verði áfram góð og vaxandi.“

Atli segir gamla máltakið um að það sem upp fari hljóti að koma aftur niður ekki endilega eiga við í þessu tilviki: „Starfsemi fyrirtækjanna hefur vaxið mikið og kakan því stækkað.“ - jsk

Neytendur bjartsýnir

Væntingavísitala Gallup hefur ekki mælst hærri frá því í maí 2003 að því er kemur fram í Morgunkornum Íslandsbanka. Tiltrú neytenda á núverandi ástandi í efnahags- og atvinnumálum hefur vaxið verulega að undanförnu samhliða miklum vexti í hagkerfinu og minnkandi atvinnuleysi. Í Morgunkornum kemur einnig fram að fleiri telji að heildartekjur sínar verði hærri en þeir sem telja að þær verði lægri. - dh

SPRON í sérflokki

Hagnaður sparisjóðanna eykst milli ára.

Hagnaður stóru sparisjóðanna jókst talsvert á fyrri hluta árs miðað við sama tímabil í fyrra. Hann var um þrír milljarðar samanborið við um það bil 2.300 milljónir árið áður.

SPRON skilaði langmesta hagnaðinum, nærri 1,6 milljörðum króna. Það var einum milljarði meiri hagnaður en hjá Sparisjóðnum í Keflavík, sem kom næstur í röðinni. Hlutfallslega jókst hagnaður mest hjá Sparisjóði Kópavogs (+285%) og Sparisjóði Mýrasýslu (+92%).

MESTI HAGNAÐURINN HJÁ SPRON Hagnaður stóru sparisjóðanna jókst um þrjátíu prósent milli ára.

SPH var eini sparisjóðurinn sem skilaði minni hagnaði í ár en í fyrra.

Ávöxtun eigin fjár var einnig hæst hjá SPRON á fyrri hluta ársins, um 55 prósent. Bæði Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóðurinn í Keflavík sýndu yfir 35 prósenta arðsemi eigin fjár. - eþa

SEX MÁNAÐA HAGNAÐUR SPARISJÓÐANNA

	Hagnaður 2005	Arðsemi eiginfjár*	Hagnaður 2004
SPRON	1.572	54%	1.305
SPKEF	501	37%	363
SPV	434	17%	235
SPM	213	30%	111
SPH	183	12%	276
SPK	135	39%	35

* Á ársgrundvelli

Atlantic leigir olíuborpall

Færist nær því að verða olíuframleiðandi.

Atlantic Petroleum hefur færst nær því að verða olíuframleiðandi með því að taka olíuborpall á leigu á svokölluðu Chestnut-svæði. Framleiðslugeta pallsins er þrjátíu þúsund tunnur af olíu daglega og geymsluplass fyrir 300 þúsund olíutunnur. Chestnut-svæðið verður eitt af minnstu framleiðslueiningunum í Norðursjónum.

Borpallurinn verður leigður að minnsta kosti til 30 mánaða með möguleika á framlengingu til 24 mánaða í viðbót.

Heildarvirði samningsins er 64 milljónir Bandaríkjadala eða rúmir fjórir milljarðar.

Atlantic Petroleum, sem er skráð á íslenska hlutabréfamarkaðinn, hækkaði um tæp níu prósent í kjölfar fréttanna af olíuborpallinum.

OLÍUBORPALLUR Framleiðslugetan er 30 þúsund tunnur daglega.

Atlantic Petroleum á fimmtán prósent í olíuréttindum á Chestnut-svæðinu en vonir standa til að svæðið verði verulegt olíuframleiðslusvæði árið 2007. - dh

Ólafur nær meirihluta í SS

Ólafur Wernersson hefur keypt tæplega 45 prósenta hlut í B-deild Sláturfélags Suðurlands. Alls á Ólafur nú 55 prósent bréfa í félaginu.

Ólafur keypti 29,45 prósenta hlut af Frjálsa fjárfestingabankanum á rúmar 106 milljónir króna og 15,14 prósenta hlut af Guðmundi Alberti Birgissyni frá Núpum á rúmar 55 milljónir.

Bréfin voru keypt á genginu 1,80 sem er fimmtíu prósentum hærra en síðasta viðskiptagengi þeirra. Markaðsvirði félagsins er nú um 360 milljónir króna. - jsk

Starfsmenn hagnast vel

Hlutabréfaeign starfsmanna í KB banka hefur hækkað um fimm milljarða frá áramótum, þar af um 2,5 milljarða hjá 14 stjórnendum. Lykilstjórnendur hagnast um 8 milljónir króna á einum degi vegna framvirks samnings.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Starfsmenn í KB banka eiga um 19,5 milljarða í hlutabréfum í bankanum. Um síðustu áramót áttu starfsmenn KB banka um fimm prósent hlutafjár í bankanum, samkvæmt upplýsingum er komu fram í ársreikningi, og nam andvirði hlutanna 14,5 milljörðum króna. Bankinn hefur hækkað um 35 prósent frá áramótum og virði bréfanna um fimm milljarða.

TVEIR ÆÐSTU STJÓRNENDUR KB BANKA Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri og Sigurður Einarsson stjórnarformaður.

EIGNARHLUTIR HELSTU STJÓRNENDA KB BANKA MIÐAÐ VIÐ GENGIÐ 600

	Markaðsvirði*
Sigurður Einarsson	1.507**
Hreiðar Már Sigurðsson	1.203**
Ingólfur Helgason	1.128**
Steingrímur Kárason	1.105**
Ármann Þorvaldsson	1.066**
Magnús Guðmundsson	1.026
Johnie Brogger	765
Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson	745
Bjarki H. Diego	680**
Örvar Kærnested	449
Guðný Arna Sveinsdóttir	446**
Helgi Sigurðsson	297
Kristín Pétursdóttir	245
Friðrik S. Halldórsson	240**

* Markaðsvirði 30. ágúst (upphæðir í milljónum króna)
** Hafa gert framvirkan samning um kaup á 400 þúsund hlutum á genginu 580. Verðmæti hvers samnings er 232 milljónir. Lokauppgjör samnings er 29. nóvember

Stór hluti af heildareign starfsmanna í bankanum er í höndum helstu stjórnenda og framkvæmdastjóra. Ætla má að markaðsvirði hlutabréfa í þeirra eigu hafi hækkað um 2,5 milljarða frá áramótum.

Á mánudaginn síðastliðinn var tilkynnt um að stjórnendur í KB banka hefðu gert framvirka samninga um kaup á hlutabréfum fyrir rúma 1,7 milljarða króna á genginu 580. Kaupendurnir hafa hagnast strax á samningunum því gengi bankans er komið yfir 600 krónur á hlut. Hagnaðurinn á hvern aðila nemur átta milljónum.

Af þeim innherjum sem eiga aðild að þessum samningum eru forstjórinn Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður, með kauprétt að tæpum 7,7 milljónum hluta samanlagt. Markaðsvirði hlutanna miðað við síðasta gengi er 4,6 milljarðar króna.

Á aðalfundi KB banka í mars árið 2004 var samþykkt að veita Hreiðari Má og Sigurði rétti til þess að kaupa 812 þúsund hluti á ári næstum fimm árin. Miðast kaupgengi við markaðsvirði daginn sem rétturinn er veittur.

Eignarhlutur Hreiðars Más, án kaupréttar, er þessa stundina um 1,2 milljarðar króna. Hann hefur gert framvirkan samning um kaup fyrir 232 milljónir króna á genginu 580. Lokauppgjör samnings verður 29. nóvember næstkomandi.

Eignarhlutur Sigurðar er um 1,5 milljarðar króna og hann hefur sömuleiðis gert framvirkan samning um kaup á bréfum fyrir 232 milljónir króna.

Kaupréttarsamningar til starfsmanna hafa verið hluti af starfskjörum þeirra allar götur síðan árið 2000 þegar Kaupþing og Búnaðarbankinn störfuðu sitt í hvoru lagi. Ekkert félag í Kauphöll Íslands hefur jafn viðamiklar kaupréttaráætlanir og KB banki.

Stórir í Bonusbanken

KB banki á þrettán prósenta hlut í danska Bonusbanken, sem hækkað hefur hvað mest í dönsku kauphöllinni á þessu ári. Danski bankinn hefur tvöfaldast í verði frá því í byrjun júní.

Bonusbanken hefur vaxið hratt á undanförnum árum og sérhæfir sig í einkabankaþjónustu fyrir einstaklinga og minni og meðalstór fyrirtæki. Bankinn hagnaðist um eitt hundrað milljónir á fyrri helmingi ársins, sem er lítið minni hagnaður en fyrir allt síðasta ár. - eþa

KAUPMANNAHÖFN KB banki er meðal stærstu hluthafa í Bonusbanken, sem hefur hækkað um 130 prósent frá áramótum.

Við færum þér fjármálaheiminn
E*TRADE
Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

Hafsjór þekkingar

Samskip eru öflugt alþjóðafyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu. Þar að auki er umboð og samstarf við fjölda flutningafyrirtækja um allan heim. Fullkominn skipa- og tækjakostur, frábært starfsfólk og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörunni á áfangastað fljótt og vel.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

ARGUS / 06-0091

Vakta sóknarfærin

SIGURÐUR E. LEVY

Fyrirtæki geta nú látið Lánstraust vakta alla helstu fréttamiðla landsins, sem á að auðvelda þeim eftirlit með fyrirtækjum sem tengjast viðskiptahagsmunum þeirra. Í fréttatilkynningu segir að þetta sé nýr þjónustuliður sem bætist við fjárhags- og viðskiptaupplýsingakerfi Lánstrausts. Fréttavaktin byggir á samstarfi við Fjölmiðlavaktina, en kemur ekki stað þeirrar þjónustu sem Fjölmiðlavaktin sinnir, enda ætlað að svara ólíkum þörfum. Sigurður E. Levy, deildarstjóri sölu- og þjónustudeildar Lánstrausts, segir misjafnt hversu víðtækri þjónustu viðskiptavinir óski eftir. Fréttavaktin sé viðbót við aðra þjónustu sem gerir fyrirtækjum kleift að fylgjast með áhættusömum viðskiptavinum og ekki síður að vakta ný sóknarfæri í viðskiptum.

KEA hagnast um 200 milljónir

Kaupfélag Eyfirðinga hagnaðist um 198 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins, samanborið við 131 milljón árið áður. Hreinar rekstrartekjur námu 338 milljónum samanborið við 177 milljónir króna árið áður.

Heildareignir félagsins nema fimm milljörðum króna og er eiginfjárhlutfall félagins 84 prósent.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að félagið hafi selt eignarhlut sinn í Samherja og sé söluhagnaður vegna þeirrar sölu 166 milljónir króna. - dh

SKYRIÐ FRÁ KEA ER VINSÆLT KEA hagnaðist um tæpar 200 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins.

2,5 milljarða hagnaður

Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar skilaði um 2.450 milljóna króna hagnaði á síðasta ári, sem er nærri áttfalt meiri hagnaður en árið áður. Arðsemi eigin fjár var um 132 prósent.

Þessi mikli vöxtur skýrist af aðstæðum á innlendum hlutabréfamarkaði. Söluhagnaður af verðbréfum var um 1,2 milljarðar króna. Stærsta eign Eignarhaldsfélagsins var um þrjátíu prósenta hlutur í VÍS og þriðjungshlutur í Eignarhaldsfélaginu Hesteyri, sem á stóran hlut í VÍS og Skinney-Þinganesi. - eþa

Föroya Tele á breskan markað

Færeyska ríkisfjarskiptafyrirtækið hefur keypt hlut í breskri breiðbandsveitu.

Færeyska ríkisfjarskiptafyrirtækið Föroya Tele hefur keypt hlut í bresku breiðbandsveitunni Telebria. Telebria er rúmlega tveggja ára gamalt fyrirtæki og stendur nú að uppbyggingu stærsta breiðbandskerfis á Bretlandseyjum.

FRÁ FÆREYJUM Föroya Tele hefur hafið innrás á breskan breiðbandsmarkað. Í tilkynningu frá færeyska fyrirtækinu kemur fram að nauðsynlegt sé að leita út fyrir eyjarnar til þess að mæta kröfum um frekari vöxt.

Mikil einkavæðingarhrina er fyrir dyrum í Færeyjum og er Föroya Tele eitt þeirra fyrirtækja sem til stendur að einkavæða. Leiða má að því líkum að með kaupunum leitist forsvarsmenn fyrirtækisins við að auka verðmæti þess áður en það verður selt. Segir í tilkynningu frá Föroya Tele að fyrirtækið telji nauðsynlegt að færa sig út fyrir eyjarnar til þess að mæta kröfum um frekari vöxt og að í útrásinni sé ómetanlegt að njóta samstarfs við fyrirtæki á borð við Telebria. Tróndur Djurhus, framkvæmdastjóri, tekur sæti í stjórn Telebria fyrir hönd Föroya Tele.

Alls var seldur rúmlega 120 milljóna króna hlutur í Telebria og var Föroya Tele stærsti kaupandinn. - jsk

Útlán Byggðastofnunar minnka

Byggðastofnun tapaði fjörutíu milljónum á fyrstu sex mánuðum ársins borið saman við fimmtán milljóna króna hagnað árið áður. Hreinar vaxtatekjur námu 184 milljónum króna samanborið við 120 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld jukust mikið milli ára og voru 419 milljónir en voru 282 milljónir árið áður.

Heildarútlán sjóðsins hafa dregist saman um tvo milljarða milli ára og námu rúmum 10 milljörðum í lok júní. - dh

BYGGÐASTOFNUN Á SIGLUFIRÐI Tap fyrstu sex mánuði ársins nam 40 milljónum.

Tæknival tapar 41 milljón

Tæknival tapaði 41 milljón króna á fyrstu sex mánuðum ársins og var rekstrartap fyrir afskriftir og fjármagnsliði þrettán milljónir króna. Ekki er hægt að bera afkomu félagsins saman við árið áður vegna þess að hagnaður af sölu verslana í eigu Tæknivals var rúmur milljarður. Veltufé frá rekstri var 27 milljónir króna. Eigið fé félagsins er neikvætt um 41 milljón.

Í tilkynningu frá félaginu segir að hægur viðsnúningur sé í rekstri félagsins og gert sé ráð fyrir hagnaði á næsta ári. - dh

Kaupþing safnar bréfum í HB Granda

Bankinn aðalkaupandinn allan ágústmánuð. Þrír stærstu hluthafarnir ráða yfir sextíu prósenta hlut í útgerðarfélaginu.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

KB banki hefur safnað hlutabréfum í stærsta útgerðarfélagi landsins HB Granda undanfarnar vikur og mánuði, og er hlutur bankans kominn yfir 21 prósent af útistandandi hlutafé. Til samanburðar átti bankinn um fimm prósent snemma í janúar og hefur síðan bætt við sig jafnt og þétt. Í júlí keypti bankinn allt hlutafé HB-fjölskyldunnar á Akranesi, um sex prósenta hlut.

KB banki hefur nánast verið einn á kaupendahliðinni allan ágústmánuð.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er bankinn ekki að kaupa fyrir stærstu hluthafa félagsins en það gæti þýtt að yfirtökuskylda myndaðist. Stjórnendur félagsins hafa lýst því yfir að ekki sé vilji af þeirra hálfu að taka félagið af markaði og verður ekki hróflað við stjórnun félagsins án þeirra samþykkis. Tveir hluthafar eiga bróðurpart hlutafjár í HB Granda auk KB banka; Vogun á 31 prósent og Hampiðjan um tíu prósent. Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, á sæti í stjórn Vogunar og Hampiðjunnar og Kristján Loftsson er einnig stjórnarmaður í báðum félögum.

TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR HB GRANDA	
Vogun	31,7%
KB banki	21,3%
Hampiðjan	9,4%
Tryggingamiðstöðin	5,4%
Sjóvá-Almennar	5,2%
Ker	4,8%
Ingimundur Ingimundarson	4,3%
Nafta	3,2%
Fiskveiðahlutafélagið Venus	2,6%
Vopnafjarðarhreppur	2,4%

FRÁ AÐALFUNDI HB GRANDA KB banki hefur stækkað stöðu sína í HB Granda frá áramótum úr fimm prósentum í 21 prósent.

Talið er mjög líklegt að KB banki sé að kaupa bréfin fyrir þriðja aðila sem ekki hefur fengist staðfest hver sé. KB banki hefur alla getu til þess að halda stórri stöðu í HB Granda um langa hríð og ekki er talið ósennilegt að bankinn telji að félagið eigi meira inni og gengi félagsins geti því hækkað áfram.

Félög tengd Árna og Kristjáni hafa verið að kaupa hlutabréf í HB Granda á liðnu ári. Hampiðjan hefur keypt um 1,4 prósent á tæpu ári, Vogun um sex prósent og Ker, sem er að fimm prósentum í eigu Vogunar, um 1,3 prósent.

Gengi bréf í HB Granda stóð í 8,9 krónum á hlut við lok viðskiptadags í gær en var 7,75 í ársbyrjun.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFA N/SIA.IS ISP 28973 04/05

Öryggi og hraði

Það skiptir höfuðmáli að mikilvægar sendingar lendi á réttum stöðum.
Þegar kemur að hraðsendingum erum við sérfræðingarnir.
- Láttu okkur sjá um allan pakkann.

PÓSTURINN
allur pakkinn

ÚTRÁSARVÍSITALA				113,34	-2,16%
Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjald-miðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	11,17	Lev	39,65	2,88%
Carnegie	Svíþjóð	87,75	SEK	8,34	-1,74%
Cherryföretag	Svíþjóð	27,50	SEK	8,34	-3,64%
deCode	Bandaríkin	9,48	USD	63,16	-6,31%
EasyJet	Bretland	2,99	Pund	113,91	-1,45%
Finnair	Finnland	9,23	EUR	77,65	-0,68%
French Connection	Bretland	2,56	Pund	113,91	4,22%
Intrum Justitia	Svíþjóð	64,00	SEK	8,34	0,22%
Keops	Danmörk	14,67	DKR	10,41	-3,26%
Low & Bonar	Bretland	1,14	Pund	113,91	-1,73%
NWF	Bretland	5,46	Pund	113,91	-1,05%
Sampo	Finnland	12,54	EUR	77,65	-4,03%
Saunalahti	Finnland	2,62	EUR	77,65	0,41%
Scribona	Svíþjóð	15,30	SEK	8,34	7,98%
Skandia	Svíþjóð	41,30	SEK	8,34	-2,15%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

Samþjöppun á gasmarkaði

Franska gasfyrirtækið Gaz du France hyggst leggja fram yfirtökutilboð í hið breska Centrica. Markaðsvirði sameinaðs fyrirtækis yrði rúmir þrjú þúsund milljarðar íslenskra króna.

Gas de France var lengst af í eigu franska ríkisins en var einkavætt fyrr á þessu ári. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru sagðir vilja nýta reynslu Centrica af einkarekstri.

Orðrómur hefur lengi verið uppi um að yfirtaka á Centrica sé yfirvofandi og voru nöfn rússneska gasfyritækisins Gazprom og norska orkurisans Norsk Hydro nefnd í því samhengi.- **jsk**

Fréttablaðið/AFP

BORAÐ EFTIR GASI Franska gasfyrirtækið Gaz du France hyggst taka yfir hið breska Centrica.

Fréttablaðið/AFP

ALAN GREENSPAN, SEÐLABANKASTJÓRI BANDARÍKJANNA Greenspan hélt ræðu á fundi seðlabankastjóra víðs vegar að úr heiminum sem fram fór í Wyoming-ríki. Greenspan sagði meðal annars hækkanir á olíuverði ekki hafa afgerandi áhrif á bandaríska hagkerfið.

Óttast fjárlagahalla og verndarstefnu

Alan Greenspan sagði í ræðu að sveigjanleika bandaríska hagkerfisins væri ógnað. Hann óttast hrun á húsnæðismarkaði en ver þó stýrivaxtahækkanir seðlabankans.

Jón Skaftason
skrifar

Alan Greenspan, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, telur verndarstefnu í viðskiptum og síaukinn fjárlagahalla stærstu hætturnar sem steðji að bandaríska hagkerfinu. Greenspan segir hvort tveggja ógna sveigjanleika hagkerfisins sem Greenspan telur til höfuðkosta þess.

Þetta kom fram í ræðu sem bankastjórinn hélt á árlegum fundi seðlabankastjóra víðs vegar að úr heiminum í Jackson Hole í Wyoming-ríki. Greenspan yfirgefur seðlabankann í janúar næstkomandi, eftir átján ár í starfi.

Greenspan hafði áður lýst áhyggjum sínum af afleiðingum vaxtahækkana undanfarinna missera. Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti skref fyrir skref undanfarna tíu mánuði. Greenspan sagðist óttast að hækkun stýrivaxta kynni að leiða til þess að húsnæðismarkaður í landinu hrynji. Hann varði þó hækkanirnar og sagði þær nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir að hagkerfið ofhitnaði og verðbólga færi úr höndunum.

Olíufatið fór yfir sjötíu dali á mánudag eftir að loka þurfti vinnslustöðum vegna fellibylsins Katrínar sem reið yfir suðurríki Bandaríkjana. Greenspan sagði hækkanir undanfarinna missera þó ekki hafa afgerandi áhrif á hagkerfið: „Markaðshagkerfi okkar er svo sveigjanlegt að olíuverðshækkanir undanfarinna tveggja ára hafa ekki haft teljandi áhrif. Það er því gríðarlega mikilvægt að við töpum ekki þessum sveigjanleika.“

VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

VELDU BÍL ÁRSINS VOLVO S40

Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Volvo S40 bíl ársins fyrir 2004. Skoðaðu bíl ársins og þú upplifir hrífandi hönnun Volvo S40. Kynntu þér frábæra aksturseiginleika, vélarnar og aðra yfirburða tækni. Þreifaðu á yfirborði innréttinganna, hallaðu þér aftur í sætinu og reyndu sigurvegarann Volvo S40. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo S40.

Heimsbíll ársins í fyrsta sinn í sögunni

Volvo S40 var tilnefndur sem „Heimsbíl ársins 2005“ og bætist tilnefningin við flóru viðurkenninga Volvo S40 en Volvo S40 er bíll ársins á Íslandi. Euro NCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn eða 5 stjörnum, sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express metur Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati umferðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna IIHS og sænska tryggingarfélagið Folksam verðlaunar Volvo S40 með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Draumabíll bílablaðamannsins

Bíll ársins Volvo S40 er efstur á óskalista bílablaðamanns Morgunblaðsins. Hann segir: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf“.

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.

Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Volvo S40 bensín.
Verð frá 2.395.000 kr.*

Volvo S40 dísil.
Verð frá 2.695.000 kr.*

BÍLL ÁRSINS 2004

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Seðlabankastjóri Ítalíu spilltur?

Antonio Fazio heyrist segja á segulbandi að hann vilji ekki að ítalskir bankar falli útlendingum í hendur. Fazio er æviráðinn og náinn vinur Berlusconis.

Seðlabankastjóri Ítalíu, Antonio Fazio, er sakaður um ólögleg afskipti af sölu ítalska bankans Banca Antonoveta. Bankinn var yfirtekinn af hinum ítalska Banca Populare Italiana (BPI) eftir harða baráttu við hollenska bankann ABN Amro.

Nýlega voru birtar segulbandsupptökur af samtali Fazio og bankastjóra BPI, Gianpiero Fiorini, þar sem Fazio sagði nauðsynlegt að Banco Antonoveta yrði áfram í eigu ítalskra aðila.

Andstæðingar Fazios heimta að hann segi af sér en seðlabankastjórinn sjálfur, sem er ráðinn fyrir lífstíð og er náinn vinur Silvios Berlusconi forsætisráðherra, segist hins vegar hafa fylgt reglum Evrópusambandsins og ítölskum lögum til hins ýtrasta.

ANTONIO FAZIO, SEÐLABANKASTJÓRI ÍTALÍU „Þakka þér kærlega fyrir, Tonino [Fiorini], ég myndi kyssa þig á ennið ef ég gæti. Ég veit þú hefur þurft að þjást," sagði seðlabankastjórinn þegar hann frétti að Banca Antonoveta yrði áfram í eigu ítalskra aðila.

Á upptökunni má heyra viðbrögð Fazios við þeim fregnum að GPI hafi haft betur í baráttunni um Banco Antonoveta: „Þakka þér kærlega fyrir, Tonino [Fiorini], ég myndi kyssa þig á ennið ef ég gæti. Ég veit þú hefur þurft að þjást."

Yfirtöku GPI á Banca Antonoveta hefur verið frestað þar til mál Fazios skýrast. - jsk

Tyrkir selja landssímann

Hópur fjárfesta undir stjórn sádi-arabíska fjarskiptafyrirtækisins Oger hefur keypt rúman helmingshlut í tyrkneska landssímanum.

Ríkisstjórn Tyrklands hefur gengið að 425 milljarða króna tilboði í tyrkneska landssímann, Turk Telekom. Tilboðið kemur frá hópi fjárfesta, sem sádi-arabíska fjarskiptafyrirtækið Oger leiðir, og er í 55 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Kaupsamningar voru undirritaður á dögunum af forsvarsmönnum Oger og fjármálaráðherra Tyrkja, Kemal Unakitan. Salan er sú stærsta til þessa í miklu einkavæðingarferli sem hrundið hefur verið af stað í Tyrklandi.

Sérfræðingar segja sölu Turk Telekom til marks um áhuga erlendra fjárfesta á landinu: „Hvert einasta skref einkavæðingarinnar færir okkur nær sterku og heilbrigðu markaðshagkerfi," sagði í yfirlýsingu frá ríkisstjórn Tyrklands.

Turk Telekom er þrettánda stærsta fjarskiptafyrirtæki í heimi og hefur yfirburði á tyrkneska heimasímamarkaðnum. Fyrirtækið á auk þess stóran hlut í Avea, sem er þriðja stærsta farsímafyrirtæki Tyrklands. - jsk

FRÁ ISTANBUL Miklu einkavæðingarferli hefur verið hrundið af stað í Tyrklandi. Sala ríkissímafyrirtækisins er síðasti og stærsti þátturinn í því.

SÖGUHORNIÐ

Fjármálaráðherra sólkonungsins

Jean-Baptiste Colbert, fjármálaráðherra Loðvíks fjórtánda Frakkakonungs, fæddist 29. ágúst árið 1619. Colbert gegndi starfi fjármálaráðherra Frakklands í 22 ár.

Það hefur varla verið auðvelt starf að vera fjármálaráðherra sólkonungsins Loðvíks fjórtánda, sem var frægur eyðsluseggur og þótti fátt skemmtilegra en að heyja kostnaðarsamar styrjaldir við nágranna sína og halda þess á milli íburðarmiklar veislur í höll sinni í Versölum.

Colbert þótti þó takast nokkuð vel upp og tókst að koma í veg fyrir að eyðslusemi sólkonungsins sigldi ríkisbúinu í þrot. Ástandið var heldur bagalegt þegar Colbert tók við og var hans fyrsta verk að losa sig við spillta embættismenn sem hygldu skammlaust vinum sínum og velgjörðamönnum við úthlutun lána og innheimtu skatta.

Því næst tók Colbert við að endurbæta skattkerfið. Hann lét yfirstéttina ekki komast upp með neitt múður, lagði af alla vafasama skattafslætti og bætti skattheimtu þannig að forréttindahópar í samfélaginu áttu engrar undankomu auðið.

Þegar skattkerfið hafði verið tekið í gegn beindi Colbert sjónum sínum að efnahagslífinu sjálfu; hann kom á fót nýjum iðngreinum, fékk erlenda iðnverkamenn til landsins og bannaði innlendum kunnáttumönnum að flytjast úr landi.

JEAN-BAPTISTE COLBERT Var öðrum fremur þakkað að eyðslusemi Loðvíks fjórtánda sigldi franska ríkinu ekki í þrot. Í tíð sinni sem fjármálaráðherra umbylti hann efnahagslífi í Frakklandi.

Í tíð Colberts hófst innflutningur á gleri frá Ítalíu og klæðaströngum frá flæmingjum í Belgíu og Hollandi. Þá sá hann til þess að Franska Austur-Indíafélagið flytti inn kaffi, baðmull, loðfeldi, pipar og sykur.

Colbert bætti allt regluverk í Frakklandi auk þess að leggja háa tolla á innflutning varnings sem keppa átti við franska framleiðslu. Þótti sumum nóg um reglusýki fjármálaráðherrans.

Colbert var einnig mikill listunnandi auk þess að ráða öllu sem hann vildi ráða innan stjórnsýslunnar og átti meðal annars frumkvæði að stofnun franska sjóhersins.

Fjármálaráðherrann var þó fyrst og fremst peningamaður eins og fræg ummæli hans sýna ef til vill best: „Ríkidæmið eitt sker úr um hvort ríki er stórveldi eða smáríki." - jsk

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

Playboy á vefinn

Klámfiklar geta nú nálgast Playboy á stafrænu formi.

Playboy hyggst hefja útgáfu á tímariti sínu í stafrænu formi gegnum netið. Efni blaðsins verður hið sama og í prentútgáfunni, sem í áraraðir hefur verið leiðandi klámtímarit í heiminum.

Sala á Playboy hefur minnkað undanfarin ár með auknum vinsældum klámvefsíða. Forsvarsmenn tímaritsins hafa hingað til neitað að takast á við netvæðinguna en þeim hefur nú snúist hugur: „Þetta er næsta skref í þróun Playboy-tímaritsins," sagði Christie Hefner, stjórnarformaður Playboy og dóttir klámkóngsins Hugh Hefner.

Markmiðið með útgáfu Playboy á stafrænu formi er að auka auglýsingatekjur blaðsins og breikka lesendahópinn. Hlutabréf í Playboy stóðu í stað eftir að fréttirnar bárust. - jsk

Google færir út kvíarnar

Stærsta vefleitarforrit heims býður nú viðskiptavinum sínum að hringja á netinu. 250 milljarða hlutafjáraukning varð í Google á dögunum.

Vinsælasta vefleitarforrit heims, Google, hyggst bjóða viðskiptavinum sínum upp á ókeypis símhringiforrit. Forritið nefnist Google Talk og gerir notendum með veffang hjá Google kleift að spjalla í gegnum netið.

Með þessu hyggst Google fara í beina samkeppni við önnur símhringiforrit frá fyrirtækjum á borð við Skype, Microsoft og Yahoo. Sá galli er þó á að með forriti Google verður aðeins hægt að spjalla milli tölva en ekki milli tölvu og síma.

Talið er að eftirspurn eftir símhringiforritum á netinu eigi eftir að margfaldast á næstu misserum. Símtöl eru margfalt ódýrari gegnum netið auk þess sem háhraða internettengingar gera fólki kleift að hringja milli heimshluta á sekúndubrotum.

GOOGLE TALK Forritið gerir notendum með veffang hjá Google kleift að hringja milli tölva. Google ræðst með þessu gegn fyrirtækjum á borð við Microsoft og Skype, sem hafa hingað til verið ráðandi á markaðnum.

Búist hafði verið við þessu útspili frá Google en gefið hafði verið út að frekari fjárfestingar væru á döfinni eftir að hlutafé í félaginu var aukið um 250 milljarða króna. - jsk

Finna sársauka eftir 30 vikur

Fóstur byrja að finna til á þrítugustu viku meðgöngu. Uppgötvunin setur allt í háaloft í Bandaríkjunum.

Fóstur finna ekki til sársauka fyrr en á þrítugustu viku meðgöngu, segir í nýrri bandarískri rannsókn. Samkvæmt rannsókninni myndast svæðið í heilanum sem skynjar sársauka ekki fyrr en eftir 23 til 30 vikur og verður ekki virkt fyrr en töluvert síðar á meðgöngunni.

Rannsóknin er einstaklega umdeild í Bandaríkjunum, þar sem mikil andstaða er við fóstureyðingar. Samkvæmt lögum í mörgum ríkjum Bandaríkjanna ber lækni að tilkynna konu sem óskar eftir fóstureyðingu eftir tuttugu vikur meðgöngu að fóstrið finni til. Þá er læknum skylt að sprauta fóstur með sársaukadeyfandi lyfjum.

„Þetta hefur verið rannsakað í tvö ár og alltaf er niðurstaðan sú sama, fóstur finna ekki til fyrr en eftir þrjátíu vikur í móðurkviði," sagði Wendy Chavkin, yfirmaður samtakanna Læknar til stuðnings fóstureyðingum.

Chavkin bætti síðan við: „Lög um fóstureyðingar snúast ekki um læknavísindi né heilbrigði landsmanna, heldur pólitík og hugmyndafræði." - jsk

FÓSTUR Það svæði sem skynjar sársauka verður ekki virkt fyrr en í fyrsta lagi á þrítugustu viku meðgöngu.

Harður diskur fyrir DVD-spilara

Japanski raftækjaframleiðandinn Hitachi hefur kynnt DVD-spilara með hörðum diski sem getur geymt eitt terabæt af gögnum, eða sem samsvarar 128 klukkustundum af kvikmyndum í hæsta gæðaflokki. Hægt verður að fá diskana sér eða innbyggða í DVD-spilara.

Hörðu diskarnir eru hinir fyrstu sinnar tegundar í heiminum og koma á markað í Japan í lok september. Hitachi hefur verið rekið með tapi síðan það hóf innreið sína á DVD-markað í Japan fyrir rúmu ári og hefur aðeins þriggja prósenta markaðshlutdeild. Ekki hefur verið ákveðið hvenær harði diskurinn frá Hitachi kemur í evrópskar búðir. - jsk

HARÐUR DISKUR FRÁ HITACHI DVD-unnendur geta brátt geymt allt að 128 klukkustundir af efni inni á spilurum sínum.

Hömlur á tölvuleikjaspili í Kína

Ekki verður leyfilegt að spila fjölþátttökuleiki lengur en í þrjár klukkustundir í senn samkvæmt nýjum kínverskum lögum. Margir Kínverjar lifa lífinu í gegnum tölvuna.

Jón Skaftason
skrifar

Ríkisstjórn Kína hefur samþykkt ný lög sem eiga að koma í veg fyrir að unnendur fjölþátttökuleikja geti spilað í meira en þrjár klukkustundir samfleytt.

Eftir þrjár klukkustundir fer geta persóna í tölvuleikjunum minnkandi og eftir fimm klukkustundir verða þær nær dauða en lífi. Eina leiðin til að fá persónurnar til að jafna sig er að taka sér fimm stunda hlé frá tölvuleikjaspili. Tölvuleikjaframleiðendur í landinu eru sáttir við nýju lögin, og segjast taka heilsu almennings fram yfir eigin hag.

Lögunum er ætlað að stemma stigu við sívaxandi tölvuleikjaástríðu Kínverja en margir í landinu eiga beinlínis við fíkn að stríða þegar kemur að leikjum á borð við World of Warcraft og Legend of Mir II.

Tuttugu milljónir Kínverja spila fjölþátttökuleiki reglulega, flestir á þar til gerðum netkaffihúsum. Á síðasta ári eyddu kínverskir netnotendur rúmum þrjátíu milljörðum króna í leiki á netinu.

Yfirvöld hafa haft áhyggjur af því að keyrt hafi um þverbak; að margir hafi tapað sér við tölvuleikjaspil og lifi lífinu beinlínis gegnum tölvuna. Kornið sem fyllti mælin var þó þegar maður, Quiu Chengwei að nafni, myrti félaga sinn eftir þeir höfðu deilt um eignarrétt á sverði sem aðeins er til í tölvuleiknum Legend of Mir. Qui var síðar dæmdur til dauða.

Rúmlega hundrað milljón netnotendur eru í Kína.

Fréttablaðið/AFP

NÝR TÖLVULEIKUR KYNNTUR Í CHENGDU Í KÍNA Fjölþátttökuleikir eru feikivinsælir í Kína. Ríkisstjórn landsins þykir nóg um og hyggst refsa leikmönnum sem sitja lengur við en þrjár klukkustundir í senn.

Allt strand í mynddiskadeilu

Ekkert virðist þokast í samkomulagsátt í deilu Sony og Toshiba um næstu kynslóðar mynddiska. Tveir kostir eru í stöðunni.

Enn hefur ekki náðst samkomulag milli mynddiskaframleiðenda um það hvaða stefnu skuli taka í gerð næstu kynslóðar dvd-mynddiska.

Tvær gerðir mynddiska koma til greina; hd-dvd sem framleiddir eru af Toshiba og Bluray sem hannaðir eru af Sony. Fyrirtækin vilja fyrir alla muni koma í veg fyrir að stríðið sem ríkti milli VHS og Betamax-myndbandsspólframleiðenda á áttunda áratugnum endurtaki sig.

Forsvarsmenn tæknirisanna tveggja hafa undanfarna daga setið sveittir við samningaborðið og reynt að koma sér saman um aðra hvora gerðina.

Gæði mynddiskanna eru margföld á við þau gæði sem gömlu dvd-diskarnir bjóða upp á. Bluray-diskarnir hafa hins vegar talsvert meira minni en hd-dvd en á móti kemur að hd-dvd-diskarnir eru mun ódýrari í framleiðslu.

Toshiba hyggst setja hd-dvd-tæknina á markað fyrir lok árs en Sony mun kynna Bluray samfara nýrri Playstation 3 leikjatölvu sem áætlað er að komi út í byrjun næsta árs.

Hvorugur aðilinn hefur þó útilokað að samkomulag náist um eina gerð mynddiska: „Við höfum ekki sett nein tímamörk á umræðurnar, það liggur hins vegar ljóst fyrir að stöðugt skemmri tími er til stefnu." - jsk

Fréttablaðið/AFP

HD-DVD MYNDDISKUR Hd-dvd diskarnir eru með þrjátíu gígabæta minni en Bluray með fimmtíu gígabæta. Hd-dvd eru hins vegar mun ódýrari í framleiðslu. Framleiðendur virðast þó ekki geta komið sér saman um hvor tegundin sé framtíðin í mynddiskaiðnaði.

Fréttablaðið/Gettyimages

LAUREN LEIKMAÐUR ARSENAL OG „FÉLAGI“ BT ætlar sér að bjóða í útsendingarétt á ensku úrvalsdeildinni þegar núgildandi samningur rennur út. Það er ekki furða að rétturinn sé eftirsóttur enda alltaf nóg um furðulegar uppákomur í enska boltanum.

Nær BT boltanum af Sky?

Engin ein stöð má sýna meira en helming leikja ensku úrvalsdeildarinnar.

Breski fjarskiptarisinn British Telecom (BT) hyggst bjóða í útsendingarétt á leikjum úr ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu árið 2007.

Rétturinn hefur verið í eigu BSkyB frá stofnun deildarinnar árið 1992. Evrópsk samkeppnisyfirvöld hafa hins vegar gert athugasemdir við yfirburðastöðu Sky á markaðnum og telja að engin ein stöð eigi að sýna meira en helming leikja deildarinnar. Lagt er til að rétturinn verði seldur í fernu lagi.

BT hefur nýverið sett á laggirnar ADSL-sjónvarpsþjónustu og er áætlað að útsendingar muni nást á hverju einasta heimili í Bretlandi innan fjögurra ára. Fyrirtækið hyggst leggja áherslu á umfjöllun um knattspyrnu og senda út leiki víðs vegar að úr Evrópu. - jsk

Ung að eilífu?

Bandarískir vísindamenn við Texas-háskóla segjast hafa fundið gen sem ræður ævilengd músa. Með því að örva starfsemi gensins, sem nefnist Klotho, mátti lengja meðalævilengd tilraunamúsa úr tveimur árum í þrjú.

Þar sem mannfólk hefur sama gen vonast vísindamennirnir til þess að örvun gensins hafi sömu afleiðingar fyrir mannfólkið: „Þetta er stórkostleg uppgötvun og fyrsta skrefið í því að lengja meðallíftíma mannfólks,“ sagði dr. Mokoto Kuroo, sem leiddi rannsóknina.

Sá böggull fylgdi þó skammrifi að frjósemi músanna virtist hraka þegar átt var við genið. - jsk

TILRAUNAMÝS Vísindamenn segjast nú hafa náð að lengja líftíma músa með því að eiga við aldursgen.

Sjónvarpsefni BBC á netið

BBC, breska ríkisútvarpið, hyggst hefja sjónvarpsútsendingar á netinu. Settur verður á laggirnar svokallaður MyBBC-Player sem gerir notendum kleift að hala niður allt að sjö daga sjónvarpsefni af vef BBC.

„Ef við aðlögumst ekki nýjum tímum mun stofnunin hvorki fá né eiga skilið framlög frá ríkinu“, sagði Mark Thompson yfirmaður BBC. Thompson bætti því svo við að hægt yrði að kaupa þá tónlist sem fólk heyrir á útvarpsstöðvum BBC í gegnum vefsíðu stofnunarinnar: „Það væri fáránlegt ef fólk gæti ekki nálgast efnið sem það sér eða heyrir á vefsíðu okkar. Við lifum á tímum iPoda og stafrænnar tækni.“ - jsk

VERKEFNASTJÓRNUN FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Námskeiðin henta öllum sem þurfa að stjórna eða taka þátt í verkefnum þar sem stefnt er að mælanlegum og áþreifanlegum árangri.

„Námið í Verkefnastjórnun fyrir atvinnulífið hjá Stjórnendaskólanum er sniðið að þörfum viðskiptalífsins, þar sem áhersla er lögð á skýr markmið!“

Leiðbeinendur:
Þórður Víkingur Friðgeirsson
Sigurjón Hákonarson

Námslína

	Dags.	Tími
Inngangur að verkefnastjórnun	15. sept.	kl. 13.00 – 17.00
Verkefnastjórnun fyrir verkefnastjóra	21., 28. og 29. sept.	kl. 13.00 – 17.00
Verkefnastjórinn sem leiðtogi	12., 13., 19. og 20. okt.	kl. 13.00 – 17.00
Upplýsingatækni fyrir verkefnastjóra	2., 3., 9. og 10. nóv.	kl. 13.00 – 17.00
Verkefnastjórnunarumhverfi Prince2	30. nóv., 1. og 5. des.	kl. 13.00 – 17.00

Skráning er hafin!
Hægt er að skrá sig í einstaka hluta námslínu á vef Stjórnendaskólans.
Allar upplýsingar eru á www.stjornendaskoli.is

FABRIKAN

Nánari upplýsingar veitir:
Nanna Ósk Jónsdóttir
Verkefnastjóri
Sími: 599 6424
GSM: 825 6424

Ofanleiti 2, 3. hæð
103 Reykjavík
Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Viltu sjá BBC eða CNN **beint** um gervihnött?
Þá höfum **við** búnaðinn.

Verð frá **16.900,- stgr.**

- Smart FTA móttakari,
- 65 cm stáldiskur
- 0,3dB stafrænn nemi.

Leiðandi í
- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660

www.oreind.is

MIKILVÆG ATVINNUGREIN Á LANDSBYGGÐINNI Hætt er við að mörg fiskvinnslufyrirtæki leggi upp laupana haldist krónan áfram sterk. Hátt olíuverð kemur svo niður á útgerðarhlutanum. Á móti hefur afurðaverð í flestum flokkum verið hátt á árinu sem hjálpar til.

Krónan og olían valda verkjum

Það er þungbúið yfir útgerðinni. Hefðbundinn rekstur í veiðum og vinnslu hefur sjaldan verið erfiðari. *Eggert Þór Aðalsteinsson* leit yfir nýleg uppgjör sjávarútvegsfélaga og kannaði aðstæður í landvinnslunni.

Þau sjávarútvegsfélög sem birta uppgjör sín í Kauphöll Íslands búa við erfiðar aðstæður þessa dagana hvort sem er við veiðar eða vinnslu, enda hafa rekstrarskilyrði sjaldan verið erfiðari en einmitt nú um stundir. Það sama gildir auðvitað um önnur útgerðarfyrirtæki; hátt olíuverð, launaskrið á almennum vinnumarkaði og sterkari króna gera þeim lífið leitt.

Þá hafa veiðar á uppsjávarfiski gengið treglega, nær engar loðnuveiðar hafa verið í sumar og lítil veiði á kolmunna.

LÆKKANDI FRAMLEGÐ

HB Grandi, annað af tveimur útgerðarfélögum sem er skráð í Kauphöllina, skilaði 414 milljóna króna tapi á öðrum ársfjórðungi sem var nokkuð í takt við væntingar markaðsaðila. Velta félagsins hefur verið að aukast vegna hækkandi afurðaverðs á bolfiski og var 2,7 milljarðar á fjórðungnum. Það var töluvert hærri upphæð en spáð hafði verið. Á móti var hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA), tala sem mikið er horft til þegar meta á árangur sjávarútvegsfélaga, nokkru lægri en búist hafði verið við. EBITDA-hagnaður var 355 milljónir og framlegðarhlutfallið (EBITDA) um þrettán prósent af tekjum samanborið við sautján prósent á öðrum ársfjórðungi árið 2004.

„Lægra EBITDA hlutfall ræðst af hærri olíukostnaði útgerðar, kostnaði við upphaf veiða Engeyjar og erfiðu rekstrarumhverfi landvinnslu vegna sterks gengis krónunnar. Þannig lækkaði meðalgengisvísitala krónunnar um 9,2% á öðrum ársfjórðungi samanborið við sama tímabil árið áður," segir í tilkynningu frá HB Granda.

GENGIÐ, OLÍAN OG LAUNASKRIÐ

Samherji, sem var afskráður í lok júlí, hagnaðist um 390 milljónir króna á sama tíma. Söluhagnaður af fiskimjölsverksmiðju og fiskiskipum nam 560 milljónum króna og því hefði orðið tap á rekstrinum hefði þessi liður ekki komið til. Framlegðarhlutfallið var um 13,5 prósent. Stjórnendur Samherja segja ljóst að „mjög sterkt gengi krónunnar og launaskrið í kjölfar þenslu á vinnumarkaði mun hafa neikvæð áhrif á rekstur útflutningsfyrirtækja. Því má gera ráð fyrir að afkoma félagsins af reglulegri starfsemi á síðari hluta ársins markist af því".

Síldarvinnslan, sem er að helmingi í eigu Samherja, skilaði 722 milljónum króna í hagnað á fyrri hluta árs og spilar söluhagnaður þar stóra rullu. Félagið birtir ekki tölur fyrir hvor fjórðung fyrir sig. Hjá stjórnendum fyrirtækisins kveður við svipaðan tón og hjá öðrum útgerðarmönnum. „Það er í raun komið að þeim tímapunkti nú þegar í nokkrum veiðiflokkum að það borgar sig ekki að stunda þær veiðar," sagði Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar, við Fréttablaðið á dögunum og kennir háu olíuverði um stöðu útvegsins. „Ef við tökum kolmunnaveiðar sem dæmi þá er verðið það lágt að þær veiðar sem við stundum í dag eru á mörkunum að borga sig ..."

ENGAR LOÐNUVEIÐAR Í SUMAR

Vinnslustöðin, hitt útgerðarfélagið sem er eftir á markaði, skilaði aðeins fjögurra milljóna króna hagnaði á öðrum fjórðungi en um 180 milljónum króna á sama tíma fyrir ári. Framlegð var 217 milljónir á síðasta ársfjórðungi eða 17,3 prósent af tekjum. Stjórnendur félagsins kenna háu olíuverði, dræmri kolmunnaveiði og engri loðuveiði i sumar um að áætlanir félagsins, um einn milljarðs króna EBITDA-hagnað á árinu, verði ekki að veruleika. Vinnslustöðin ræður um tíu prósentum af loðnu- og síldarkvótanum á Íslandsmiðum og því mun lítil loðnuveiði hafa neikvæð áhrif á reksturinn.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir að olíukostnaður hafi líklega hækkað um helming á einu ári. „Á öllum vígstöðum er kostnaður að aukast en tekjurnar að dragast saman. Það sem bjargar er að fiskverð í erlendri mynt hefur hækkað og vegur það á móti styrkingu krónunnar," segir hann.

BERJAST Í BÖKKUM

Þetta leiðir hugann að stöðu landvinnslunnar á Íslandi. Rekstrarumhverfið er afar erfitt um þessar mundir vegna hás gengis krónunnar og margir spyrja hvort hún sé að leggjast af á ýmsum svæðum. Samherji hefur tilkynnt um lokun landvinnslu á Stöðvarfirði í byrjun september og ætlar að sameina hana við landvinnsluna á Dalvík en einnig hefur samdráttur verið boðaður hjá fiskvinnslufyrirtækinu Bílddælingi á Bíldudal.

HART Í ÁRI Í FISKVINNSLU Sterk króna hefur valdið þungum búsifjum í landvinnslunni og er eina leiðin að draga úr kostnaði sem er að miklu leyti launakostnaður.

„Við höfum orðið vör við það sérstaklega síðustu mánuði þegar styrking krónunnar er orðin þetta langvinn og skilaverð fyrir afurðirnir ýmist stendur í stað í krónum eða hefur farið lækkandi, að fyrirtæki sem stóðu ekki beinlínis vel fyrir þessa þróun, eru farin að láta undan síga. Fyrirtæki, sem hafa kannski átt í erfiðleikum, gefa eftir og geta jafnvel farið í gjaldþrot. Stærri fyrirtæki hafa heldur dregið úr framleiðslunni og maður hefur orðið sérstaklega var við þetta í rækjuframleiðslunni," segir Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva.

Arnar segir jafnframt að stjórnendur fiskvinnslustöðva beri sig frekar illa – og sumir mjög illa – ekki síst þar sem tími sterkrar krónur er orðinn svo langur. „Þetta eru orðnir svo margir mánuðir sem gengisvísitalan hefur verið í kringum 110. Spár fyrir ári síðan gerðu ráð fyrir að vísitalan yrði í dag í 120 til 125."

FLYTJA ÚT FISK

„Staðan er grafalvarleg hjá okkur sem erum að basla í því að veiða og vinna fisk. Afkoma útgerðarinnar hefur versnað en ekkert í líkingu við það sem hefur gerst í fiskvinnslunni. Við höfum verið að flytja sífellt meira út af ferskum fiski í gámum. Tökum karfa sem dæmi. Skilaverð á ferskum karfa er kannski rúmar 100 krónur á markaði úti en 80-90 krónur fyrir unna vörur hér á landi, miðað við heilan fisk. Þá áttu allan vinnslukostnað eftir," segir Sigurgeir Brynjar hjá Vinnslustöðinni.

Hvarvetna hefur þróunin verið sú að stórum fiskvinnslustöðvum hefur fækkað jafnt og þétt. Í Noregi eru um níu stór frystihús en voru 56 árið 1998. Árið 1993 voru ellefu stórar stöðvar í Danmörku en nú eru þær aðeins tvær. Færeyingar hafa sameinað starfsemina og lagt sumar stöðvar niður. Á Íslandi hefur stóru fiskvinnslustöðvunum fækkað um fjórðung á undanförnum áratug og telur Arnar að fyrirtæki, í stærðargráðu sem eitthvað ber á, séu 70-100 talsins.

Með tilkomu fiskmarkaða breyttist rekstrarumhverfi fiskvinnslustöðva. Stóru stöðvarnar hafa stækkað en miðlungs fiskvinnslustöðvar hefur fækkað verulega. Litlum og sérhæfðum fiskvinnslufyrirtækjum hefur hins vegar fjölgað.

Arnar segir að þróunin hafi að mörgu leyti orðið sú sem menn spáðu. „Það má hins vegar ekki gleyma því að fyrirtæki hafa verið að ná góðum árangri í því umhverfi sem við búum við. Fyrirtækin hafa verið að ná niður hlutfallslegum launakostnaði með tækninýjungum og orðið vel ágengt. Sem betur fer voru menn snemma á ferðinni."

ARNAR SIGURMUNDSSON, FORMAÐUR SAMTAKA FISKVINNSLUSTÖÐVA Erfið staða í landvinnslunni og margir stjórnendur bera sig illa. Staða krónunnar er mun sterkari nú en menn spáðu fyrir ári.

SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON, HJÁ VINNSLUSTÖÐINNI Olíuverð útgerðarinnar hefur hækkað um helming á einu ári. Staða útgerðarinnar er ekki í líkingu við ástandið í landvinnslunni.

HAUSTRÁÐSTEFNA ORACLE 2005

Grand Hótel Reykjavík – föstudaginn 9. september 2005

Komdu!

Hin árlega haustráðstefna Oracle verður haldin í 11. skipti á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 9. september, 2005.

Ráðstefnan er haldin af Skýrr og Teymi og á henni verður bæði rýnt í spennandi nýjungar hjá Oracle og skoðað hvert straumar og stefnur í upplýsingatækni í dag liggja.

Dagskrá ráðstefnunnar verður að vanda tvískipt: grunntækni og viðskiptalausnir. Markmiðið er að kynna hvernig nýta má upplýsingatækni til að ná betri árangri og hagkvæmni í rekstri og stjórnun.

Ráðstefnan stendur frá morgni til kvölds og lýkur með kokkteil, glæsilegri kvöldveislu og dansleik fram á rauða nótt.

Allir gestir á ráðstefnunni verða kvaddir með veglegri gjöf, iPod Shuffle frá Apple!

Grunntækni Fyrirlestrar	Viðskiptalausnir Fyrirlestrar
RFID – örmerki og skynjarar David Keene, Oracle EMEA	**Oracle – upplýsingafyrirtækið** Rolf Donslund, Oracle
Oracle Fusion – framtíð miðbúnaðar David Keene, Oracle EMEA	**Arðsemi fjárfestinga í upplýsingatækni** Michael Lausen, Oracle Consulting
Oracle Fine Grained Audit Martin Jensen, Oracle DK	**Sjónarhorn viðskiptavinar** Guy Gauthier, Alcoa
Oracle Collaboration Suite 10g Release 1 Martin Wittenkamp, Oracle DK	**Oracle CRM – markaðssetning, sala, og samskipti** Peer Erlandsen, Oracle
Nýjungar í SQL og PL/SQL Ólafur Tryggvason, Teymi	**Styrkleikar Oracle-verkbókhalds** Bjarni Torfi Álfþórsson og Sólrún Viðarsdóttir, Skýrr
OLAP ofan á OLTP-viðskiptakerfi David Keene, Oracle EMEA	**Oracle-vörustýring og RFID** Steinar Guðmundsson og Bjarni Kristinn Eysteinsson, Skýrr
BPMN, BPEL og aðrar skammstafanir David Keene, Oracle EMEA	**Spennandi viðbætur í Oracle-viðskiptalausnum** Eiríkur Sæmundsson, Skýrr
Oracle 10g Release II Martin Jensen, Oracle DK	**Oracle HR – mannauðsstjórnun** Starkaður Örn Arnarson, Skýrr
Látum þróarana loksins svara til saka Yngvi Sigurjónsson, Index	

Dagskrá og skráning:
www.oracle.is/haustradstefna

ORACLE Skýrr TEYMI ORACLE Á ÍSLANDI

Sérhæfa sig í *lax- og túnfisk*

Atlantis er ungt alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Það er með starfsstöðvar í fjórtán löndum og yfir 180 manns í vinnu. Afurðir fyrirtækisins eru aðallega lax og túnfiskur, sem seldur er á kröfuharðasta markað heims fyrir sjávarfang, Japan. *Björgvin Guðmundsson* segir að spennandi verði að fylgjast með fyrirhuguðum vexti fyrirtækisins.

„Það má líkja síðustu mánuðum við göngu upp bratta fjallshlíð. Það er fyrst núna sem svigrúm gefst til að staldra við og horfa yfir. Þá áttum við okkur líka betur á hvaða áfangar liggja að baki og hvað við eigum langt eftir," segir Óli Valur Steindórsson, 32 ára gamall forstjóri Atlantis, sem er ungt og alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi.

Atlantis hefur vaxið hratt undanfarin tvö ár en starfsemin farið lágt hérlendis, sem þarf ekki endilega að koma á óvart þar sem aðeins lítill hluti starfseminnar fer hér fram. Fyrirtækið sérhæfir sig í lax- og túnfiskeldi og selur bæði eigin framleiðslu og annarra. Nú eru starfsstöðvar Atlantis sextán, bæði söluskrifstofur og framleiðslustöðvar, í fjórtán löndum. Túnfiskur er aðallega unninn í Króatíu og Mexíkó og umfangsmikið laxeldi fer fram í Chile. Einnig selur Atlantis Nílarkarfa frá Kenía til Japans, Frakklands, Bandaríkjanna og Ástralíu. Um 180 manns starfa á vegum samstæðunnar.

VELTAN EYKST

„Helsti flöskuháls í söluaukningu er aðgangur að fjármagni," segir Óli Valur, sem hefur leitt mótun samstæðunnar ásamt samstarfsmönnum sínum og meðeigendum. Tekjur þess hafa aukist hratt frá því að það var stofnað og námu um 7,6 milljörðum króna í fyrra. Áætlanir gera ráð fyrir að tekjurnar verði rúmir ellefu milljarðar á þessu ári og tæpir sextán milljarðar króna á því næsta miðað við gengi Bandaríkjadals í dag.

Uppbygging fyrirtækisins hefur ekki alltaf verið þrautalaus að sögn Óla en hver áfangi hefur fleytt fyrirtækinu lengra fram á veginn. Fyrr í þessum mánuði var tilkynnt að Íslandsbanki hefði safnað 1,7 milljörðum króna fyrir Atlantis í hlutafé og breytanlegum skuldabréfum. Lán félagsins voru um leið endurfjármögnuð og styrkari fjárhagsstoðum skotið undir reksturinn. Nýju hluthafarnir voru handvaldir, segir forstjórinn, enda hafi áhugi og skilningur fjárfesta á starfseminni vaxið. Nú eru um tuttugu aðilar í hluthafahópnum.

Óli Valur segir að hlutafjáraukningin gefi Atlantis slagkraft og tækifæri til að byggja starfsemina áfram upp. Liður í því er að halda áfram að tryggja félaginu hráefni til sölu á helstu mörkuðum þess með því að fjárfesta í uppbyggingu á þeirri starfsemi sem er fyrir hendi. Einnig verður horft til frekari fjárfestinga í eldisfyrirtækjum sem eru í traustum rekstri.

LAXINN Í CHILE

Stoðirnar í rekstri Atlantis eru vinnsla og sala á laxi og túnfiski. Japansmarkaður er mikilvægasti markaður fyrirtækisins, þar sem hátt verð fæst fyrir hágæðavöru. Óli Valur segir að ef menn spjari sig á þeim markaði komist þeir af á öðrum mörkuðum. Hans markmið hafi meðal annars verið að miðla af áralangri reynslu sinni af markaðsmálum í Japan til framleiðslueininganna og innleiða japanska gæðastjórnun.

Mesti stækkunarmöguleiki fyrirtækisins er að sögn Óla Vals í Chile og víðar í Suður-Ameríku. Þar rekur Atlantis umfangsmikið eldi á laxi og urriða. Fyrirtækið hefur fengið tilskilin leyfi frá stjórnvöldum og segir forstjórinn eldið fara fram í fallegum firði við kjöraðstæður frá náttúrunnar hendi. Mikið ferskvatn rennur í fjörðinn frá jöklum og á meðan seiðin eru lítil eru kvíarnar hafðar næst ströndinni þar sem seltan í sjónum er lítil. Þegar þau stækka er fiskurinn færður í saltan sjó í tveggja kílómetra fjarlægð. Óli Valur segir þetta hafa gefið góða raun. Nú séu um átta þúsund tonn af laxi og urriða í kvíum fyrirtækisins og stefnt sé að tuttugu þúsund tonna uppskeru á næstu vertíð.

Laxinn og urriðinn er síðan seldur á Japansmarkað. Óli Valur segir markað með lax í heiminum vera um tvær milljónir tonna, þar af um fjögur hundruð þúsund tonn í Japan. Þetta sé vaxandi markaður og Atlantis hafi verið annar stærsti innflytjandinn í Japan á þessu ári fyrir laxaafurðir frá Chile.

TÚNFISKUR FRÁ ÞREMUR HEIMSÁLFUM

Óli Valur segir túnfiskeldið á vegum fyrirtækisins í raun ekki venjulegt eldi. Túnfiskurinn sé veiddur á hafi úti, settur lifandi í kvíar sem eru svo dregnar mörg hundruð mílur nær landi þar sem hann er alinn í hálft til eitt ár. Þá er honum slátrað samkvæmt ákveðnum kröfum til að viðhalda gæðunum.

Óli segir túnfisktegundina sem þeir vinni kallast Bláuggi og talinn besti túnfiskurinn. Hann sé meðal annars notaður í sushi-rétti. Hver fiskur sé stór og geti verið jafn verðmætur og Benz-bifreið sé rétt að málum staðið. Eftir slátrun er kjötið djúpfryst í mínus sextíu gráður og sent til Japans. „Enginn markaður borgar nálægt því eins vel fyrir þessa afurð og sá japanski."

Fyrr á þessu ári keypti Atlantis frystihús sem HB Grandi og Þormóður-Rammi létu reisa í Guaymas í Mexíkó. Verksmiðjan verður opnuð í september og mun vinna sardínu, sem notuð er sem fóður fyrir túnfiskeldið. Óli Valur segir að samhliða við þessa vinnslu sé rækja einnig unnin í frystihúsinu og seld til Bandaríkjanna.

Atlantis á einnig í fyrirtæki sem vinnur túnfisk í Króatíu og er veiddur í Miðjarðarhafinu. Svipaðar aðferðir eru viðhafðar þar og í Mexikó, það er að fiskurinn er veiddur lifandi og alinn í kvíum í hálft til eitt ár áður en honum er slátrað. Þá er einnig túnfiskur fluttur til Japans frá Ástralíu á vegum fyrirtækisins.

HJÓNABANDIÐ Í VIÐSKIPTUM

Óli Valur segir markmið samstæðunnar að eiga framleiðslufyrirtækin hundrað prósent eins og í Mexíkó, Chile og Króatíu. Að minnsta kosti ráðandi hlut þannig að þau verði hluti af Atlantis-samstæðunni og veltunni. Þannig sé framboð á afurðum líka tryggt.

„Það er ekkert vit í því fyrir okkur að fjárfesta í framleiðslu á afurð sem við erum ekki að selja fyrir og þekkjum ekki hreyfiafl markaðarins. Líkja má sölu og framleiðslu við hjónaband þar sem framleiðslan er kallinn og salan konan; þú kaupir ekki giftingarhring og ferð síðan að leita að konunni. Fyrst er að finna konuna og svo kaupir maður hring," útskýrir Óli Valur. Samkvæmt þessu hafa nokkuð margar trúlofanir verið innan Atlantis því einingum innan samstæðunnar

Frumkvöðlar Atlantis

Þessir menn, ásamt Óla Val Steindórssyni, hafa hver um sig lagt sitt af mörkum til að byggja upp Atlantis-samstæðuna.

PÁLMI SVEINN PÁLMASON starfar í Miami í Bandaríkjunum.

SATO TOSHIKATSU starfar í Sendai í Japan.

GEIR WÆRÖ starfar í Þrándheimi í Noregi.

PEDRO VERA starfar í Puertomontt í Chile.

ÓLI VALUR STEINDÓRSSON FORSTJÓRI ATLANTIS Hann fór átján ára gamall til Japans og heillaðist af landinu. Eftir útskrift úr Háskóla Íslands hóf hann störf hjá SH, eina íslenska fyrirtækinu sem var með starfsstöð í Japan.

Bað um sumarstarf í Japan

Forstjóri Atlantis heillaðist af Japan eftir að hafa farið út sem skiptinemi.

Óli Valur Steindórsson hefur alltaf haft mikinn áhuga á Japan og talar japönsku. Átján ára gamall fór hann þangað sem skiptinemi í eitt ár og var staðráðinn í að fara þangað aftur eftir að heim var komið. Á meðan hann var í sumarfríi frá Verzlunarskóla Íslands leitaði hann uppi fyrirtæki sem var með starfsstöð í japan. Niðurstaðan var sú að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var eina íslenska fyrirtækið með skrifstofur þar í landi. Hann fór því og bað um sumarstarf og sagðist tilbúinn að vinna fyrir lítið kaup. Þegar hann útskrifaðist úr viðskiptafræði í Háskóla Íslands fékk hann fasta vinnu hjá SH í Japan.

Í lok árs 1999 hætti hann svo hjá SH og fór að vinna í stuttan tíma hjá erlendu fyrirtæki í Japan. Um það leyti voru kunningjar hans, sem hann hafði meðal annars kynnst í gegnum störf sín, að versla með sjávarafurðir. Óli Valur segir þá hafa viljað búa eitthvað til úr þeirri þekkingu sem þeir bjuggu yfir. Í byrjun hafi þeir ekki haft mikla peninga og fengið þá lánaða hjá viðskiptavinum gegn þóknun af sölu afurða. Þegar hagnaður varð af sölunni gátu þeir keypt meira af vörum sjálfir og selt á eigin ábyrgð. Starfsemin hefði svo aukist og eitt leitt af öðru þangað til þeir fóru að fjárfesta í sjálfri framleiðslunni sem þeir voru að selja.

Síðustu þrjú árin hafa fleiri bæst í hópinn og lagt inn sínar einingar sem mynda nú Atlantis-samstæðuna. Óli Valur segir þetta hafa verið spennandi en um leið erfiðan tíma og hann er bjartsýnn á áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

eldi fyrir Japansmarkað

FJÖRÐURINN SEM ATLANTIS RÆÐUR YFIR Í CHILE HEITIR CUPQUELAN. Strandlengjan er 62 kílómetra löng. Þar er lax og urriði alinn við kjöraðstæður, segir Óli Valur Steindórsson. Fyrst eru seiðin höfð næst landi, þar sem seltustigið er lítið vegna mikils ferskvatns sem rennur í fjörðinn. Þegar seiðin eldast eru kvíarnar dregnar lengra út á fjörðinn.

hefur fjölgað hratt. Við yfirtöku á sölu og framleiðslueiningum hafa eigendur fengið hlutabréf í Atlantis.

Þó stór hluti starfseminnar byggi á framleiðslu og sölu á túnfiski og laxi segir Óli þá vera nokkuð stóra í sölu Nílarkarfa frá Afríku, eins og áður sagði. Þá stunda þeir þorskeldi í litlum mæli í Noregi ásamt framleiðslu á hörpudiski. Einnig er fyrirtækið í samstarfi við vinnslu í Kína á hvítfiski, sem er ekki eins verðmætur og hinar tegundirnar. Samhliða þessu er sölu og dreifingarkerfi þeirra víðfeðmt sem nýtt er til að vinna ný lönd og nýja markaði.

VILJA STÆKKA ENN MEIRA

Áframhaldandi uppbygging mun felast í kaupum á framleiðslufyrirtækjum og öflugri markaðsstöðu á helstu mörkuðum Atlantis. Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu um að byggja frystivörugeymslu í Kína með frekari dreifingu afurða í Asíu. Í Chile er markmiðið að hoppa úr öðru sæti í það fyrsta sem helsti útflutningsaðili á laxi með um 25 prósenta markaðshlutdeild í Japan. Stækka á eldi túnfisks í Mexíkó ásamt framleiðslu á sardine í beitu og öðrum afurðum. Stefnt er að frekari markaðssókn í Bandaríkjunum og Japan og að styrkja stöðu félagsins í fiskeldi í Ástralíu.

Aðspurður segir Óli Valur að eigendur fyrirtækisins stefni að því að Atlantis fari á markað í framtíðinni. Þeir vilji þó fara sér hægt á meðan verið er að byggja upp fyrirtækið með því starfsfólki sem nú er. Verið sé að fjölga starfsfólki hjá móðurfélaginu á Íslandi til að sinna auknum verkefnum, en hver eining sé svo rekin sjálfstæð. Styrkur félagsins liggi í hinum unga og kraftmikla hópi fólks sem haldi uppi framleiðslu og öflugu sölukerfi. „Síðan kemur hitt hægt og rólega ef guð lofar," segir hann hógvær.

Skattar lágir á Íslandi

Eigendur Atlantis tóku þá ákvörðun á þessu ári að höfuðstöðvar samstæðunnar yrðu á Íslandi. Aðspurður um ástæðuna segir Óli Valur Steindórsson forstjóri félagsins að hér sé hagkvæmt að reka fyrirtæki, meðal annars vegna lágra skatta. Því muni hagnaður fyrirtækisins myndast hér á landi. Um fimmtán manns vinni á skrifstofunni en aðrir starfsmenn verði á starfsstöðvum erlendis.

Óli leggur líka þunga áherslu á að innan bankanna hér á landi sé að finna mikla þekkingu og skilning á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Erlendis sé ekki eins eftirsóknarvert hjá bönkum að taka þátt í slíkri starfsemi. Þetta hafi hjálpað stjórnendum Atlantis að byggja upp fyrirtækið og hefur Íslandsbanki meðal annars séð um endurfjármögnun og hlutafjáraukningu félagsins. Bankarnir séu alþjóðleg fyrirtæki sem séu í sumum tilvikum með starfsemi í sömu löndum og Atlantis.

TÚNFISKURINN er fangaður á hafi úti og settur í kvíar.

KVÍARNAR eru dregnar hægt mörg hundruð mílur nær landi.

EFTIR AÐ HAFA verið alinn í hálft til eitt ár er túnfiskinum slátrað.

KAFARAR smala túnfiskinum saman og taka hvern fisk fyrir sig upp.

AFURÐIN er hágæðafiskur sem notaður er meðal annars í sushi-rétti.



Stoðirnar í rekstri Atlantis eru vinnsla og sala á laxi og túnfiski. Japansmarkaður er mikilvægasti markaður fyrirtækisins þar sem hátt verð fæst fyrir hágæðavöru. Óli Valur segir að ef menn spjari sig á þeim markaði komist þeir af á öllum öðrum mörkuðum heimsins.

FÓLK Á FERLI

SIGURÐUR B. HALLDÓRSSON hæstaréttarlögmaður hefur hafið störf á Acta lögmannsstofu sem einn af eigendum stofunnar. Sigurður lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1993. Hann öðlaðist héraðsdómslögmannsréttindi 1998 og hæstaréttarlögmannsréttindi 2005. Sigurður lauk árið 2001 þriggja anna námi í rekstrar- og viðskiptafræðum frá Endurmenntunarstofun Háskóla Íslands, sem hann lagði stund á samhliða starfi. Sigurður starfaði sem fulltrúi sýslumanns á Akureyri 1993-1994 og fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði 1994-1997. Hann starfaði síðan sem lögmaður í lögfræðiinnheimtu Vátryggingafélags Íslands hf. 1997-2001 síðan í tjónadeild félagsins frá 2001-2005. Sigurður var fulltrúi VÍS í tjónanefnd vátryggingafélaganna 2003-2005. Acta lögmannsstofa veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum alhliða lögfræðilega ráðgjöf og þjónustu. Lögmenn stofunnar hafa sérhæft sig í lögfræðiþjónustu tengdri slysamálum, svo sem umferðarslysum og vinnuslysum.

GUÐNI AÐALSTEINSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjárstýringar Kaupþings banka hf. Hann lauk hagfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA-gráðu frá Cambridge University í Englandi árið 1997. Guðni starfaði um árabil sem hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands, en frá árinu 1997 starfaði hann sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri hjá Lehman Brothers í Lundúnum og síðar Frankfurt, Þýskalandi á árunum 1997-2004 og sem framkvæmdastjóri hjá skuldabréfasviði Credit Suisse í Frankfurt árin 2004-2005, eða þar til hann tók við núverandi stöðu hjá Kaupþingi banka sem framkvæmdastjóri Fjárstýringar.

KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR mun stýra innleiðingu breska bankans Singer & Friedlander í Kaupþingssamstæðuna og hefur hún hafið störf í Lundúnum. Hún var áður framkvæmdastjóri Fjárstýringar Kaupþings banka hf.

Íslenskur myndabanki varð að norrænum

NordicPhotos er einn stærsti myndabanki á Norðurlöndum og er í meirihlutaeigu fjögurra Íslendinga. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár og er áætluð velta fyrir næsta ár 120 milljónir króna. *Jón Skaftason* ræddi við Arnald Gauta Johnson framkvæmdastjóra.

NordicPhotos er með aðsetur bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Fyrirtækið festi árið 2003 kaup á tveimur sænskum myndabönkum, Mira Bildarkiv og IMS Bildbyra, og nú á dögunum var sá þriðji, Tiofoto, keyptur. NordicPhotos er einnig í samstarfi við myndabanka í Noregi og Finnlandi, auk þess að fara með umboð fyrir stærsta myndabanka heims, GettyImages, á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Grunnurinn að fyrirtækinu var lagður árið 2000, en Arnaldur Gauti Johnson, framkvæmdastjóri NordicPhotos, rak þá lítið veffyrirtæki ásamt Kjartani Dagbjartssyni og Hreini Ágústssyni.

Fyrirætlanir félaganna breyttust þó skyndilega þegar Thor Ólafsson, mágur Arnaldar, kom á þeirra fund og stakk upp á því að þeir settu á laggirnar íslenskan myndabanka: „Okkur langaði alltaf að gera eitthvað annað og meira, búa eitthvað til en ekki vera sífellt að vinna fyrir aðra. Þá kom Thor með þessa hugmynd sem síðan vatt upp á sig og varð að norrænum myndabanka.“

Þeir tóku sér nægan tíma til undirbúnings enda hafði enginn þeirra reynslu af ljósmyndageiranum: „Við tókum okkur rúman tíma í að kynna okkur markaðinn og gerðum stóra viðskiptaáætlun. Við tókum síðan þátt í keppni hjá Nýsköpunarsjóði og lentum í öðru sæti,“ segir Arnaldur.

GEKK ERFIÐLEGA AÐ FÁ FJÁRMAGN

Tímasetningin hjá Arnaldi og félögum var þó ekki sú besta. Netbólan svokallað hafði nýlega sprungið og ekki var hlaupið að því að fá fjárfesta að rekstri sem háður var netinu: „Okkur tókst þó að fá fjármagn í reksturinn enda gilda kannski svolítið önnur lögmál um rekstur myndabanka en annarrar sölu á netinu. Allar myndir eru í dag stafrænar og því er þessi bransi einn af fáum sem internetið er virkilega sniðið fyrir. Sama gildir kannski um hugbúnað og tónlist.“

Arnaldur segir ævintýrið þó hafa farið heldur hægt af stað. NordicPhotos hafi byrjað á að fá ljósmyndara til liðs við sig og að styrkja aðra innviði fyrirtækisins: „Boltinn fór ekki að rúlla af alvöru fyrr en við fengum umboð fyrir GettyImages. Þá fengum við aðgang að íslenska markaðnum og eftir það má segja að við höfum ekki litið um öxl.“

Þegar umboðið fyrir GettyImages var komið í hús fóru forsvarsmenn NordicPhotos að líta í kringum sig eftir hentugum tækifærum til frekari vaxtar. Þeir hófu að skoða fyrirtæki erlendis og keyptu sumarið 2003 tvo myndabanka í Svíþjóð, Mira Bildarkiv og IMS Bildbyra. „Þetta gerðist mjög snöggt eftir að hafa verið lengi í burðarliðnum. Eftir kaupin fór svo töluverður tími í að samhæfa rekstur og koma okkur fyrir úti. Síðan bættum við Tiofoto við núna á dögunum.“

NordicPhotos
Eigendur: Arnaldur Gauti Johnson, Hreinn Ágústsson, Kjartan Dagbjartsson og Thor Ólafsson auk Nýsköpunarsjóðs og Prentsmiðjunnar Odda.
Starfsmenn: Ellefu, tveir á Íslandi og níu í Svíþjóð.
Áætluð velta á næsta rekstrarári: 120 milljónir króna.
Viðbótarupplýsingar: 30 umboðsaðilar í 85 löndum.
Fyrirtækið hefur 500 ljósmyndara á sínum snærum.

STEFNA Á TOPPINN

Samhliða útrásinni hafa NordicPhotos-menn unnið markvisst að því að styrkja innviði fyrirtækisins. Tækjakostur og vefsíða hafa verið í stöðugri uppbyggingu.

Síðast en ekki síst hefur verið byggt upp net umboðsaðila sem staðsettir eru um allan heim. Í dag selja þrjátíu umboðsaðilar í áttatíu og fimm löndum myndir frá NordicPhotos: „GettyImages er nýjasta viðbótin en á næstu mánuðum munum við vinna að því að setja þúsundir mynda frá okkur inn á þeirra gagnasafn. GettyImages er með fjörutíu prósenta markaðshlutdeild í heiminum, þannig að við erum að komast þarna inn á alveg gríðarlega stóran markað. Næsta skref er svo að komast yfir fleiri myndir til að setja inn á þetta mikla net sem við höfum byggt upp.“

Í dag vinna ellefu manns hjá NordicPhotos, tveir á Íslandi og afgangurinn í Svíþjóð, þeirra á meðal Arnaldur sjálfur sem skiptir tíma sínum bróðurlega milli Íslands og Svíþjóðar. Fyrirtækið er með fimm hundruð ljósmyndara á sínum snærum, á öllum Norðurlöndunum.

Áætlað er að velta NordicPhotos verði á næsta rekstrarári, eftir sameininguna við Tiofoto, um 120 milljónir króna: „Þetta hefur stækkað hratt hjá okkur og reksturinn er í góðu jafnvægi. Tiofoto er frábær viðbót, fínt fyrirtæki sem styrkir innviði NordicPhotos enn frekar,“ segir Arnaldur.

Hann bætir því við að bjart sé framundan hjá fyrirtækinu og miklir vaxtamöguleikar fyrir hendi: „Við munum semja við fleiri umboðsaðila á næstu mánuðum og leita tækifæra til enn frekari vaxtar. Við setjum markið hátt og stefnum að því verða í hópi stærstu myndabanka á Norðurlöndunum og hreyfumst raunar ágætlega upp þann lista.“

„Allar myndir eru í dag stafrænar og því er þessi bransi einn af fáum sem internetið er virkilega sniðið fyrir. Sama gildir kannski um hugbúnað og tónlist.“

Fréttablaðið/Valli

ARNALDUR GAUTI JOHNSON FRAMKVÆMDASTJÓRI NORDICPHOTOS NordicPhotos hefur verið í stöðugri uppbyggingu frá stofnun árið 2000: „Þetta hefur stækkað hratt hjá okkur og reksturinn er í góðu jafnvægi. Tiofoto er frábær viðbót, fínt fyrirtæki sem styrkir innviði NordicPhotos enn frekar,“ segir Arnaldur um nýjustu viðbót fyrirtækisins, sænska myndabankann Tiofoto.

BESTA RÁÐIÐ

Ekki flækja hlutina að óþörfu

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segist lengi hafa haft það að leiðarljósi í sínu starfi að vera ekki að flækja hlutina að óþörfu. „Flestir hlutir eru einfaldari en þeir virðast í fyrstu. Þegar maður glímir við spurningu á maður alltaf að snúa sér beint að kjarna málsins en ekki tala í kringum hlutina,“ segir Edda Rós.

Ráðið hefur Edda Rós úr verkalýðshreyfingunni, en hún starfaði lengi sem hagfræðingur hjá ASÍ og hélt meðal annars fyrirlestra um efnahagsmál fyrir hönd Sambandsins auk þess að kenna í svokallaðri fullorðinsfræðslu. „Þar fékk ég oftar en ekki spurningar sem komu beint að kjarna málsins. Þá fór ég að hugsa hlutina frá grunni og komst að því að flestir hafa forsendur til

EDDA RÓS KARLSDÓTTIR Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

að skilja flókna hluti séu þeir matreiddir á íslensku en ekki einhverju hagfræðimáli.“ - jsk

Ölgerðin er frumkvöðull í framleiðslu og sölu bjórs í plastflöskum

Sala bjórs í plastflöskum hefur stóraukist í helstu bjórlöndum Evrópu.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur verið brautryðjandi hér á landi í framleiðslu og sölu bjórs í plastflöskum. Egils Pilsner var framleiddur og seldur á plastflöskum í fyrrasumar og fékk geysigóðar viðtökur að sögn Andra Þórs Guðmundssonar, forstjóra Ölgerðarinnar. Nú nýlega hefur Egils Gulli, Tuborg Grön og Litla-Jóni einnig verið tappað á plastflöskur og viðtökurnar lofa góðu.

Með því að framleiða og selja bjór á plastflöskum er Ölgerðin að feta í fótspor helstu bjórframleiðenda í heimi og svara kröfum markaðarins um þægilegar umbúðir utan um bjór - eina helstu neysluvöru heims. Sala á bjór í plastflöskum hefur margfaldast undanfarin ár og sífellt fleiri neytendur taka plastflöskurnar fram yfir umbúðir í gleri og áli. Meðal heimsþekktra framleiðenda sem tappa bjór á plastflöskur eru Heineken, Holsten og belgíski framleiðandinn Martens.

Andri segir kosti plastumbúða vera marga en plastumbúðir hafa fyrir löngu sannað gildi sitt þegar gos- og vatnsdrykkir eru annars vegar. Plastumbúðir vegi ekki nema einn sjöunda af þyngd glerumbúða. „Tappann má skrúfa á aftur sem er mikið hagræði. Plastflöskur brotna ekki og skapa því ekki hættu en það kunna skipuleggjendur alls kyns viðburða innanhúss og utan vel að meta," segir Andri. Vegna ofantaldra kosta hafa plastumbúðir utan um bjór náð umtalsverðri markaðshlutdeild á kostnað gler- og álumbúða. Á það ekki síst við um Þýskaland en þýskir bjórunnendur búa við eitt mesta úrval bjórs í plastflöskum og hafa tekið þessari nýjung afar vel.

Andri segir þó þróunina úr gleri og áli og yfir í plast ekki hafa verið hindrunarlausa. „Lengi vel voru plastumbúðir ekki nægilega vandaðar til þess að geyma bjór. Eiginleiki plastsins gerði að verkum að hætta var á að súrefni kæmist að bjórnum og kolsýran seytlaði úr flöskunni. Hvort tveggja er afar slæmt fyrir bjórinn og styttir líftíma hans í umbúðunum umtalsvert."

Fjöllaga plastflöskur hafa þótt mun vænlegri til þess

SÁTTUR MEÐ PLASTIÐ Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

að ná fyrrnefndum markmiðum, að halda öllum eiginleikum bjórsins og tryggja fjögurra mánaða líftíma. Við þetta má bæta að töluverð þróun hefur orðið í gerð tappa á plastflöskur sem tryggja að súrefni eyðist úr flöskunni eftir átöppun.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson notar fjöllaga plastflöskur fyrir bjór sem fyrirtækið bruggar en bæði uppblástur flöskustautanna, sem keyptir eru frá Þýskalandi, og átöppun fer fram í verksmiðju fyrirtækisins við Grjótháls í Reykjavík. - dh

Takmarkið er fullkomnun

Lexus GS færir okkur nær takmarkinu

Stíllinn er glæsilegur, yfirbragðið sportlegt, viðbragðið snöggt og kraftmikið og aksturinn engu líkur. Vertu fremstur á þínu sviði. Aktu á Lexus GS. Þú kemst varla nær fullkomnun.

Verð frá 5.150.000 kr.

KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ EINUM GLÆSILEGASTA BÍL SEM VÖL ER Á.

Nýbýlavegur 6 • 200 Kópavogur • S. 570 5400 • www.lexus.is

LEXUS

The pursuit of perfection

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Íslendingar eiga að berjast gegn tollamúrum:

Opnum meira

Hafliði Helgason

Fátækt er mikið böl og enn býr stór hluti mannkyns við ömurleg kjör. Náttúruhamfarir kalla reglulega óáran yfir fjölda fólks og valda miklum búsifjum. Maðurinn er hins vegar ábyrgur fyrir mun stærri hörmungum. Skammsýni og þröngir hagsmunir valda meiri skaða en náttúran sjálf í öllu sínu veldi.

Á síðustu árum hefur þeim sem vilja opna heiminn fyrir alþjóðlegum viðskiptum vaxið fiskur um hrygg. Ekki vantar heldur að um leið sprettur upp hópur, einkum á Vesturlöndum, sem finnur alþjóðavæðingu í viðskiptum flest til foráttu. Sýn andstæðinga alþjóðavæðingar er einföld. Risafyrirtæki valta yfir heimsbyggðina og arðræna fátæk lönd sem eiga miklar auðlindir. Alþjóðlegu vörumerkin McDonald's og Coca-Cola eru hengd á Sám frænda, sem er táknmynd græðgi og óvægni.

Þetta er eflaust allt saman vel meint og keyrt áfram af eldmóði ungs fólks sem vill heiminum vel. Myndin sem dregin er upp er hins vegar einföld og villandi.

Hér á landi hafa ávallt verið öflugir talsmenn svipaðra sjónarmiða. Lengi vel réð ríkjum sú hugmynd að hagkerfi Íslands væri of lítið til þess að lögmál stærri hagkerfa giltu hér á landi. Svarið var að loka landinu, skammta gjaldeyri, styrkja óhagkvæmar atvinnugreinar, annað hvort með beinum hætti eða með tollavernd, og verja sjávarútveg fyrir erlendum auðmönnum sem vildu hugsanlega eignast hlut í auðlind sjávar.

Þessi hugsun á sér ennþá fylgismenn og langt er enn frá því að Íslendingar hafi opnað landið að fullu fyrir alþjóðaviðskiptum. Við kunnum því vel þegar Íslendingar kaupa fyrirtæki í útlöndum, en viljum á sama tíma ekki leyfa erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi. Við bregðumst ókvæða við þegar tollar eru lagðir á útflutningsvörur okkar til að verja innanlandsframleiðslu ríkja, en okkur er fjarri skapi að afnema tolla sem verja íslenska framleiðslu.

Við kunnum því vel þegar Íslendingar kaupa fyrirtæki í útlöndum, en viljum á sama tíma ekki leyfa erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi. Við bregðumst ókvæða við þegar tollar eru lagðir á útflutningsvörur okkar til að verja innanlandsframleiðslu ríkja, en okkur er fjarri skapi að afnema tolla sem verja íslenska framleiðslu.

Fyrir vikið sitjum við enn uppi með ýmsa óhagkvæmni í samfélaginu. Við höfum hins vegar opnað landið verulega á síðustu árum, með þeim árangri að íslenskt efnahagslíf hefur aldrei hvílt á fjölbreyttari stoðum. Slíkt fordæmi ætti að vera okkur hvatning til að opna samfélagið, draga úr styrkjum og tollum og leyfa fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi.

Vesturlönd verja sig enn fyrir innflutningi með ýmiss konar hindrunum. Sú stefna er einn helsti dragbítur á framþróun fátækari landa heimsins, ásamt auðvitað spilltu stjórnarfari og lokunarstefnu þeirra sjálfra. Að rétta þjóðum ölmusu í neyð þeirra með annarri hendinni meðan hin sviptir þær möguleikum til að vaxa og dafna í umhverfi frjálsra viðskipta er auðvitað hræsni. Þau lönd sem hafa opnað fyrir viðskipti og aukið samskipti við aðrar þjóðir eru þau lönd sem hafa náð mestum árangri í að bæta lífskjör þegna sinna. Vesturlönd eiga ekki að hindra þá þróun. Verndartollar og lokunarstefna mun ekki gera neitt annað en að fresta nauðsynlegum breytingum á atvinnuháttum í átt til aukinnar hagkvæmni. Það sem er verra er að slíkir tollar hindra fátækar þjóðir í að feta veginn til betri lífskjara. Heimskapítalismi Sáms frænda er ekki ógnin, heldur múrarnir sem hann reisir til þess að verja skammtímahagsmuni þrýstihópanna heima fyrir.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is

Það besta úr báðum heimum

ORÐ Í BELG

Bent Vindmar
Svæðisstjóri
Avaya í Danmörku.

Fyrir þá starfsmenn sem eru meira á ferðinni en á vinnustaðnum þyrfti að vera hægt að pakka skrifstofunni niður í eina einfalda, notendavæna og færanlega einingu. Svarið gæti verið SIP, sem sameinar það besta úr tveimur heimum, farsímatækni og IP-símtækni, meira að segja með skyndiskilaboð (instant messaging) í kaupbæti. Árangurinn felst í afkastameiri starfsmönnum sem vinna með skynsamari hætti.

Í fyrirtækjum hins vestræna heims hefur úthýsing aukist á þeim verkefnum sem áður fyrr bundu starfsmenn við vinnustað sinn frá morgni til kvölds. Í staðinn höfum við fengið þekkingarfyrirtæki, full af sérhæfðum starfsmönnum sem stöðugt eru að koma og fara og sem ferðast um heiminn þveran og endilangan. Eftirsóknarverðir starfsmenn skipuleggja vinnu sína hver fyrir sig, algerlega óháð því sem var viðtekin venja í gær. En tæknin fylgir þessu ekki endilega eftir.

Á FERÐ OG FLUGI

Það sem mestu máli skiptir fyrir fyrirtækið, viðskiptavinina, samstarfsmenn og hina færanlegu starfsmenn sjálfa er að þeir geti í raun sinnt starfi sínu með sama hætti og ef þeir sætu við skrifborðið. Rannsókn hefur sýnt að nú þegar verja 60% starfsmanna í bandarískum og evrópskum fyrirtækjum stórum hluta vinnutímans fjarri vinnustað sínum. Þeir eru á ferð og flugi en gegna um leið lykilhlutverkum sem ráðgjafar, sérfræðingar, verkefnisstjórar o.s.frv. Viðskiptavinir, aðilar í tengslaneti og samstarfsmenn hafa því oft og tíðum þörf fyrir aðgengi og ráðgjöf, og að geta skipst á þekkingu óháð því hvar „þeirra mann" er að finna.

KRAFAN UM EINFÖLD OG AÐGENGILEG SAMSKIPTI

Það er með öðrum orðum þörf fyrir hreyfanlegar samskiptaeiningar sem hafa sömu virkni og hin staðbundna skrifstofa. Starfsmenn um heim allan vantar notendavænt tæki sem allt getur. Þeir fara til vinnu sinnar og á fundi með vasa og skjalatöskur, fullar af farsímum, lófatölvum og mp3-spilurum en það vantar samt eitthvað áður en mörkin milli þess að vera úti eða heima hverfa. Samskiptin verða að vera einföld og aðgengileg og mega ekki kalla á ógrynni tækja og tóla.

SVARIÐ ER SIP

Svarið liggur án vafa í samrunatækni, svo sem SIP (Session Initiation Protocol) sem byggir á hlutum úr HTTP- og SMTP-samskiptastöðlunum. SIP er ef til vill best lýst sem blendingi milli farsíma- og IP-símtækni að viðbættum möguleikum á skyndiskilaboðum (instant messaging) og samþættingu Exchange og Notes. Í stuttu máli: það besta úr báðum heimum, brætt saman í hinn svonefnda SIP-farsíma, sem skiptir með sjálfvirkum hætti milli GSM-kerfisins og hins gjaldfría þráðlausa staðarnets.

TVEIR SÍMAR SEM EINN

SIP skapar möguleika á raddþekkingu og umtalsverðri samþættingu sem er óháð miðlinum; fullkomið dagatal og innköllun funda með samskiptaaðilum með því einu að segja það upphátt. Og það sem ef til vill er mikilvægast; SIP tryggir að samskiptaaðilar og skiptiborð viti hvort hægt er að ná í starfsmanninn sem er á ferðinni. Notandanum nægir eitt númer á skrifstofunni og eitt talhólf því fastnetssíminn og farsíminn renna saman í einn. Hægt er að áframsenda símtöl, færa símtöl frá fastaneti yfir á farsímanetið, setja á fót símafundi hvenær sem er, fá tölvupóst, fax og símaskilaboð lesin upp og sækja upplýsingar í nafnalista, dagatöl og fleira, með því einu að gefa raddskipanir.

AUKIN FRAMLEIÐNI OG BETRI REKSTRARAFKOMA

Það hljómar flókið en er raunar sáraeinfalt. Með samþættingu samskipta eykst notagildi og hreyfanleiki, öllum til hagsbóta. Frá sjónarhóli fyrirtækjanna snýst þetta um að auka framleiðni og að lokum að bæta rekstrarafkomu. Framleiðni og vöxtur snúast ekki um að þvinga hina hreyfanlegu starfsmenn til að leggja harðar að sér og vinna lengur. Hugmyndin er að starfsmennirnir vinni með skynsamlegri hætti, en til þess þurfa þeir að ráða yfir tækjum sem geta raunverulega uppfyllt samskiptaþarfir þeirra.

Eftirsóknarverðir starfsmenn skipuleggja vinnu sína hver fyrir sig, algerlega óháð því sem var viðtekin venja í gær. En tæknin fylgir þessu ekki endilega eftir.

Verslaðu við traustan aðila!
Ægisskyggnin
–sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu

• íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfrítt efni • endalausir möguleikar
• góð og traust þjónusta • stuttur afgreiðslufrestur
OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16
SEGLAGERÐIN ÆGIR
EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

UM VÍÐA VERÖLD

Alþjóðavæðing smáfyrirtækja

The New York Times | „Þegar við hugsum um efnahagsleg áhrif tækninýjunga koma nöfn eins og Yahoo, Amazon, eBay og Google fyrst upp í hugann. Sannleikurinn er hins vegar sá að tækninýjungar nýtast smærri fyrirtækjum jafnvel enn betur," segir Hal R. Varian í New York Times. Varian, sem er hagfræðiprófessor við University of California Berkeley, tekur sem dæmi afgreiðslukassa í búðum. Í byrjun níunda áratugarins hafi tölvuvæddir kassar eingöngu verið á færri stærri fyrirtækja á borð við smásölurisans Wal-Mart. Í dag séu þeir í öllum verslunum og auðveldi eigendum lífið. Mesta breytingin sé þó líklega fólgin í alþjóðavæðingu viðskipta samfara tilkomu netsins og rafrænna samskipta; smáfyrirtæki geti nú verið með starfsemi dreifða um veröldina án þess að kosta miklu til. „Alþjóðavæðing smærri fyrirtækja er líklega það besta sem komið hefur fyrir bandaríska hagkerfið á undanförnum tuttugu árum," segir Varian.

Engar áhyggjur af Kína

Guardian | Mark Tran segir í Guardian að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af olíuþorsta Kínverja. China National Petroleum, olíufyrirtæki í eigu kínverska ríkisins, keypti á dögunum kanadíska olíufélagið PetroKazakhstan sem hefur aðgang að miklum olíulindum í Kasakstan. Þá var tilboði sama fyrirtækis í hið bandaríska Unocal hafnað, eftir að bandaríska þingið lét í ljós þær áhyggjur að kaupin ógnuðu þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Tran segir hins vegar enga ástæðu fyrir Bandaríkjamenn að örvænta, ekki sé verra að olíufyrirtæki séu í eigu Kínverja en einhverra annarra. Olían muni hvort eð er enda á heimsmarkaði þar sem ekki sé hagkvæmt fyrir Kínverja að flytja olíu langar vegalengdir, þeir muni því annaðhvort selja olíuna á markaði eða skipta henni fyrir aðra sem auðveldari er í flutningum. Tran telur líka að óþarfi sé að hafa áhyggjur af olíubirgðum Kínverja komi einhvern tíma til átaka, Kínverjar þurfi eftir sem áður að flytja olíu sjóleiðis og þar hafi Bandaríkjaher yfirburðastöðu.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Póshúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Stýrivextir yfir 10 prósent?

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Greiningardeild Íslandsbanka spáir 0,5 prósenta vaxtahækkun 29. september næstkomandi og verða vextir bankans þá komnir í 10 prósent. Bankinn hefur þá hækkað stýrivexti sína um 4,4 prósentustig á rétt rúmu ári eða frá því að vaxtahækkunarferill bankans hófst í maí í fyrra. Verðbólga hefur aukist mikið síðustu tvo mánuði og útlit er fyrir að bankinn missi hana aftur út fyrir efri þolmörk peningastefnunnar, sem eru fjögur prósent, í september.

Seðlabankinn sagði samhliða síðustu vaxtahækkun að frekari aðhaldsaðgerða kynni að verða þörf. Í spá greiningardeilda Íslandsbanka segir að óvissa spárinnar um 10 prósenta stýrivexti virðist nú liggja fremur í þá átt að bankinn muni hækka vexti meira á næstunni þar sem verðbólguhorfur gætu versnað.

Greiningardeild Íslandsbanka spáði einnig fyrir gengi krónunnar nýlega og er gert ráð fyrir að gengi krónunnar fari ekki að lækka fyrr en síðla næsta árs. Í spá Íslandsbanka segir að verðbólgan sé núna einkum drifin áfram af verðhækkun íbúða og eldsneytis sem stýrivextir virðist bíta lítið á eða ekkert. Gengi krónunnar hafi hins vegar haldið aftur af hækkun innflutningsverðlags og komið í veg fyrir enn meiri verðbólgu.

„Skoðun okkar er óbreytt um að gengisvísitalan muni sveiflast í kringum 110 stig það sem eftir er ársins eða á bilinu 105 til 115 stig sem við teljum að sé Seðlabankanum þóknanlegt miðað við efnahagshorfur. Mikill munur innlendra og erlendra vaxta ásamt horfum í efnahagsmálum mun áfram hvetja til stöðutöku með krónunni. Ólíklegt er að krónan muni lækka svo miklu nemi fyrr en á síðari hluta næsta árs og fram á árið 2007. Mikill viðskiptahalli grefur þá undan henni. Fari verðbólgan yfir þolmörkin í september má reikna með að gengi krónunnar standi í stað eða hækki meira fram að útgáfu Peningamála í lok mánaðarins, en gengið hefur þegar hækkað vegna aukinnar verðbólguhættu. Framhaldið ræðst ekki síst af skilaboðum Seðlabankans,“ segir í spá Íslandsbanka.

Í spá Íslandsbanka segir að verðbólgan sé núna einkum drifin áfram af verðhækkun íbúða og eldsneytis sem stýrivextir virðist bíta lítið á eða ekkert. Gengi krónunnar hafi hins vegar haldið aftur af hækkun innflutningsverðlags og komið í veg fyrir enn meiri verðbólgu.

Veislan heldur áfram

SPÁKAUPMAÐURINN

Ég er ennþá á því að nóg sé eftir í veislunni á hlutabréfamarkaði. Ekki skemmdi fyrir þegar helstu stjórnendur og lykilstarfsmenn KB banka keyptu hluti í bankanum með framvirkum samningum. Ég hélt reyndar að menn myndu bíða með að kaupa og hækka með því verðið á bankanum, þar til búið væri að koma hlutum til erlendra fjárfesta sem væri þá gefinn kostur á uppsveiflu eftir að þeir keyptu.

Niðurstaðan sem ég kemst að er að stjórnendur bankans telji að nóg verði eftir handa erlendu fjárfestunum sem Hreiðar Már er að kynna bankann fyrir þessa dagana. Fyrir mig sem útsjónarsaman fjárfesti eru skilaboðin mikilvæg. Ég reikna með að framvirki samningurinn sem KB bankamenn tóku hafi verið miðaður við gjaldeyriskörfu. Það þýðir að menn búast ekki við því að krónan sé að fara að gefa eftir á næstunni. Þeir eru reyndar ekki einir um þá skoðun. Ég var byrjaður að létta á erlendum lánum hjá mér á móti hlutabréfum, en er farinn að auka þau aftur. Þrátt fyrir að það sé traustvekjandi að lykilstarfsmenn hafi keypt í bankanum er það líklega ekki nóg til að lyfta bankanum mikið. Til þess er hann of stór á íslenska markaðnum. Sem langtímafjárfesting er hann frábær. Maður getur flutt til Grikklands og látið bankann vinna fyrir sér um ókomin ár. En hver nennir því? Hins vegar er almennt ekki sniðugt að mínu mati að stjórnendur séu að taka skammtímastöður í fyrirtækjum sínum, en ég reikna með að samningurinn verði framlengdur þegar hann rennur út og að þeir hugsi til langs tíma.

Fréttablaðið/Heiða

Til skamms tíma veðja ég frekar á að Landsbankinn muni hækka ef stjórnendurnir loksins finna eitthvað sæmilega stórt til að kaupa. Gömlu Eimskipafélagshluthafarnir eru frekar íhaldssamir. Nú fá þeir bréf í Landsbankanum og Straumi í skiptum fyrir bréfin í Burðarási. Ég held að margir þeirra selji Straumsbréfin og eigi frekar fleiri bréf í Landsbankanum. Miðað við hvað maður sá á aðalfundum Burðaráss býst ég við að þeir vilji frekar drekka kaffi með eldri Björgólfnum á aðalfundi. Þeir sem á annað borð hreyfa eitthvað bréfin sín. Ég spái því tímabundnum söluþrýstingi á Straum en kaupþrýstingi á Landsbankann. Þarna eru þá komnar tvær ástæður fyrir því að taka stöðu í Landsbankanum og líklegra að sú fyrri gefi alvöru uppsveiflu.

Alla vega er á hreinu að bankarnir eru ekki hættir að hækka. Ég á auðvitað í þeim öllum, en maður stillir upp hlutföllunum eftir því sem vænlegast er hverju sinni. Þess vegna sigrar maður markaðinn trekk í trekk.

Spákaupmaðurinn á horninu

Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og vodafone

Heyrumst!

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28938 07/2005

AURASÁLIN

Hetjur ríða um héruð

Við Íslendingar höfum búið við það um margra alda skeið að þurfa að leita aftur til fornaldar til þess að finna til stolts yfir uppruna okkar. Á síðustu öldum hafa Íslendingar þurft að gera sér að góðu að hafa til fyrirmyndar í lífinu drykkfellda sveitapresta, ofstopafulla sýslumenn og útlenskt kóngafólk.

Þá riðu hetjur um héruð,
og skrautbúin skip fyrir landi
flutu með fríðasta lið,
færandi varninginn heim.

Svona orti Jónas Hallgrímsson um sína kynslóð sem ól fátt annað en ónytjunga, ljóðskáld og pólitíkusa. Hann hafði ástæðu til svartsýni – en sem betur fer hefur enginn lengur tíma til að lesa ljóð – og hvað þá að skrifa þau – hér á landi eru skrifaðar bankabækur en ekki ljóðabækur.

Á síðustu árum hefur Ísland hætt að standa í stað og munar þess í stað nokkuð á leið til nýrrar sjálfsvirðingar. Frelsið, manndáðin og fornaldarfrægðin eru fundin á ný og nýjar frjálsræðishetjur sigla nú á ný austur og vestur um hyldýpishaf, reisa sér byggðir og kaupa sér búðir, aukast af íþrótt og frægð og una langt í frá glaðar við sitt. Sá er nefnilega munurinn á íslenskum hetjum dagsins í dag og hetjum þjóðveldisaldar að nú vita menn að það að hika er sama og deyja og að lykillinn að lífshamingjunni er vöxtur og lykillinn að vexti er ytri vöxtur.

Það kemur Aurasálinni ekki á óvart að íslensku hetjurnar fái tugi milljóna í laun á mánuði fyrir að láta fyrirtæki sín vaxa. Það sem skilur að þessa menn og okkur hin er himinn og haf – helst skyldi maður halda að þeir væru af einhverri annarri og æðri dýrategund – hugsanlega eru þetta geimverur, eða úr annarri vídd, til dæmis neðri fjórðu víddinni.

Aurasálin var til dæmis á balli um helgina og fékk þar enn eina sönnunina fyrir því að bankastjórar á Íslandi eru meiri ofurmenni en flesta grunar. Ekki er nóg með að þessir menn séu óaðfinnanlegir í klæðaburði og talnaglöggir með eindæmum, flugmælskir og fjallmyndarlegir, heldur syngja þeir eins og englar ef eftir því er leitað. Á ballinu um helgina tók einn frægasti bankastjóri landsins nokkur lög með hljómsveitinni og sló rækilega í gegn. Aurasálin er sjálf svo laglaus að hún mun ekki geta sungið sitt síðasta án þess að skammast sín. En Aurasálin öfundar ekki.

Menn á Íslandi hljóta að spyrja sig hvað þeir hafi til þess unnið á æðri stöðum að fá að vera samtíða slíkum stórmennum sem allt geta og allt kunna, mönnum sem aldrei fellur verk úr hendi og aldrei aur úr buddu; menn sem græða á tá og fingri og lýsa upp samfélag sitt með slíkri dýrðarbirtu – og stíga svo á stokk og sjá okkur fyrir andlegri næringu. Hér ríða hetjur um héruð og skrautbúin skip og flugvélar fljúga og fljóta með hið fríðasta og fræknasta lið, færandi stórgróðann heim – og til Kýpur og Lúxemborgar.

Allir græða á alþjóðavæðingunni

Johan Norberg **vakti athygli fyrir bók til varnar heimskapítalismanum. Hann starfar hjá þankatankinum Timbro í Stokkhólmi og var meðal fyrirlesara á fundi samtakanna Mont Pelerin hér á landi. Hafliði Helgason hitti Johan Norberg milli fyrirlestra á Hótel Nordica og ræddi við hann um frelsi og frumkvæði í viðskiptum.**

Johan Norberg vakti mikla athygli í Svíþjóð og reyndar á alþjóðavettvangi þegar hann gaf út bók sem hann nefndi: Til varnar heimskapítalismanum.“ Hann hefur um nokkurt skeið helgað sig skrifum um alþjóðavæðinguna og er einn af höfundum Timbro sem er þankatankur um stefnu og umhverfi í efnahagslífi. Sjálfur er hann menntaður í hugmyndasögu og segist hafa leiðst út í skrif um alþjóðavæðinguna. „Ég byrjaði reyndar að fjalla um sænska höfundinn William Moberg.“ Moberg þekkja margir af verkinu Vesturfararnir, en sjónvarpssería eftir sögunni var sýnd hér á landi fyrir fleiri árum en maður vill viðurkenna. „Litið hafði verið á Moberg sem höfund sem hélt á lofti sjónarmiðum jafnaðarmanna og verkalýðshreyfingar á lofti. Ég dró fram sjónarmið hans sem voru andstæð jafnaðarmennskunni og sænska ríkinu.“

Síðan skrifaði Johan sögu frjálslyndra viðhorfa í Svíþjóð. „Það leiddi svo til þess að ég fór að fjalla um alþjóðavæðinguna.“

Fátækt var mikil í Svíþjóð fyrir rúmum hundrað árum og á undraskömmum tíma á fyrri helmingi síðustu aldar tókst Svíum að byggja upp samfélag þar sem lífskjör urðu með þeim bestu í heimi. „Saga okkar er mjög spennandi. Hagvöxtur var með því mesta sem þekktist í heiminum frá 1870 til 1950. Við getum sótt margt til þess tíma. Í dag er hægt að setja spurningarmerki við hagvaxtarþróunina. Sífellt stærri hluti þjóðarinnar stendur utan vinnumarkaðar. Um 20 prósent þeirra sem eru á vinnualdri eru atvinnulausir, á örorkubótum eða komnir snemma á eftirlaun. Hættan er sú að þetta hlutfall hækki enn meir. Ástæðan fyrir að okkur gengur ennþá vel er að við eigum sterk iðnfyrirtæki og útflutningsfyrirtæki sem halda uppi lífskjörunum. Ef þau fara eða leggja upp laupana, þá eigum við ekki mikið eftir. Það er ekki góð tilhugsun að af stærstu og öflugustu fyrirtækjum í Svíþjóð er ekkert sem stofnað er eftir 1970.“

Johan Norberg
Starf: Ritstjóri og höfundur
Fæðingardagur 27. ágúst 1973
Maki: Sofia Nerbrand

Johan Norberg segir margar ástæður fyrir þessu. „Ein er umhverfi fyrirtækja almennt, annað að okkur hefur gengið erfiðlega að komast inn á nýja markaði með nýja hluti. Ericsson er gott dæmi um það þegar við afnámum regluverk í fjarskiptageiranum á undan öðrum þjóðum. Það leiddi til þess að við eignuðumst alþjóðlegt stórfyrirtæki á því sviði. Greinar á borð við heilbrigðisþjónustu og menntun eru hins vegar háðar miklu regluverki og beinlínis komið í veg fyrir það af núverandi ríkisstjórn að einkafyrirtæki hasli sér þar völl. Þetta eru greinar sem vitað er að eiga eftir að vaxa mikið.“

Johan segir að háir skattar geri það að verkum að Svíar eigi ekki mikið af auðmönnum. „Þetta gerir það að verkum að fáir eru tilbúnir að taka áhættu og fjárfesta í fyrirtækjarekstri.“ Hann bendir á að ósveigjanlegur vinnumarkaður hindri líka nýsköpun í fyrirtækjum. „Réttindi starfsmanna eru sterk og það er dýrt að segja upp fólki. Það veldur því að menn þora ekki að ráða fólk. Til að nýir hlutir verði til þarf fólk að vera á hreyfingu. Svíar komust ekki áfram með því að halda fast í það gamla. Við náðum árangri á sínum tíma með því að finna nýja og spennandi hluti og sjá til þess að vegalengdin frá hugmynd til veruleika væri sem styst. Þetta er vandamál okkar í dag í hnotskurn. Við eigum fleiri einkaleyfi en nokkur önnur þjóð miðað við höfðatölu. Ef við horfum hins vegar á nýsköpun í fyrirtækjum þá fæðast færri ný fyrirtæki í Svíþjóð, en í flestum löndum sem við berum okkur saman við. Allir sem skapa eitthvað taka áhættu og því er þetta ástand mjög slæmt.“

OHAN NORBERG „Svíar komust ekki áfram með því að halda fast í það gamla. Við náðum árangri á sínum tíma með því að finna nýja og spennandi hluti og sjá til þess að vegalengdin frá hugmynd til veruleika væri sem styst.“

Alþjóðavæðingin hefur verið mikið í umræðunni og oft heyrast raddir um að hún verði til þess að ríkar þjóðir verði ríkari á kostnað þróunarríkja. „Þeir sem munu græða mest á alþjóðavæðingunni eru fátækari lönd. Það eru þau sem þurfa á fjárfestingu að halda og tækniþekkingu. Þau munu færast hraðar til aukinnar velmegunar en Vesturlönd hafa gert, þar sem þau geta nýtt sér það sem þegar er til á Vesturlöndum. Ríkari þjóðir munu verða ríkari en fátækari lönd munu einnig verða ríkari.“ Hann segir umræðuna fasta í því að ríkidæmi eins sé á kostnað annars sem sé hugsunarvilla. Gagnrýni á alþjóðavæðinguna sé mótsagnakennd. „Fólki undir fátækramörkum hefur fækkað um 400 milljónir á síðustu tíu árum. Þegar menn sjá þetta þá snúa menn gagnrýninni við og telja að Vesturlönd tapi á alþjóðavæðingunni og fólk missi vinnunna.“

Eitt af því sem mikið hefur verið í umræðunni er „outsorching“ eða útflutningur starfa til landa þar sem laun eru lægri. Indverskir verk- og tölvufræðingar vinna mikið fyrir vestræn fyrirtæki. „Við þurfum á útflutningi vinnu og innflutningi vinnuafls að halda, því þjóðir Vestur-Evrópu verða sífellt eldri.“ Johan segir umræðuna um alþjóðavæðinguna oft festast í fari. „Dæmi um þetta er bandarísk heimildamynd sem fjallaði um iðnað í Kína. Þar var sýnt skýrt og með dramatískum hætti hvernig Kína getur framleitt allt sem krefst mannafla ódýrara en í Bandaríkjunum. Afleiðingin er að Bandaríkjamenn tapa störfum til Kína. Niðurstaðan var að hækka þyrfti tollamúrana. 1-0 fyrir andstæðinga alþjóðavæðingarinnar. En hvað var það sem ekki var sýnt í myndinni? Í fyrsta lagi fær Kínverji vinnu. Hvað gera svo Kínverjar þegar þeir fara að hafa tekjur? Þeir kaupa vöru og þjónustu. Framleiðsla er til fyrir neytendur og það þriðja sem gerist er að verð verður lægra. Það hefur svo þá þýðingu að við höfum efni á að kaupa nýja hluti eða þjónustu. Það skapar svo ný störf í þeim greinum heima fyrir. Staðan verður því 4-1 fyrir alþjóðavæðingunni. En það eina sem fólk sér ef það festist í núinu er þessi eini sem missir vinnuna. Fólk á auðvelt með að skilja og samsama sig því og það gerir þessa umræðu erfiða.“

Ástæðan fyrir að okkur gengur enn þá vel er að við eigum sterk iðnfyrirtæki og útflutningsfyrirtæki sem halda uppi lífskjörunum. Ef þau fara eða leggja upp laupana, þá eigum við ekki mikið eftir. Það er ekki góð tilhugsun að af stærstu og öflugustu fyrirtækjum í Svíþjóð er ekkert sem stofnað er eftir 1970.

HÁDEGISVERÐURINN

Með Johan Norberg
ritstjóra frihandel.nu
og höfundi hjá Timbro

Hádegisverður fyrir tvo á Vox

Hádegisverðarhlaðborð

Drykkir
Vatn
Kaffi
Alls 5.330 krónur

Grunaðir tölvuþrjótar handteknir

Tveir menn hafa verið handteknir grunaðir um að hafa hannað tölvuvírus sem setti allt í uppnám hjá CNN og New York Times. Microsoft er gagnrýnt fyrir hönnunargalla í forritum sínum.

Tveir menn, frá Marokkó og Tyrklandi, hafa verið handteknir grunaðir um að hafa búið til tölvuvírus sem olli milljarða tjóni í Bandaríkjunum fyrir röskum mánuði.

Farid Essebar var handtekinn í Marokkó og Atilla Ekici í Tyrklandi stuttu seinna. Félagarnir eru sagðir hafa hannað Zotob-vírusinn svokallaða, sem nýtti sér galla í stýrikerfum frá Microsoft. Rúmlega hundrað bandarísk stórfyrirtæki urðu fyrir tjóni, þar á meðal CNN-fréttastöðin og dagblaðið New York Times.

Yfirmaður tölvuglæpadeildar bandarísku alríkislögreglunnar, Louis Reigel, sagðist þakklátur yfirvöldum í Marokkó og Tyrklandi fyrir skjót vinnubrögð í málinu: „Án þeirra gengju þessir tölvuþrjótar enn lausir.“

Microsoft hefur legið undir ámæli fyrir öryggisgalla í stýrikerfum fyrirtækisins. Brad Smith, yfirmaður öryggismála hjá Microsoft, segir þau mál þó í góðum farvegi: „Við sáum strax úr hvaða tölvum vírusinn kom. Menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir reyna eitthvað þessu líkt.“ - jsk

STÝRIKERFI FRÁ MICROSOFT Zotob-vírusinn svokallaði olli milljarða tjóni í Bandaríkjunum. Tveir menn hafa verið handteknir vegna vírussins.

Wal-Mart sakar Tesco um einokun

Wal-Mart, sem er móðurfélag bresku stórmarkaðakeðjunnar Asda, vill að yfirburðir Tesco-stórmarkaðanna á Bretlandsmarkaði verði rannsakaðir.

Tesco hefur 30,5 prósenta markaðshlutdeild og telja forsvarsmenn Wal-Mart að fyrirtækið hafi haft einokunartilburði í frammi. Markaðshlutdeild Asda er rúmlega sextán prósent.

Tesco-menn neita hins vegar öllum ásökunum um einokun: „Viðskiptahættir okkar hafa verið rannsakaðir áður og alltaf er niðurstaðan sú sama; það er samkeppni á markaðnum og neytandinn stendur uppi sem sigurvegari,“ sagði Lucy-Neville Rolfe yfirmaður lögfræðisviðs Tesco. - jsk

VERSLAÐ Í TESCO Tesco hefur 30,5 prósenta markaðshlutdeild í Bretlandi. Smásölurisinn Wal-Mart sakar fyrirtækið um einokun.

Lausn vefnaðardeilu í sjónmáli

Þúsundir tonna af fötum framleiddum í Kína eru fastar í evrópskum tollum.

Peter Mandelson, framkvæmdastjóri viðskiptamála hjá Evrópusambandinu, segir að lausn sé í sjónmáli í vefnaðardeilu ESB við Kínverja.

Kvóti er settur á innflutning á vefnaði og hafa Kínverjar nú þegar fyllt sinn kvóta. Af þeim sökum eru þúsundir tonna af fötum frá Kína fastar í evrópskum tollum.

Evrópskir kaupmenn hafa mótmælt þessu fyrirkomulagi og segjast ekki ná að fylla búðir sínar af varningi fyrir jólavertíðina fáist kínversku fötin ekki leyst úr tolli.

„Viðræður eru hafnar við Kínverja og það þokast í samkomulagsátt. Það hefur enginn orðinn gjaldþrota enn og við vonum að lausn fáist áður en svo fer.“ - jsk

Fréttablaðið/AFP

PETER MANDELSON SKÁLAR VIÐ KÍNVERSKA VIÐSKIPTARÁÐHERRANN Mandelson er framkvæmdastjóri viðskiptamála hjá Evrópusambandinu og segir að nú þokist í samkomulagsátt í vefnaðardeilu sambandsins við Kínverja.

www.ru.is/simennt
SÍMENNT HR

Rekstrar- og fj rm lan m

Hagnýtt og markvisst nám sem er sniðið fyrir þá sem vilja efla þekkingu sína á fjármálum og rekstri fyrirtækja

vinningurÁ

- aldgóð, almenn kunnátta í fjármálafræðum.
- Betri skilningur á hlutverki og ferli fjármála í rekstri fyrirtækja.
- Dýpri skilningur á tengslum fjármála við aðra Hætti í rekstri fyrirtækis.

Kenn la fer fram í Há kólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2.

Kennt er tvisvar í viku á þriðjudögum frá kl. 16:00 – 19:00 og föstudögum frá kl. 17:00 – 20:00. Námið er samtals 66 klst. og hefst þriðjudaginn 6. eptember og lýkur föstudaginn 18. nóvember.

Verð: 139.000,-

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Yfir hundrað starfsmenn Íslandsbanka tóku þátt í Reykjavíkurmaraþoni

Forstjórinn lauk heilu maraþoni á fjórum klukkustundum.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, hljóp heilt maraþon í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka. Tími Bjarna var fjórar klukkustundir og ein og hálf mínúta og var hann ánægður með árangurinn. Tómas, ellefu ára sonur Bjarna, hljóp með honum um fimm kílómetra leið til að styðja við bakið á pabba sínum á lokasprettinum.

Íslandsbanki hvatti sérstaklega starfsmenn sína til að taka þátt þar sem bankinn er aðalstyrktaraðili Íslandsbanka Reykjavíkurmaraþons. Mjög góðar undirtektir voru meðal starfsmanna og hófu margir undirbúning snemma í sumar. Þegar uppi var staðið luku 133 starfsmenn hlaupinu. 74 starfsmenn hlupu skemmtiskokk, 46 hlupu tíu kílómetra og tólf hlupu hálft maraþon. Auk Bjarna hlupu tveir aðrir starfsmenn bankans heilt maraþon, þeir Magnús Pálmi Örnólfsson og Jón Ingi Árnason.

Forsvarsmenn Íslandsbanka voru mjög ánægðir með heildarþátttöku í hlaupinu enda þátttökumet slegið í öllum vegalengdum hlaupsins. „Það var afar ánægjulegt að sjá hve margir tóku þátt í ár og nú er að halda áfram því góða starfi sem Reykjavíkurmaraþon heldur úti,“ sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka. „Markmið okkar með styrknum er að efla áhuga almennings á hlaupi og hvetja til þátttöku. Því var einstaklega gaman að sjá að það voru ekki aðeins hlauparnir sjálfir sem tóku þátt í hlaupinu heldur fjöldinn allur af stuðningsmönnum og áhorfendum.“

YFIR HUNDRAÐ STARFSMENN ÍSLANDSBANKA HLUPU Þátttökumet var slegið á öllum vegalengdum.

HLJÓP MARAÞONIÐ Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, ásamt Tómasi syni sínum.

KOMINN Í MARK Eftir fjórar klukkustundir og eina og hálfa mínútu á hlaupum.

B2B ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS

MARKAÐURINN
Auglýsingasími 550 5000

SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!
ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is

Allt til innpökkunar!
Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
GRÆNN MARKAÐUR
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

engin stofngjöld
MOMENTUM
www.momentum.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

SHARP Þú gengur að gæðunum vísum
SHARP PG-B10S • Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN • Upplausn: SVGA 800 x 600 • Þyngd: 2.9 kg
Tilboðsverð kr. 84.900,-
SHARP PG-A10X • Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN • Upplausn: XGA 1024 x 768 • Þyngd: 2.9 kg
3ja ára ábyrgð
Tilboðsverð kr. 119.900,-
Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Síminn stofnar Já

Stofnað hefur verið nýtt fyrirtæki um nokkra þjónustuþætti Símans. Hið nýja félag hefur hlotið nafnið Já og mun reka upplýsingaþjónustuna 118, annast ritstjórn og útgáfu Símaskrárinnar og rekstur vefsvæðisins Símaskrá.is.

Já er dótturfélag Símans. Hjá félaginu starfa um 140 manns, flestir við 118. Starfstöðvar Já eru í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON, BÆJARSTJÓRI Á AKUREYRI, RÆSIR JÁ-VEFINN Með Kristjáni á myndinni eru Katrín Olga Jóhannesdóttir, stjórnarformaður Já, (til hægri) og Sigríður Margrét Oddsdóttir framkvæmdastjóri.

Sigríður Margrét Oddsdóttir hefur verið skipuð framkvæmdastjóri fyrirtækisins en í stjórn sitja Katrín Olga Jóhannesdóttir formaður, Sveinn Tryggvason og Hallmundur Albertsson. - jsk

AP almannatengsl í samstarf við Edelman

Edelman er eitt stærsta sjálfstæða almannatengslafyrirtæki í heimi.

AP almannatengsl ehf. hafa gert samstarfssamning við alþjóðlega fyrirtækið Edelman sem er eitt stærsta sjálfstæða almannatengslafyrirtæki í heimi með um 1.900 starfsmenn í 42 löndum. Edelman er rótgróið en jafnframt framsækið fyrirtæki og á meðal viðskiptavina þess eru mörg stærstu fyrirtæki heims. Með samstarfinu eru AP almannatengsl orðin hluti af neti almannatengslaskrifstofa um allan heim og geta boðið viðskiptavinum fjölbreytta þjónustu á alþjóðlegum vettvangi. Víðtækur gagnagrunnur Edelmans á sviði almannatengsla og markaðsrannsókna er aðgengilegur fyrirtækinu.

Edelman býður þjónustu á öllum sviðum almannatengsla en hjá fyrirtækinu er meðal annars unnið að ímynd fyrirtækja og vörumerkja, fjárfestatengslum, fjölmiðlatengslum, krísustjórnun, viðburðastjórnun, hönnun og útgáfu, samfélagslegri ábyrgð og innri samskiptum. Meðal viðskiptavina Edelman má nefna Microsoft, Unilever, Johnson&Johnson, Boeing, PepsiCo., Samsung, DuPont og UPS auk fjölda leiðandi fyrirtækja á fjármálamarkaði, í ferðaþjónustu, heilbrigðistækni, matvælaiðnaði, íþróttum, stjórnsýslu, markaðsmálum og skemmtanaiðnaði.

„Eignarrétturinn og framtíðin“

Á dögunum var haldin ráðstefna á vegum Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál undir yfirskriftinni „Eignarrétturinn og framtíðin“. Ráðstefnan var haldin á Hótel Nordica og var fjölsótt. Meðal fyrirlesara voru Bandaríkjamaðurinn Michael De Alessi sem starfar hjá Reason-stofnuninni í San Francisco, Bretinn Julian Morris, stofnandi International Policy Network og Roger Bate frá American Enterprise Institute. Erindi De Alessis bar heitið „Náttúruauðlindir, einkaeign eða ríkiseign?“, Bate fjallaði um skrumskælingu vísinda í opinberri stjórnsýslu og Julian Morris um baráttuna gegn fátækt og hlutverk frjálsra viðskipta og eignarréttar í baráttunni. Fundarstjóri var Guðrún Gauksdóttir frá Háskólanum í Reykjavík. - jsk

FJÖLMENNI VIÐ HÁBORÐIÐ Þegar hefðbundinni dagskrá lauk voru á dagskrá pallborðsumræður undir yfirskriftinni Eignarréttur, frelsi og lýðræði. Fundurinn var fjölsóttur og góður rómur gerður að umræðum.

Fréttablaðið/GVA

FYRIRLESARAR OG FUNDARSTJÓRI Á myndinni má sjá Guðrúnu Gauksdóttur fundarstjóra, Julian Morris stofnanda International Policy Network, Michael De Alessi sem starfar hjá Reason-stofnuninni í San Francisco og Roger Bate frá American Enterprise Institute.

BLÓMIN SKILA HAGNAÐI Kjalarvogur hagnast um tæpar fjörutíu milljónir.

Blómaval og Ískraft skila hagnaði

Kjalarvogur, rekstrarfélag Blómavals og Ískrafts, hagnaðist um tæpar fjörutíu milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 35 milljónir króna árið áður. Rekstrartekjur félagsins námu 973 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og jukust um tæp tuttugu prósent milli ára. Rekstrargjöld námu 895 milljónum króna.

Heildareignir félagsins námu 657 milljónum króna í lok árs og eiginfjárhlutfall var sautján prósent. - dh

ÍAV hagnast um 300 milljónir

Hagnaður Íslenskra aðalverktaka var 299 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 214 milljónir króna árið áður. Rekstrartekjur félagsins námu fimm milljörðum króna og jukust um tuttugu prósent milli ára.

Heildareignir félagsins námu 9.669 milljónum króna í lok júní og var eiginfjárhlutfallið 35 prósent í lok ársins.

Í tilkynningu frá félaginu segir að vel hafi gengið að afla félaginu nýrra verkefna það sem af er árinu.

STARFSEMI ÍAV ER VÍTT OG BREITT UM LANDIÐ Verkefnastaða ÍAV er góð.

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.



Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

Fíton/SIA FIU13803

Vonir um samlegð eru oft ein af meginástæðum þess að fyrirtæki kjósa að sameinast

Hvað eru samlegðaráhrif?

Yfirleitt vísa þau til hins aukna árangurs sem ná má þegar fyrirtæki eða rekstrareiningar sameina krafta sína. Heildin verður stærri en summa einstakra hluta þannig að með einhverjum hætti verða 2 + 2 stærri en fjórir, sem kann að hljóma sérkennilega. Í rekstrarsamhengi er sem sagt um að ræða að einhverjar aðgerðir, staða eða ferli styðji hvert annað með þeim hætti að áhrif eða árangur þeirra er meiri en hvers í sínu lagi.

Samlegð getur verið af ýmsum toga. Algengt er að orðinu bregði fyrir þegar menn telja sig geta náð fram samlegð með því að tilteknir kostnaðarliðir verði lægri eftir að kraftar hafa verið sameinaðir, t.d. í sameinuðu fyrirtæki. Af öðrum meiði má nefna betri nýtingu þekkingar, aukið og fjölbreyttara framboð vöru eða þjónustu, betri nýtingu dreifileiða eða betri samningsaðstöðu gagnvart birgjum svo fátt eitt sé nefnt.

Reyndar má segja að orðið samlegð hafi fengið sess tískuorðs í umræðu um rekstur og stundum verði varla þverfótað fyrir samlegðinni. Á öðrum vígstöðvum hefur samlegð verið notuð lengi, t.d. í lyfjafræði til að lýsa sameiginlegum áhrifum tveggja eða fleiri lyfja.

Eru samlegðaráhrif mikilvæg ástæða sameininga?

Vonir um samlegð eru oft ein af meginástæðum þess að fyrirtæki kjósa að sameinast þó að oft séu þær vonir ekki í öndvegi heldur eitt af mörgum atriðum sem menn vilja ná fram. Hér er ítrekað að samlegð getur tekið á sig margar myndir, og ekki er einungis um að ræða lækkun tiltekinna og auðgreinanlegra kostnaðarliða. Hvaða tegund samlegðar er reynt að ná fram, ef svo má að orði komast, getur verið háð mörgum þáttum. Í fjárfrekri atvinnugrein sem er í mjög litlum vexti en afkastageta er yfrin er mikilvægt að lækka heildarkostnað og í þeim tilvikum getur meginmarkmið samruna verið að lækka kostnað og ná þannig fram samlegð. Í atvinnugrein sem er í meiri vexti getur áherslan varðandi samlegð verið á að auka sóknarþunga á markaði, útvíkka og/eða fjölþætta starfsemi eða bregðast við breytingum sem hafa orðið eða eru að vera á markaði, t.d. hjá viðskiptavinum.

Það er svo önnur saga að reynslurök samruna þar sem leita á samlegðar sem aldrei fyrr gefa ekki alltaf sannfærandi mynd. Samlegðin hefur stundum reynst eins og fljúgjandi furðuhlutir, margir telja sig hafa séð þá en fáir geta bent á þá.

Eru meiri samlegðaráhrif í stærri sameiningum?

Ekki er hægt með afgerandi hætti að segja að von um samlegð sé meiri þegar stór fyrirtæki sameinast, þó að yfirlýsingar um slíkt geti verið kraftmiklar. Ef um flókinn og umfangsmikinn rekstur er að ræða eru fjölmörg viðfangsefni í sameinuðu fyrirtæki sem erfitt getur verið að ná tökum á. Einstökum hlutum rekstrar kann að hraka um tíma, erfitt getur verið að leggja mat á rekstrarávinning, ef svo má að orði komast, þegar t.d. viðskiptavinir hætta viðskiptum við fyrirtækið og starfsandi kann að versna.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Lofts Ólafssonar
lektors við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Í einum af stærri samrunum síðari ári þegar samruni Hewlett Packard og Compaq stóð til vonaðist Michael Dell, þáverandi forstjóri Dell, til þess að af samrunanum yrði. Hann taldi mikil tækifæri felast í samrunanum fyrir sitt fyrirtæki og var greinilega ekki jafnsannfærður um samlegðina. En til að sanngirni sé gætt eru einnig dæmi um stóra samruna þar sem ágæt samlegð hefur náðst.

Eru samlegðaráhrif mælanleg?

Erfitt er að gefa einhlítt svar við spurningunni og líklega er skynsamlegast að segja að þau séu mismælanleg. Ef dæmi er tekið af fyrirtækjum í fullkomlega sambærilegum rekstri sem sameinast, loka verksmiðjum í kjölfarið og öll starfsemi og aðstæður eru að öðru leyti óbreyttar er ekki erfitt um vik að mæla samlegðina. Í öðrum tilvikum getur viðfangsefnið verið vandasamt. eins og gæti verið í tilvikum lyfjafyrirtækja sem sameinast í því augnamiði að nýta betur það fé sem varið er í rannsóknir og lyfjaþróun. Tekjur skila sér gjarnan ekki fyrr en eftir langan tíma og eins er ekki vitað hver hefði verið árangur fyrirtækjanna ef þau hefðu starfað áfram hvort í sínu lagi.

Hvernig tengist stærðarhagkvæmni samlegðaráhrifum?

Stærðarhagkvæmni og samlegð tengist t.d. með þeim hætti að aukin hagkvæmni í rekstri vegna umfangsmeiri rekstrar gæti um leið verið samlegð sem menn hefðu náð fram t.d. með fækkun og stækkun deilda eða verksmiðja og lækkað þannig einingakostnað.

Samlegð tengist ekki síður aukinni rekstrarhagkvæmni vegna fjölþættingar í rekstri, t.d. þegar fyrirtæki kaupir eða sameinast fyrirtæki í skyldum rekstri.

Er sífellt hægt að ná fram meiri stærðarhagkvæmni með sameiningum?

Á pappír má e.t.v. segja að lengi sé hægt að ná fram aukinni stærðarhagkvæmni með sameiningum svo lengi sem kostnaður fer hlutfallslega lækkandi. Þessi rós er þó ekki án þyrna frekar en aðrar. Stór fyrirtæki geta misst snerpu, flækst inn í margvíslegan og óskyldan rekstur sem þau ráða ekki við á endanum og í mörgum greinum þar sem reynir á hugmyndaauðgi og frumkvæði er stærðin ekki sérstakur kostur. Stærðinni getur m.ö.o. á endanum fylgt óhagkvæmni.



LEGÓKUBBAR Þegar legókubbarnir þrír eru lagðir saman taka þeir minna pláss en geta náð hærra upp í loftið.

Tveir plús tveir verða fimm

Samlegðaráhrif eru þegar þættir starfsemi fyrirtækja sem sameinast styðja hver annan og leiða til lægri kostnaðar en oft á sama tíma til hærri tekna. Dögg Hjaltalín kynnti sér málið.

Mikið hefur verið um að fyrirtæki hafi sameinast undanfarið og í tengslum við sameiningar ber orðið samlegðaráhrif oft á góma. Samlegðaráhrif er sparnaðurinn sem sameining tveggja fyrirtækja getur leitt til. En hvernig er hægt að leggja saman tvo og tvo og fá út þrjá í kostnaði og fimm í tekjum? Að minnsta kosti eru samlegðaráhrif einn af meginþáttunum þegar kemur að því að meta virði sameininga.

Með samlegðaráhrifum er átt við það þegar einn þáttur í tiltekinni starfsemi styður annan. Sem dæmi má nefna þegar tvö fyrirtæki sem starfa á hvort á sínu sviðinu sameinast og við það annaðhvort lækkar heildarkostnaður eða heildartekjur aukast.

Það góða við samlegðaráhrif er að þau eru í raun viðvarandi því að þegar rekstrarkostnaður lækkar vegna sameiningar, til að mynda tveggja fjármáladeilda, verður sá kostnaður ávallt lægri en rekstrarkostnaður tveggja deilda. Því aukast í raun samlegðaráhrifin hægt og hægt með hverju ári og er hægt að reikna þau til framtíðar. Það er samt gert með þeim fyrirvara að allt annað verði óbreytt sem er óraunhæft.

MÁLIÐ ER
Samlegðaráhrif

MCDONALDS

Gott dæmi um samlegðaráhrif er McDonalds sem getur bæði framleitt hamborgara og franskar kartöflur með lægri meðalkostnaði en það myndi kosta tvö mismunandi fyrirtæki að framleiða sömu vörur. Ástæðan felst í því að hamborgararnir og frönsku kartöflurnar er hægt að geyma á sama stað, flytja á sama tíma og steikja samhliða afgreiðslu. Einnig eru McDonalds-staðir gæddir þeim kostum að mjög einfalt og ódýrt er fyrir þá að breikka vöruúrval sitt því brauð, sósur og grænmeti er hægt að nýta á hamborgara, fiskborgara sem og kjúklingaborgara.

Á MÖRGUM SVIÐUM

Samlegðaráhrif geta birst á ýmsum stöðum innan veggja fyrirtækja og utan. Innan fyrirtækjanna er hægt að sameina ýmsar deildir rekstrarins sem ekki eru beint í framleiðslunni. Sölu- og markaðsdeildir er hægt að sameina, sem og fjármáladeild og tölvudeild.

Utan fyrirtækisins birtast samlegðaráhrifin í innkaupum, flutningum og verður hver eining ódýrari fyrir vikið. Þarna er einnig um svonefnda stærðarhagkvæmni að ræða.

Sameining fyrirtækja í svipuðum rekstri getur skapað mikil samlegðaráhrif en fyrirtæki í ólíkum rekstri hafa oft minni samlegðaráhrif. Stoðdeildir á borð við fjármáladeild og upplýsingatæknideild er þó hægt að samnýta í flestum rekstri.

AUKAST MEÐ TÍMANUM

Hvatinn að baki samruna eða yfirtöku til skamms tíma er sá að stjórnendur sjá fram á talsverða hagræðingu í rekstri og umtalsverðan sparnað til að auka arðsemi hins sameinaða félags. Hvatinn til lengri tíma er hins vegar að langmestu leyti fólginn í sameinaðri þekkingu, færni, vörum og mörkuðum sem leggur grunninn að frekari vexti fyrirtækisins til að auka verðmæti þess.

Margir velta því fyrir sér hvort hægt sé að auka hagnað fyrirtækja endalaust með sameiningum. Sífellt er verið að leitast við að ná fram meiri samlegðaráhrifum í rekstri fyrirtækja, sérstaklega í ljósi þess hversu hratt mörg fyrirtæki hafa vaxið.

Visst ofmat á sér vafalaust stað á sparnaði og samlegðaráhrifum við yfirtökur og kaup en á móti kemur að samlegðaráhrifin vara til lengri tíma og ættu að aukast með tímanum. Ákveðnar væntingar skapast oft sem erfitt er að standa undir og veldur þarafleiðandi vonbrigðum meðal hluthafa. Það getur leitt til þess að sameiningar skili ekki því sem til var ætlast.

Stærðarhagkvæmni er náskyld samlegðaráhrifum. Stærðarhagkvæmni lýsir sér í því að meðalkostnaður lækkar við það að umsvif aukast. Þannig gæti stærðarhagkvæmni skilað ávinningi ef tvö fyrirtæki í sömu atvinnugrein sameinast eins og í tilviki Bakkavarar og Geest.

Hvatinn til lengri tíma er hinsvegar að langmestu leyti fólginn í sameinaðri þekkingu, færni, vörum og mörkuðum sem leggur grunninn að frekari vexti fyrirtækisins til að auka verðmæti þess.

Um ellefu milljarðar í samlegðaráhrif

Í mati greiningardeildar Landsbankans á kaupum Bakkavarar á Geest hækkar virði Bakkavarar um hátt í ellefu milljarða vegna samlegðaráhrifa. Heildarvirði sameinaðs félags var metið á 66 milljarða króna og nema því samlegðaráhrifin sautján prósent af verðmætinu.

Kaup Bakkavarar á Geest var einn af stærstu samrunum tengdum íslensku viðskiptalífi. Því stærri sem fyrirtækin verða því hærri geta samlegðaráhrifin verið.

Í verðmatinu segir að gera megi ráð fyrir því að samlegðaráhrif Bakkavarar og Geest geti verið töluverð enda séu félögin í mjög líkum rekstri. Í tilfelli Bakkavarar og Geest næst meðal annars fram samlegð í innkaupum, betri nýtingu framleiðslulína og hagræðingu í vinnuafli. Í verðmatinu er gert ráð fyrir að samlegðaráhrifin á Bakkavararhlutanum séu einu prósenti hærri rekstrarhagnaðarframlegð en ella hefði orðið. Í Geest-hlutanum er gert ráð fyrir 0,5 prósenta hærra rekstrarhagnaðarhlutfalli. Hækka þessi samlegðaráhrif verðmat sameinaðs félags um ellefu milljarða króna.

Fréttablaðið/GVA

LÍKUR REKSTUR SKAPAR MEIRI SAMLEGÐARÁHRIF Ágúst og Lýður Guðmundssynir, stjórnendur Bakkavarar.

Bylting í LCD sjónvörpum

Skarpari mynd en áður hefur sést!

NÝ LCD TÆKNI
1200:1
SKERPA

VIEWPIA 37” LCD

37” LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI
2x15W Nicam Stereo hátalarar

Tilboðsverð: 199.900,-

- Mynd í mynd
- Mynd við mynd
- Textavarp
- Grafískur tónjafnari
- Virkt sjónarhorn 176°
- 2 ára ábyrgð

2 ÁRA ÁBYRGÐ

2 ÁRA ÁBYRGÐ

VIEWPIA 26” LCD

26” LCD skjár
1280x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
loftnet, VGA, DVI, Composite
2x15W Nicam Stereo

Tilboðsverð: 99.900,-

2 ÁRA ÁBYRGÐ

VIEWPIA 32” LCD

32” LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI, Composite
2x15W Nicam Stereo

Tilboðsverð: 139.900,-

2 ÁRA ÁBYRGÐ

VIEWPIA 42” LCD

42” LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video,Optical út,
Loftnet, VGA
Nicam Stereo

Tilboðsverð: 289.900,-

svar tækni

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

Ræstitæknir óskast

Nú styttist í að nýir eigendur taki við Símanum. Uppgjör fyrirtækisins var yfir væntingum en betur má ef duga skal ef nýir eigendur vilja fá sómasamlega ávöxtun á fjárfestingu sína. Flestir rekstrarspekúlantar eru á því að ýmis hagræðingartækifæri liggi í rekstri fyrirtækisins. Þeir efast hins vegar um að Brynjólfur Bjarnason sé rétti maðurinn í þá tiltekt. Fyrst og fremst vegna þess að hann hefur stýrt fyrirtækinu um skeið og ekki víst að hann vilji fara í sársaukafulla tiltekt. Brynjólfur nýtur fyllsta trausts eigenda og menn velta því fyrir sér hvort hann gerist stjórnarformaður og annar taki til við tiltekt. Orri Hauksson er nefndur sem kandídat í forstjórastólinn, en margir eru á því að best væri að ráða utanaðkomandi forstjóra sem myndi svo taka pokann sinn að tiltekt lokinni.

Á ferð og flugi

Bankamenn eru nú búnir að draga línuna upp úr laxveiðiánum og fram undan eru flughnýtingar til að róa taugarnar á síðkvöldum. Lífið er aftur að komast í eðlilegt horf og menn á ferð og flugi.

Forsvarsmenn Straums með Þórð Má Jóhannesson í broddi fylkingar hafa gert víðreist að undanförnu. Þeir hafa verið að kynna mikinn styrk bankans eftir sameiningu við hluta Burðaráss. Straumsmenn hittu erlenda fjárfesta og leituðu hófanna með samstarf í fjárfestingarverkefnum. Stoppistöðvarnar í þessum túr voru London, Frankfurt og Norðurlöndin.

Hlaup og söngur

Bjarni Ármannsson sem nú talar orðið „flytande norsk“ hefur líka verið á fullu í verkefnum bankans. Hann er mikill orkubolti og lét sig ekki muna um að hlaupa heilt Reykjavíkurmaraþon á dögunum. Tími Bjarna var nokkuð góður og greinilegt að hér fer efnilegur langhlaupari. Næsta sem fréttist af honum var þar sem hann tók lagið með Stuðmönnum á Seltjarnarnesi. Bjarni er Stuðmönnum að góðu kunnur og kann öll þeirra lög sem hann hefur oft áður brugðið fyrir sig þegar stemningin hefur verið rétt. Alltaf hefur verið svolítil starfsmannavelta í Stuðmönnum og nýtt tækifæri opnaðist nú síðast fyrir Idol-stjörnuna Hildi Völu. Staða Bjarna í Íslandsbanka er sterkari en oft áður, en framganga hans með Stuðmönnum þykir gefa ágæt fyrirheit um farsælan feril í poppinu. Einn gárunginn sagði að eina sem Bjarni þyrfti að gera til þess að verða poppstjarna væri að skipta um hárgreiðslu.

10% Spár gera ráð fyrir að stýrivextir Seðlabankans verði 10 prósent í lok september.

100 milljóna króna hagnaður Jarðborana vegna sölu á Einingaverksmiðjunni.

40,12 milljóna króna tap af Byggðastofnun fyrstu sex mánuði ársins.

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

TOYOTA Akureyri

Lexus RX 300 EXE. 04/05, ekinn 8 þ km. Ssk, dráttarkúla, spoiler. Verð 5.490.000 kr.

Toyota Land Crusier 100 VX. 04/01, ekinn 80 þ. km. Ssk, disel, topplúga, leður, DVD spilari ofl ofl. Verð 4.770.000 kr.

Lexus GS 430. 04/02, ekinn 41 þ km. Leður, hraðastillir, 282 hö. Glæsilegur eðalvagn á frábæru verði. Verð 3.590.000 kr

Toyota Avensis STW Sol VVT-I 1.8. 10/04, ekinn 13 þ. km. Sjsk, spólvörn, þakbogar. Verð 2.370.000 kr.

Toyota Corolla S/D Terra 1.4. 05/04, ekinn 39 þ. km. Bsk. Corolla er þekkt fyrir gæði, endingu og hátt endursöluverð. Verð 1.450.000 kr.

Toyota Corolla STW 1.6 Sol. 09/04, ekinn 8 þ. km. Bsk, litað gler, regnskynjarar, glýjuvörn í spegli. Sol er betur útbúinn. Verð 1.850.000 kr.

Nissan Terrano II Luxury TDI 2.7. 05/00, 75 þ. km. Ssk, dráttarkúla, disel, cd-magasín, 7 manna. Verð 2.200.000 kr.

Toyota Rav 4 VVT-I 2.0, 4WD EXE. 05/04, ekinn 49 þ. km. Bsk, leður, hraðastillir, dráttarkúla, topplúga. Verð 2.690.000 kr.

Toyota Rav 4 VVT-I 2.0, 4WD. 07/03, ekinn 60 þ. km. Bsk. Verð 2.050.000 kr

TOYOTA Akureyri

Toyota Corolla H/B T-Sport 1.8. 12/02, ekinn 16 þ. km. Spoiler-kitt, tvöfalt púst, filmur, 192 hö, ofl. Verð 1.950.000 kr.

Toyota Land Crusier 90 GX. 08/99, ekinn 154 þ. km. Ssk, disel, 38" breyting, dráttarkúla, álfelgur. Verð 2.950.000 kr.

Opel Astra STW GL 16 V 1.6. 08/99, ekinn 76 þ. km. Bsk, ný tímareim. Verð 840.000 kr. Tilboð 690.000 kr.

Toyota Land Crusier 90 VX. 08/97, ekinn 170 þ. km. Ssk, disel, dráttarkúla, leður, sumar- og vetrardekk. Þjónustubók. Verð 1.890.000 kr.

Ford Mustang GT. 1998, ekinn 88 þ. km. Ssk, 8 cyl, 215 hö, spoiler, 17" dekk, álfelgur. Verð 1.640.000 kr.

Toyota Land Crusier 90 LX. Nýr bíll. 35" breyttur, sjsk, disel, dráttarbeisli, grillgrind, skíðafesting ofl. Verð 5.716.000 kr.

Puma ATV 250. 2003. Verð 290.000 kr.

Yamaha YZ 85 LW. 05/03, nýjar legur og stimpill. Verð 330.000 kr.

Yamaha YZ 250 F. 2002. Upptekinn mótor, ný plöst. Verð 520.000 kr.

TOYOTA Akureyri

Yamaha WR 250 F. 2003, ekinn 4 þ. km. Verð 520.000 kr.

Polaris 500 Big Boss 6x6. 10/99, ekinn 8 þ. km. Verð 450.000 kr.

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1, 600 Akureyri
Sími: 460 4300
Opið virka daga 9-18, laugardaga 13-16.

BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sím 567-4840 og 660-0661

Toyota Landcruiser 90 VX. Dísel árrg. '00, ek. 93 þ.km. Ssk, álfelgur, dráttarkúla, fjarst. samlæs, CD. Verð kr. 2.890.000.

Nissan Almera SLX. Árg '98. Ek 119 þ.km. Ssk, rafdrifnar rúður, rafdrifnir speglar, samlæsingar. Verð kr. 490.000.

Höfðahöllin
Vagnhöfða 9, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

Bílar til sölu

Mercedes Benz C230 Kompressor árgerð 2005 með leðurinnréttingu, sólúgu og nær öllum öðrum fáanlegum aukahlutum. Sparað vel á aðra milljón á BílaUppboði Islandus.com. Bíllinn er hjá okkur, þú getur fengið hann samdægurs! Allt að 5 ára ábyrgð og 100% bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000. www.islandus.com.

4Runner '91 er á 38", ssk, ek. 170 þús., sk. '06, talstöð, NMT. Verð 840 þús. 770 þús.stgr. Uppl. í s. 847 5565.

Ford Transit árg. '97. Háþekja. Vélavana. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 898 1107 & 561 4207.
VÍSINDI Geimvísindamenn segja uppgötvanir sínar um Enceladus, eitt tungla Satúrnusar, hreint út sagt ótrúlegar. Með því að nota hið háþróaða geimfar Cassini-Huygens hefur þeim tekist að fá staðfest að umhverfis tunglið, sem er rétt um 500 kílómetrar í þvermál, er allþykkur lofthjúpur.

Þeir hafa einnig komist að því að á öðrum pól þessa íshnattar virðist vera vatn í fljótandi formi í einskonar ám sem mynda rákir á yfirborði tunglsins. Vísindamennirnir hafa hinsvegar ekki skýringu á hinni miklu virkni tunglins Enceladus.

Tunglið er eitt af aðalviðfangsefnum Cassini-leiðangursins. Cassini-gervitunglið er sagt vera sá hlutur í alheiminum sem varpar best frá sér ljósi en um 90 prósent þeirrar birtu sem lendir á farinu endurvarpast um hæl út í geiminn. Farið er á sporbaug um Satúrnus, um 240 þúsund kílómetra frá yfirborðinu eða eins og í ysta hring reikistjörnunnar. **- oá**

MYND/NASA

ENCELADUS Í HLUTFALLI VIÐ BRETLANDSEYJAR Vatn virðist renna frá öðrum pól tunglsins.

stjórnarkosningar hefur Sjálfstæðisflokkurinn haldið prófkjör fimm sinnum en tvisvar hefur verið stillt upp á listann af kjörnefnd flokksins í Reykjavík. Auk síðustu kosninga var það árið 1990.

Síðast var því prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík árið 1997 en þá var reyndar einnig barist um efsta sætið því þá bauð Inga Jóna Þórðardóttir sig fram gegn Árna Sigfússyni, þáverandi oddvita borgarstjórnarflokksins, í prófkjöri en Árni sigraði og hlaut 4.542 atkvæði í efsta sætið en Inga Jóna 1.184 atkvæði. Inga Jóna hafnaði í þriðja sæti í prófkjörinu en prófkjörsreglur voru öðruvísi þá en í því prófkjöri sem áður var vísað til og hægt að merkja við frambjóðendur í númeraðri röð.

Þátttaka í prófkjörum sjálfstæðismanna er mikil. Rík hefð er fyrir prófkjörum hjá flokknum hvort sem er fyrir borgarstjórnarkosningar eða alþingiskosningar. Ekki mun skoðanakönnun Fréttablaðsins frá því um helgina um fylgi flokkanna í Reykjavík draga úr áhuga reykvískra sjálfstæðismanna til að taka þátt í prófkjörinu, hvort sem er sem frambjóðendur eða kjósendur. Ekki síst þegar efsta sætið í prófkjörinu getur gefið borgarstjórastólinn eins og í prófkjörinu þegar Davíð sigraði.

FRÉTTASKÝRING
HJÁLMAR BLÖNDAL
ritstjorn@frettabladid.is

ÚTSÖLUSTAÐIR

KLAKKUR, Vík / **BYM**, Mosfellsbæ / **FOSSRAF**, Selfossi / **GEISLI**, Vestmannaeyjum / **HS RAF**, Eskifirði / **KH.** BLÖNDUÓSI / **KAUPF.HVAMMSTANGA** / **LÓNIÐ**, Höfn **RAFBÚÐ RÓ**, Keflavík / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI**, Hafnarfirði / **RAFALDA**, Neskaupstað / **RAFBÆR**, Siglufirði / **ÞRISTUR**, Ísafirði / **RAFLAMPAR**, Akureyri **ÖRYGGI**, Húsavík / **RAFSJÁ**, Sauðárkróki / **KRÁKUR**, Blönduósi / **SVEINN GUÐMUNDSSON**, Egilsstöðum / **RAFLOST**, Djúpavogi

skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Skoðanakannanir sýna sterka stöðu Sjálfstæðisflokksins og veika stöðu Framsóknar og Vinstri grænna.

Jafnræðisflokkarnir

Framsóknarflokki og Vinstri grænum þótti Samfylking helst til frek þegar hún vildi ekki að efstu sæti hugsanlegs framboðslista flokkanna þriggja skiptust jafnt á milli flokkanna. Nú hefur verið gerð mæling á stöðu flokkanna og ljóst er að mikill munur er á fylgi þeirra, svo mikill að himinn og haf er á milli. Sama mæling segir að Sjálfstæðisflokkur fengi fínan meirihluta í borgarstjórn. Enn sýnir sama könnun að ef Framsókn og Vinstri grænir hefðu kyngt þeirri staðreynd að Samfylkingin er langtum stærri en hinir flokkarnir tveir og gengið til samstarfs með það hugfast væri alls ekki útilokað að flokkarnir þrír héldu meirihluta í borginni, Vinstri grænir hefðu borgarfulltrúa og völd umfram fylgi og Framsókn langt umfram fylgi.

Svo er allt annað mál hvort ekki sé farsælast fyrir flokkana þrjá og Reykvíkinga að upp úr slitnaði. Sennilega er R-listinn kominn að endamörkum og hann best geymdur í minningunni. Hafin er hörð barátta innan flokka um leiðtogasætin, það er innan Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Hjá hinum flokkunum er ekki um nein leiðtogasæti að ræða, þar verður kannski keppst um efstu sætin, en þeir sem þau skipa verða aldrei leiðtogar eins né neins, svo veik er staða flokkanna sé miðað við skoðanakönnun Fréttablaðsins. Svo er

Sennilegast er best að flokkarnir bjóði allir fram hver í sínu nafni. Það þarf að stokka spilin og kjósendur eru best til þess fallnir.

fyrir komið að Árni Þór Sigurðsson hefur ákveðið að sækjast eftir baráttusæti Vinstri grænna, það er að skipa annað sæti listans. Framsókn og Vinstri grænir geta samkvæmt því sem nú liggur fyrir vænst þess helst að komast í meirihluta með færri borgarfulltrúa og veikari stöðu en þeir hefðu haft með R-listanum. Eina spennan hjá minni flokkunum er barátta Alfreðs Þorsteinssonar við að halda fyrsta sæti síns flokks. Annað er ekki spennandi.

Átök eru hafin innan stóru flokkanna. Á yfirborðinu segjast allir vera vinir. En um leið og skyggnst er undir það sést allt önnur hlið og harðari. Innan skamms tíma munu stíflurnar bresta og stóryrði og fullyrðingar flæða út. Það er mikið undir í baráttu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur og Stefáns Jóns Hafstein og í baráttu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Gísla Marteins Baldurssonar. Allt þetta fólk hefur sett markið á eitt mesta og besta pólitíska starf á Íslandi, allt vill það verða borgarstjóri í Reykjavík. Til þess að svo stór draumur rætist og verði að veruleika þarf að kosta miklu til, ekki bara peningum heldur ekki síður beita öðrum meðulum, sem munu verða gruggugri eftir því sem nær dregur. Svo mikið er undir.

Sennilegast er best að flokkarnir bjóði allir fram hver í sínu nafni. Það þarf að stokka spilin og kjósendur eru best til þess fallnir. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ímynd, stíll, áferð og áherslur
Furðulegt hve fáir sáu eftir R-lista samstarfinu. Rétt eins og ríkt hefði þegjandi samkomulag um langt skeið meðal kjósenda og jafnvel leikenda á pólitíska sviðinu í Ráðhúsi Reykjavíkur um að nú væri nóg komið.
Flokkarnir sem standa að R-listanum eru nú í þeirri undarlegu stöðu að þurfa að starfa saman út kjörtímabilið en hefja um leið kosningabaráttu hver með sínu móti og sínum mannskap. Flokkarnir eru vart farnir að taka sér stöðu í Reykjavík þegar fylgiskönnun Fréttablaðsins sýnir hátt í 54 prósenta fylgi Sjálfstæðisflokksins meðal þeirra sem afstöðu tóku.
Þjark um skiptingu efstu sæta á R-lista hefur nú breyst í slag keppinauta um efstu sætin innan hvers flokks. Og með sigurvegurunum í prófkjörum næstu vikna og mánaða ræðst ímynd, áferð, stíll og áherslur hvers framboðslista um sig. Er ekki allt önnur ímynd sem fylgir Gísla Marteini en Vilhjálmi Þ.? Stefáni Jóni eða Steinunni Valdísi? Hvað ætli sé vænlegast fyrir Framsóknarflokkinn: Alfreð, Björn Ingi eða Jónína? Og svo framvegis.

Er þessi samanburður í lagi?
Áherslan á ímyndina og stílinn frekar en málefnin, silfurpappírinn og slaufurnar frekar en innihaldið, er áleitin. Voru helstu gagnrýnendur R-listans orðnir þreyttir á umbúðunum? Eða fannst þeim innihaldið orðið ókræsilegt?
Hér er spurt vegna þess að sláandi samlíkingu er nú að finna í kosningabaráttunni í Noregi tólf dögum fyrir þingkosningarnar þar.
Verkamannaflokkurinn, Sósíalíski vinstriflokkurinn og Miðflokkurinn hafa myndað þar eins konar „R-lista“ fyrir kosningar og segja kjósendum blákalt að þeir ætli að mynda saman ríkisstjórn fái þeir til þess styrk frá kjósendum. Gróflega má segja að þessir norsku flokkar eigi sér samsvörun í Samfylkingunni, Vinstri grænum og Framsóknarflokknum.
Þarna er hugað vel að stíl og áferð. Foringjarnir deila ekki innbyrðis í fjölmiðlum, hafa komið sér saman um forsætisráðherraefni, sem er Jens Stoltenberg, og mælast með um 54 prósenta fylgi samanlagt, líkt og Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú í Reykjavíkurborg.

johannh@frettabladid.is

Afskræming lokunar

Í DAG
BURMA

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Menn hafa lengi spáð vel fyrir Burma sem nú er nefnt Mjanmar. Fyrir rúmum fjörutíu árum sögðu bandarískir sérfræðingar að landið væri eitt þriggja landa í Asíu sem fljótlega myndu blanda sér í hóp vel stæðra iðnríkja. Hin voru Íran og Filippseyjar. Svo vill til að þetta eru einmitt þau þrjú ríki Asíu sem á síðustu áratugum hafa dregist aftur úr öðrum ríkjum álfunnar. Burma er nú eitt fátækasta ríki heims. Eftir að ljóst var að Burma væri ekki á leiðinni til iðnvæðingar heyrði ég hollenskan félagsvísindamann lýsa því hvernig landið væri eitt fárra ríkja í heiminum sem virtist hafa afl og getu til þess að marka sér stefnu í samræmi við sína gömlu og þróuðu menningu. Hann sagði að stefna stjórnvalda tæki mið af heimatilbúnum sósíalisma og af dýpri visku úr búddisma. Þetta hljómaði mjög rómantískt í notalegum fyrirlestrasal í ríkri borg.

Nú er hins vegar svo komið að Burma er líklega eina landið í heiminum þar sem almennur áhugi virðist ríkja á því að eitthvert útlent ríki taki sig til og ráðist inn í landið. Þetta var sú tilfinning sem ég fékk af samræðum við menn í Yangoon, höfuðborg Burma. Þar ríkir hrein ógnarstjórn og samtöl um pólitík því ekki beinlínis auðveld. Úrtakið sem ég hafði var því víst öllu minna en Gallup tæki mark á. Nú sé ég hins vegar að blaðamaður frá Economist, sem væntanlega talaði við fleira fólk en ég, komst að þessari sömu niðurstöðu. Sem segir ekki litla sögu í ljósi þess að stoltara fólk finnur maður óvíða á jörðinni.

Nóg er auðvitað til af dæmum úr samtímanum um hvernig vond pólitík stórlega skaðar líf heilla þjóða. Það er hins vegar óvíða eins erfitt að finna skiljanlegar ástæður fyrir jafn stórkostlega vondum stjórnarháttum og þeim sem tíðkaðir eru í Burma. Ástæðurnar fyrir pólitískum skelfingum í Mið-Austurlöndum eru til dæmis yfirleitt sæmilega skiljanlegar og það sama má segja með almennum hætti um ríki Afríku. Svo dæmi sé tekið þá eru ræturnar að óöldinni í Írak svo augljósar að flest sem hefur gerst í landinu síðustu misseri hefur verið í fullu samræmi við spár manna um hvað innrás í landið myndi hafa för með sér. Ég sat einmitt við símann í Yangoon í Burma viku fyrir innrásina í Írak og ræddi um klofningslínur á milli ólíkra samfélaga í Írak og þá hættu sem væri á óöld og upplausn í landinu í kjölfar innrásar Bandaríkjamanna. Ég fékk hins vegar ekki botn í það hvers vegna þetta góða fólk í Yangoon lenti undir svo vondri stjórn.

Hagkerfinu er handstýrt af illa menntuðum herforingjum sem hagnast sjálfir á alls kyns einokunarkerfum og leyfisveitingum. Kerfin eru auðvitað sniðin að pólitískum og prívat hagsmunum ráðamanna en sjálfir segjast þeir vera að verja sjálfstæði landsins og menningu.

Það er svo sem auðvelt að sjá af hverju Burma hefur orðið fátækara með hverju árinu. Efnahagsstefna landsins er ein sú vitlausasta í heimi. Hagkerfinu er handstýrt af illa menntuðum herforingjum sem hagnast sjálfir á alls kyns einokunarkerfum og leyfisveitingum. Kerfin eru auðvitað sniðin að pólitískum og prívat hagsmunum ráðamanna en sjálfir segjast þeir vera að verja sjálfstæði landins og menningu. Embættismaður stjórnarinnar útskýrði til að mynda fyrir mér að internetið hentaði ekki menningu heimamanna og því væri það lokað almenningi. Hann bauðst til þess að útvega mér heimild til að senda tölvupóst í gegnum tölvu hjá ríkinu en það tæki þrjá daga. Annað var með sama hætti í borginni. Sumt virtist undarleg sérviska, annað hrein grimmd og alls staðar var spilling. Fólk er farið að svelta þarna í einu frjósamasta landi veraldar. Andstæðingar stjórnarinnar eru hnepptir í þrælahald. Herinn hefur drepið þúsundir manna með þrældómi, morðum og aftökum. Sagt er að hann byggi hótel fyrir ferðamenn og vegi að þeim með skipulagðri nauðungarvinnu. Stjórnarandstaðan hvetur líka ferðamenn til þess að sniðganga landið.

Til lengri tíma er ástæða til bjartsýni. Fólkið heldur blíðlegri virðingu sinni og reisn hvað sem á dynur. Þótt menntakerfið hafi verið skemmt og landið einangrað leitar fólk enn leiða til þess að læra tungumál og aðra þarfa hluti. Burma er klassískt dæmi um hvernig lokun frá umheiminum skekkir og afskræmir efnahagslíf, pólitík, þjóðlíf og menningu. Sagt er að maðurinn geti lagað sig að öllu nema því einu að vera einn. Það sama má segja um þjóðir. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 4.651,81 **+1,29%** **Fjöldi viðskipta:** 458 **Velta:** 6.231 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Sláturf. Suðurl.	+50,0%	Flaga	-1,73%
Atlantic Petrol.	+8,14%	Og Vodafone	-0,63%
Hampiðjan	+7,46%	Mosaic Fashions	-0,38%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,50 +0,00% ... Bakkavör 42,70 +0,95%... Burðarás 17,90 +1,70% ... FL Group 15,40 +0,00% ... Flaga 3,98 -1,73% ...HB Grandi 8,90 +4,09% ... Íslandsbanki 15,40 +1,32% ... Jarðboranir 20,70 +0,49% ... KB banki 599,00 +1,35% ... Kögun 57,30 -0,35% ... Landsbankinn 22,40 +2,75% ... Marel 62,80 +0,00% ... SÍF 4,80 +1,91% ...Straumur 13,30 +0,00% ... Össur 88,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Pósturinn hagnast um 134 milljónir

Tekjur fyrirtækisins námu 2,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum árs.

Hagnaður Íslandspósts nam 134 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum árs. Velta fyrirtækisins nam á sama tímabili rúmum 2,3 milljörðum króna sem er sex prósenta aukning frá fyrra ári.

Rekstrargjöld og afskriftir námu tæpum 2,2 milljörðum króna á fyrri helmingi árs, ellefu prósent aukning frá því á sama tímabili í fyrra.

Segir í tilkynningu frá Íslandspósti að hækkunina megi einkum rekja til aukins launakostnaðar vegna kjarasamninga sem undirritaðir voru fyrr á árinu auk þess sem hækkanir á flutningskostnaði hafi haft sitt að segja.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að sú veltuaukning sem varð milli ára sé mjög ásættanleg þar sem bréfamagn í umferð hafi dregist saman og að áætlanir félagsins geri ráð fyrir enn meiri samdrætti árið 2005. Því verði mætt með aukningu í tekjum af annarri starfsemi. **- jsk**

ÍSLANDSPÓSTUR Pósturinn hefur hagnast um 134 milljónir króna það sem af er ári.

200 MILLJARÐA VIRÐI Stjórnendur Íslandsbanka geta vel við unað, enda er bankinn orðinn 200 milljarða króna virði.

Íslandsbanki í 200 milljarða

Íslandsbanki er annað fyrirtækið í Kauphöll Íslands sem nær þeim áfanga að verða 200 milljarða króna virði. Bankinn hækkaði um 1,3 prósent í gær og endaði í hæstu stöðu frá upphafi – 15,4 krónum á hlut.

Frá áramótum hefur bankinn hækkað um rösk 37 prósent.

Aðeins KB banki er verðmætari en Íslandsbanki en markaðsvirði hans er um 396 milljarða virði. Landsbankinn er svo metinn á 199 milljarða króna. **- eþa**

Eðlileg viðskipti með FL Group

Ekki er ástæða til þess að hafast að frekar vegna viðskipta með bréf FL Group í kjölfar kaupanna á Bláfugli. Kauphöllin tók viðskiptin til skoðunar eins og ávallt þegar snöggar hækkanir verða á gengi félaga. Niðurstaða Kauphallarinnar er sú að ekki sé ástæða til að hafast að frekar og að ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós. Ekki lék sérstakur grunur á því að óeðlileg viðskipti hefðu átt sér stað, en viðskiptin voru skoðuð í ljósi snöggra gengisbreytingar á félaginu. **- hh**

Eignasala bætir afkomuna

Sæplast hagnaðist um 490 milljónir króna á fyrri árshelmingi samanborið við 46 milljóna króna tap á sama tíma í fyrra. Stór hluti þessa viðsnúnings er miklum söluhagnaði að þakka en í vor seldi félagið verulegan hluta starfseminnar til Promens. Söluhagnaður var um 650 milljónir króna.

Tekjur drógust saman um 35 prósent og námu 800 milljónum króna. Rekstrargjöld lækkuðu einnig um sama hlutfall og voru 729 milljónir króna.

Sæplasts-samstæðan samanstendur af þremur félögum sem öll eru í umbreytingarferli. **- eþa**

HYUNDAI
hefur gæðin

Prófaðu Trajet í dag!

Allir sem reynsluaka Trajet fá tvo miða á Kalla á þakinu

Á meðan verið var að setja upp fjölskylduleikritið Kalli á þakinu, voru aðstandendur þess á Trajet, stóra fjölnotabílnum frá Hyundai. Trajet er það sem kalla má "teygjanleg stærð" og hentar því afar vel þeim sem vilja bíl með mikið notagildi. Hvort sem verið er að setja upp leikrit, fara í langt ferðalag eða púsla saman virkum degi hjá fjölskyldunni, þá er Trajet rétti bíllinn.

Í tilefni af því, að sýningar á Kalla á þakinu eru hafnar á ný í Borgarleikhúsinu, fá allar fjölskyldur sem reynsluaka nýjum Hyundai Trajet tvo miða á þetta skemmtilega fjölskylduleikrit.

HYUNDAI TRAJET
Hyundai Trajet
7 manna fjölnota bíll
Verð frá kr. 2.290.000
Bílasamningur kr. 23.824 á mánuði*

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Með bílinn handa þér
B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

DÍANA PRINSESSA (1961-1997)
lést á þessum degi.

„Sá sem er hamingjusamur getur fyrirgefið margt.“

Díana prinsessa af Wales lést í umferðarslysi langt fyrir aldur fram.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 31. ÁGÚST 1888

Kobbi kviðrista lætur til skarar skríða

Á þessum degi árið 1888 fannst lík vændiskonunnar Mary Ann Nichols í London. Hún var fyrsta fórnarlamb raðmorðingjans Jack the Ripper, eða Kobba kviðristu eins og hann var kallaður.

Lík Nichols fannst limlest í Whitechapel-hverfinu í austurhluta London. Fjórar konur til viðbótar voru myrtar á næstu vikum en sökudólgurinn fannst aldrei.

Fátækustu íbúar London bjuggu í austurhluta borgarinnar og margar konur neyddust til þess að framfleyta sér með vændi. Sumarið 1888 beindi raðmorðingi sjónum sínum að þessum ógæfusömu konum. Hinn 8. september drap hann aðra konu og í lok sama mánaðar tvær konur í viðbót. Allar konurnar voru limlestar og illa skornar.

JACK THE RIPPER

Lögreglan í London áttaði sig á mynstri morðingjans; hann bauð þeim greiðslu fyrir kynlíf og lokkaði þær inn í afvikin sund þar sem hann skar þær á háls og risti þær upp á meðan þeim blæddi til ólífis. Lögreglunni bárust fjöldi bréfa frá mönnum sem kváðust vera morðinginn. Flest voru afskrifuð sem falsanir en tvö bréf innihéldu lýsingar sem gátu aðeins verið morðingjanum og lögreglunni kunnar. Bréfritarinn undirritaði bréfin sem Jack the Ripper.

Hinn 7. nóvember drap hann síðasta fórnarlamb sitt, vændiskonu að nafni Mary Kelly. Lík hennar var verst útileikið eftir ódæðismanninn. Árið 1892 höfðu engar vísbendingar bæst við og var rannsókn málsins hætt.

MERKISATBURÐIR

1535 Páll II páfi bannfærir Hinrik VIII Englandskonung.

1897 Thomas Edison fær einkaleyfi á kvikmyndatökuvélinni.

1919 Jóhann Sigurjónsson skáld deyr.

1955 Borgarísjakar sjást á óvenjulegum slóðum, um 100 sjómílur suðvestur af Reykjanesi.

1962 Trínidad og Tóbagó hljóta sjálfstæði frá Bretlandi.

1976 George Harrison er fundinn sekur um að hafa stolið laginu My Sweet Lord.

1980 Silfursjóður fannst við Miðhús í Fljótsdalshéraði.

1994 Síðustu rússnesku hermennirnir yfirgefa Eistland og Lettland.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

Sesselja Margrét Magnúsdóttir
Faxaskjóli 18, 107 Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 2. september kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Ólafur Jón Briem
Eiríkur Atli Briem
Anna Margrét Briem
Benta Magnea Briem
Þóra Kristín Briem
Kristín Þórðardóttir
Þórður Magnússon
Auður Magnúsdóttir
og barnabörn.

Ásdís Halla Arnardóttir
Gunnar Páll Pálsson
Tryggvi Níelsson
Rósa Sigurðardóttir

†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sæmundar Árna Hermannssonar
Jöklatúni 3, Sauðárkróki.

Ása Sigríður Helgadóttir

Elín Helga Sæmundsdóttir
Herdís Á. Sæmundardóttir
Hafsteinn Sæmundsson
Gunnhildur María Sæmundsdóttir
Margrét Sæmundsdóttir
Hermann Sæmundsson
Anna Elísabet Sæmundsdóttir

Jón Örn Berndsen
Guðmundur Ragnarsson
Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
Ragnar Sveinsson
Árni Kristinsson
Guðrún Sesselja Grímsdóttir
Friðrik Arnar Sigurðsson

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Steinunn Þórðardóttir
frá Grund á Akranesi,

sem lést á Dvalarheimilinu Höfða, mánudaginn 29. ágúst, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 2. september kl. 10.30.

Bjarni Ó. Árnason
Sigríður Árnadóttir
Þórður Árnason
Emilía Petrea Árnadóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Sigrún Árnadóttir
Elín Árnadóttir
Steinunn Árnadóttir
Guðmundur Árnason
Hrafnhildur Jónsdóttir
og fjölskyldur.

Áslaug Hjartardóttir
Kristján Kristjánsson
Sesselja Engilbertsdóttir
Guttormur Jónsson
Sigurður Ingimarsson
Þorkell Einarsson
Sigrún Traustadóttir

GÍDEONFÉLAGIÐ Á ÍSLANDI HELDUR UPP Á 60 ÁRA AFMÆLI:

Dreifðu fyrstu Biblíunum á herbergi Hótel Borgar

Geta má nærri að stór hluti Íslendinga eigi í fórum sínum Nýja testamentið sem þeir fengu að gjöf frá Gídeonfélaginu á unga aldri.

Sextíu ár eru frá stofnun Gídeonfélagsins á Íslandi en það hefur frá árinu 1954 fært einum eða fleiri árgöngum í grunnskólum landsins Nýja testamentið að gjöf.

„Gídeonfélagið á Ísland var stofnað af sautján verslunarmönnum fyrir tilstilli Kristins Guðnasonar sem fluttist ungur að árum til Bandaríkjanna. Honum fannst hann geta skilað einhverju til þjóðarinnar með því að stofna Gídeonfélag hér sem hefði það að markmiði að dreifa guðsorði,“ segir Sigurður Þ. Gústafsson framkvæmdastjóri félagsins og félagi í hreyfingunni í 46 ár.

Hreyfingin var stofnuð í Bandaríkjunum árið 1899, barst til Kanada árið 1911 og síðan til Íslands árið 1945. Ísland var því þriðja aðildarlandið en í dag eru Gídeonfélög starfandi í 180 löndum.

Starfsemin á Íslandi fór hægt af stað að sögn Sigurðar en meginmarkmið félagsins var að vinna fólk til trúar á Jesú Krist.

Fyrstu Biblíurnar sem félagið dreifði voru á Hótel Borg árið 1949. Fyrir utan það að gefa öllum skólabörnum Nýja testamentið er ritið afhent öllum hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum við útskrift. Þá hefur því verið dreift á dvalarheimili aldraðra í stærra broti, í fangelsi, á hótel og víðar.

Fyrstu árin naut félagið fjárstuðnings erlendis frá en síðustu þrjá áratugi hefur það verið sjálfu sér nægt og að auki veitt styrki í Alþjóða Biblíusjóðinn en 160 af þeim 180 löndum sem eru aðilar að félaginu þurfa á fjárstuðningi að halda. Fjáröflun fer fram bæði innan félagsins auk þess sem leitað er til velunnara.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SIGURÐUR Þ. GÚSTAFSSON Ísland var þriðja landið sem stofnaði Gídeonfélag. Í dag starfa félögin í 180 löndum.

Sigurður telur að áhugi á félaginu í dag sé ekki síðri en í upphafi. „Þetta félag er að því leyti sérstakt innan kristninnar að það er ekki bundið við neina kirkjudeild heldur eru þar einstaklingar frá hinum ýmsu söfnuðum,“ segir Sigurður en tæplega 250 manns starfa í Gídeonfélaginu víða um land. Síðar í september munu allir félagsmenn koma saman og fagna afmæli félagsins.■

LEIÐRÉTTING

Afsteypa af verkinu Vetur eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara er til sölu í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur en ekki í Listasafni Íslands eins og misritaðist í blaðinu í gær.

ANDLÁT

Birna Eyjólfsdóttir, Áshamri 28, Vestmannaeyjum, lést mánudaginn 22. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Kristín Guðlaugsdóttir, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, andaðist fimmtudaginn 25. ágúst.
Sigurður Guðmundsson, Hamraborg 30, Kópavogi, lést á Landspítalanum, Fossvogi, fimmtudaginn 25. ágúst.
Stefán G. Guðmundsson, frá Vopnafirði, lést á heimili sínu í Reykjavík föstudaginn 26. ágúst.
Sævar Tryggvason, Ásgarði 24a, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 26. ágúst.
Sesselja Margrét Magnúsdóttir, Faxaskjóli 18, Reykjavík, andaðist á heimili sínu sunnudaginn 28. ágúst.
Sigurður Jónsson, forstjóri, Jófríðarstaðavegi 13, Hafnarfirði, andaðist á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 29. ágúst.

JARÐARFARIR

15.00 **Lára Káradóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

AFMÆLI

Vernharður Linnet djassgeggjari er 61 árs.

Olga Guðrún Árnadóttir rithöfundur er 52 ára.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, er 39 ára.

Sigrún Sól Ólafsdóttir leikkona er 37 ára.

Ingibjörg Stefánsdóttir leikkona er 33 ára.

Örn Arnarson sundkappi er 24 ára.

PEUGEOT *407*

TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans

HER & NÚ / SÍA

Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**
kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**
kr. 24.618 á mánuði *

www.peugeot.is

9 airbags · AC² · M.I.I. · JBL · F.A.P. · ESP · Tiptronic · T.D.T · EURO NCAP

Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407

PEUGEOT

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

BERNHARD

BERNHARD ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Grétar Rafn til AZ

Grétar Rafn Steinsson er kominn í hollensku úrvalsdeildina eftir að hann yfirgaf svissneska liðið Young Boys í gær og samdi við AZ Alkmaar sem er sem stendur á toppi deildarinnar og komið í 1. umferð í Evrópukeppni félagsliða. Grétar Rafn hefur vakið mikla athygli að undanförnu og er líklegur til að gera góða hluti í hollenska boltanum.

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í KÖRFUBOLTA: TAPAÐI FYRIR KÍNA, 96-80, Í SÍÐARI LEIK LIÐANNA Í GÆR:

Eins og að ferðast með Elvis Presley

„Það hefði auðvitað verið betra að ná að vinna þennan leik, en ég er samt mjög ánægður með leik liðsins í dag," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari íslenska liðsins, eftir leikinn í gær. Magnús Þór Gunnarsson var stigahæstur íslenska liðsins með 21 stig, en Hlynur Bæringsson kom næstur með 18 stig og hirti 11 fráköst.

Eftir að liðið tapaði illa fyrir Kínverjum í fyrri leik liðanna á dögunum, sagði Sigurður að allt annað hefði verið að sjá til strákanna í gær. „Vörnin gekk miklu betur hjá okkur í gær og baráttan meiri, auk þess sem langskotin voru að detta hjá okkur," sagði Sigurður og bætti við að liðið væri komið á gott skrið fyrir leikinn mikilvæga gegn Dönum í Keflavík á laugardaginn.

„Ég hef engar áhyggjur af leiknum við Dani ef við spilum í líkingu við það sem við vorum að gera hérna í dag, því þetta kínverska lið er auðvitað gríðarlega sterkt. Við misstum Hlyn og Friðrik báða út af með fimm villur í leiknum og máttum ekki eiga neina slæma kafla, því þá var okkur refsað strax," sagði Sigurður, en íslenska liðið var með forystu 24-22 eftir fyrsta leikhlutann, en eftir það tóku Kínverjar leikinn í sínar hendur og unnu eins og áður sagði með 16 stiga mun.

„Ég get ekki annað en hrósað öllum strákunum fyrir frammistöðuna í dag og þetta er búið að vera frábært ferðalag hérna út. Fólkið hérna er mjög hrifið af körfubolta og hrósaði þeim Hlyni og Magga fyrir leik sinn í dag. Stemningin er ólýsanleg og það er bara eins og við séum að túra með sjálfum Elvis hérna, þvílík eru lætin í kringum Yao Ming," sagði Sigurður, sem ásamt strákunum í landsliðinu fékk lögreglu- og herfylgd í burtu frá höllinni þar sem leikurinn var spilaður.

> Við búumst við ...

... gríðarsterku liði Keflavíkur í kvennakörfunni eftir að ljóst var að Reshea Bristol og Anna María Sveinsdóttir munu báðar spila með liðinu næsta vetur. Keflavík hefur orðið Íslandsmeistari þrjú síðustu árin og gæti náð sögulegum árangri í vetur með því að vinna titilinn fjórða árið í röð.

> Við skiljum ekki ...

.... slæmt gengi Fylkismanna á heimavelli sínum í Árbæ. Fylkisliðið hefur nú tapað fjórum heimaleikjum í röð og alls 6 af 8 deildarleikjum sínum í Árbænum í sumar. Fylkisliðið hefur því náð í 80% stiga sinna í deildinni á útivelli.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

28 29 30 31 1 2 3

Miðvikudagur

LEIKIR

- 18.30 **ÍA** og **Breiðablik** mætast á Akranesi í Landsbankadeild kvenna.
- 18.30 **Stjarnan** tekur á móti **Keflavík** á Störnuvelli.
- 18.30 **KR** og **ÍBV** mætast á KR-velli í Landsbankadeild kvenna.
- 18.30 **FH** og **Valur** mætast í Kaplakrika í Landsbankadeild kvenna.

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 09.00 og svo aftur klukkan 18.00.
- 18.30 **Enski boltinn** á Sýn. Leikur Leeds og Crystal Palace úr 1. deildinni.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.25 **Formúlukvöld** á RÚV.

Þorlákur mun hætta eftir tímabilið

Þorlákur Árnason, þjálfari Fylkis, hefur gefið það út að hann muni ekki halda áfram með Fylkisliðið eftir að leiktíðinni lýkur í haust.

FÓTBOLTI „Þetta er búið að liggja ljóst fyrir í langan tíma," segir Þorlákur Árnason, þjálfari Fylkis í Landsbankadeild karla, en hann hefur ákveðið að hætta með liðið eftir þetta tímabil. „Það eru búnar að vera þannig innanhúsdeilur í félaginu að það eru miklar breytingar í vændum hvað varðar þjálfaramál og einnig í meistaraflokksráði. Ég mun því klára þessa tvo leiki sem eftir eru. Þetta hefur verið lærdómsríkur tími en ég hef aldrei á ævinni lent í jafn miklu mótlæti hvað varðar meiðsli og mun aldrei lenda í öðru eins aftur. Og ef þú brotnar ekki við það styrkist þú bara."

Þorlákur hefur legið undir nokkurri gagnrýni á þessu tímabili vegna slaks árangurs og á mánudag ákvað stjórn félagsins að Guðni Rúnar Helgason, leikmaður liðsins síðustu tvö sumur, myndi hætta með liðinu til áramóta vegna trúnaðarbrests milli hans og Þorláks. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Guðni Rúnar hafa verið óhress með að hafa ekki verið gerður að fyrirliða liðsins í leik gegn Grindavík fyrr í mánuðinum, en fyrir tímabilið mun hafa verið ákveðið að Guðni Rúnar yrði fyrirliði í fjarveru Vals Fannars Gíslasonar og Finns Kolbeinssonar, eins og raunin var gegn Grindavík, en þess í stað ákvað Þorlákur að láta Helga Val Daníelsson bera fyrirliðabandið. Þá ákvörðun mun Guðni Rúnar hafa verið mjög ósáttur með.

ÞORLÁKUR ÁRNASON Verður ekki á hliðarlínunni hjá Fylki næsta sumar.

Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, er sterklega orðaður við stjórastöðuna við Fylki en hann vildi lítið um málið segja við Fréttablaðið í gær. „En það er aldrei að vita hvað gerist eftir tímabilið," sagði Ólafur.

- esá, - vig

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:

FYLKIR–KEFLAVÍK	0–1

STAÐAN:

FH	16	15	0	1	47–8	45
VALUR	**16**	**10**	**2**	**4**	**28–12**	**32**
ÍA	16	8	2	6	20–19	26
KEFLAVÍK	**16**	**6**	**6**	**4**	**25–28**	**24**
KR	16	7	1	8	19–22	22
FYLKIR	**16**	**6**	**2**	**8**	**25–27**	**20**
FRAM	16	5	2	9	17–25	17
ÍBV	**16**	**5**	**2**	**9**	**18–27**	**17**
GRINDAVÍK	16	4	3	9	19–37	15
ÞRÓTTUR	**16**	**2**	**4**	**10**	**16–29**	**10**

MARKAHÆSTIR:

Tryggvi Guðmundsson, FH	13
Allan Borgvardt, FH	**13**
Garðar Gunnlaugsson, Val	8
Hörður Sveinsson, Keflavík	**8**

3. deild karla úrslitakeppni:

ÍH–LEIKNIR F.	2–3
Leiknir F. komst áfram 4–3 samanlagt og mætir Sindra í undanúrslitunum.	
HÖTTUR–GRÓTTA	0–4
Grótta komst áfram 7–0 samanlagt og mætir Reynir S. í undanúrslitunum.	
REYNIR S.–HVÖT	3–2
Reynir S. komst áfram 5–3 samanlagt.	
VÍÐIR–SINDRI	0–1
Sindri komst áfram 2–1 samanlagt.	

Enska 1. deildin

WOLVES–QPR	3–1

FYLKIR 4–4–2		KEFLAVÍK 4–3–1–2	
Bjarni Þórður	6	Ómar	7
Ragnar	6	Jónas Guðni	6
Hrafnkell	6	Gustafsson	6
Valur Fannar	7	***Guðmundur Mete**	**7**
Gunnar Þór	5	Milisevic	6
Viktor Bjarki	6	(46. Guðjón Árni	7)
Helgi Valur	5	Hólmar Örn	7
Jón Björgvin	5	Baldur	6
(79. Christiansen	–)	Gestur	5
Eyjólfur	6	Guðmundur	6
(49. Ólafur Ingi	5)	(84. Stefán Örn	–)
Björgólfur	6	Hörður	6
Haukur Ingi	6	Samuelsen	5
(49. Kjartan Ágúst	6)	(68. Kadir	6)

*MAÐUR LEIKSINS

SIGURMARKIÐ Hólmar Örn Rúnarsson skorar eina mark leiksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Keflavík vann 1–0 sigur á Fylki í Árbænum í gær:

Fjögur heimatöp í röð

Fylkir **0–1** Keflavík

Fylkisv., áhorf: 955 — Eyjólfur M. Kristinsson (4)

0–1 Hólmar Örn Rúnarsson (77.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16–9 (4–5)
Varin skot	Bjarni 4 – Ómar 2
Horn	4–5
Aukaspyrnur fengnar	15–10
Rangstöður	1–6

FÓTBOLTI Fylkismenn töpuðu sínum fjórða heimaleik í röð þegar Keflavík vann sigur í Árbænum með marki Hólmars Arnar Rúnarssonar á 77. mínútu. Þorlákur Árnason, fráfarandi þjálfari Fylkis, sagði að úrslitin væru mjög svekkjandi.

„Við vorum sérstaklega góðir í fyrri hálfleik og í heildina var þetta einn af okkar bestu leikjum í sumar. Maður er því nánast orðlaus. Við vorum sjálfum okkur verstir," sagði Þorlákur.

Það vakti athygli að Haukur Ingi Guðnason var í byrjunarliði Fylkis í fyrsta sinn eftir að hann jafnaði sig af þeim meiðslum sem hafa hrjáð hann undanfarin tvö ár. Hann hleypti miklu lífi í sóknarleik Fylkis og voru heimamenn klaufar að skora ekki í fyrri hálfleik því þeir léku varnarmenn Keflavíkur oft grátt. Haukur Ingi fór haltrandi út af snemma í síðari hálfleik. Þá kom Ólafur Stígsson inn á sem varamaður í fyrsta sinn síðan hann meiddist á síðasta tímabili með Fylki.

„Þeir negldu Hauk úr þessum leik en dómarinn leyfði mjög grófa spilamennsku og högnuðust þeir á því," sagði Þorlákur.

Síðari hálfleikur fór rólega af stað en eftir því sem á leið komust Keflvíkingar sífellt meira inn í leikinn og var það því sanngjarnt að þeir næðu að skora mark. Þeir héldu áfram að sækja á lokamínútum leiksins og hefðu vel getað bætt fleiri mörkum við.

Þorlákur mun nú kappkosta við að forða liðinu frá falli en Fylkismenn þurfa helst eitt stig til viðbótar til að teljast öruggir. Keflvíkingar eru hins vegar komnir aftur í fjórða sætið og eiga enn möguleika á Evrópusæti.

eirikurst@frettabladid.is

Skóútsala
ÁRSINS
Allir skór á
Kr. 500.-
Barnaskór • Kvenskór
Herraskór 28 - 46
Lokadagar útsölunnar
Síðustu dagar
31/8 - 4/9
Virka daga
Kl. 12-18
Laugardag
Kl. 11-16
Sunnudag
Kl. 13-16
UN - SKÓR
Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Saman skipum
við gott lið
Áreiðanleiki, nákvæmni, þjónustulund, fullkominn tækjakostur og nákvæmar upplýsingar eru nokkur þeirra atriða sem við hefjum til skýjanna í starfi okkar.
Samskip - Yfir lönd yfir höf.
SAMSKIP
Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

DV

Dæmdi andlega vanheilan í 45 daga fangelsi fyrir smáhnupl

FÉKK EKKI EINU SINNI VERJANDA

Þorir þegar aðrir þegja!

STUÐ MILLI STRÍÐA : HÁVAÐASKÓR

BORGHILDI GUNNARSDÓTTUR ÞYKIR ÓÞÆGILEGT AÐ GANGA Í SKÓM SEM FRAMKALLA HÁVAÐA.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég á í ástar-/haturssambandi við háhælaða skó. Finnst þeir óskaplega fallegir margir hverjir og finnst voða gaman að klæðast þeim þegar ég punta mig aðeins og fer eitthvað fínt. En frá degi til dags þá finnst mér ekki þægilegt að vera í þeim. Hvorki stígvélum með háum hæl né skóm. Háir hælar eru reyndar að ég tel ein ópraktískasta og furðulegasta uppfinning sem hefur verið fundin upp. Af hverju ættum við að vilja hafa einhvern pinna undir skónum okkar? Þegar ég hugsa út í það þá er það ekkert endilega hái hællinn sem pirrar mig heldur þessi harði sóli. Harður sóli sem skellur á gólfinu og myndar þvílíkan hávaða.

Reyndi einu sinni að fara í flottu stígvélunum mínum í vinnuna. Þegar ég labbaði inn á skrifstofuna þá heyrði ég hins vegar ekkert annað en hljóðið í skónum mínum. „Bamm bamm bamm bamm bamm bamm!“ Sá það strax að fólkið sem sat við borðin sín leit forviða upp til þess að athuga hver í ósköpunum væri að koma. Velti því fyrir mér hvort þeir sem voru að tala í símann myndu þurfa að biðja viðmælandann um að endurtaka það sem hann var að segja bara af því að ég var að labba fram hjá. Fannst þetta óþolandi óþægilegt, leið eins og algjörri truntu og hugsaði til þess að ég gæti alveg eins mætt með þokulúður til þess að vekja svona mikla athygli á því að ég væri mætt til vinnu.

Einnig hefði ég getað stormað inn á skrifstofuna öskrandi og berjandi pottlokum saman. „Halló ég er mætt, halló halló!! Komin að vinnaaa!!!“ Ég hugsa að háhælaðir skór með mjúkum botni sem heyrist ekki í bætist í hóp þeirra uppfinninga sem ég ætla að finna upp þegar ég verð stór. Í hópnum voru fyrir ryksuga án snúru (ok ég veit að það er komið en ég á ekki svoleiðis), myndbandsleiga með heimsendingarþjónustu því það eiga ekki allir bíla né hafa videoleigur nálægt heimilinu þeirra...ooog... hreingerningargaldur.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

© KFS/Distr. BULLS

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	1	2	8	9	7	5	3	4
5	8	9	1	3	4	2	7	6
3	7	4	6	5	2	1	9	8
7	6	1	2	4	5	9	8	3
4	2	8	9	1	3	6	5	7
9	5	3	7	6	8	4	2	1
8	3	6	5	2	1	7	4	9
1	4	5	3	7	9	8	6	2
2	9	7	4	8	6	3	1	5

5		6	4					2
	3			6	2			
	4		7	3			9	8
6	7					5		
8		9	5		1	4		3
		4					2	7
9	8			5	3		1	
			1	2			3	
3					9	7		6

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Ferdinand á leiðinni

Nú styttist í tónleika skosku sveitarinnar Franz Ferdinand í Kaplakrika næstkomandi föstudag. Ferdinand hefur aðeins leikið á sex tónleikum síðan upptökum á nýrri plötu sveitarinnar lauk í sumar, meðal annars á tónlistarhátíðunum By:Larm í Noregi, V Festival í Englandi og T on the Fringe í Skotlandi í ágúst. Þeir hafa fengið einróma lof gagnrýnenda fyrir frammistöðu sína þar. Í framhaldi af tónleikum sínum á Íslandi heldur sveitin síðan í stærstu tónleikaferð sína til þessa um Bretlandseyjar, Evrópu og Bandaríkin. Nýja platan er væntanleg 3. október og nefnist hún You Could Have It So Much Better.

FRANZ FERDINAND Hljómsveitin Franz Ferdinand heldur tónleika í Kaplakrika á föstudagskvöld.

Hljómsveitin Jeff Who? hitar upp fyrir Franz Ferdinand í Kaplakrika. Enn eru til örfáir miðar á tónleikana og fer miðasala fram í verslunum Skífunnar, 12 Tónum og á midi.is.

BALLETT

BALLETT
Kennsla hefst á ný 8. janúar
Innritun í síma 562-0091

BALLETTSKÓLI Guðbjargar Bjorgvins.
Íþróttahúsi Seltjarnarness.

SOVÍ

Nám í svæða- og Viðbragðsmeðferð hefst á Akureyri og í Reykjavík miðvikudaginn 14. september 2005.

Upplýsingar í síma 557-5000 // 696-0970 // 895-7333
Einnig á www.nudd.is

SVÆÐA OG VIÐBRAGÐSMEÐFERÐARSTOFNUN ÍSLANDS

Skóútsala ÁRSINS

Allir skór á Kr. 500.-

Barnaskór • Kvenskór
Herraskór 28 - 46

Síðustu dagar
31/8 - 4/9
Virka daga
Kl. 12-18
Laugardag
Kl. 11-16
Sunnudag
Kl. 13-16

UN - SKÓR
Fiskislóð 18 • Grandagarði • Sími 899 3725

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Ekki eru allir gæddir þeim hæfileika að kunna að klæða sig sómasamlega. Hér eru snjallar tískulöggur kallaðar til verka og árangurinn er ótrúlegur. Þeir sem áður voru til skammar fá nú ný föt til að klæðast og ef þurfa þykir er hárið og förðunin líka tekin í gegn.

WHAT NOT TO WEAR
Í kvöld kl. 20:30

SMÁRA BÍÓ
HUGSAÐU STÓRT
SÍMI 564 0000

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20



Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.20 B.i. 10 ára

Sýnd kl. 5,20, 8 og 10.30
Sýnd í Lúxus kl. 5,20, 8 og 10.30

Sýnd kl. 4 ÍSLENSKT TAL

Sýnd kl. 4 og 6 í þrívídd

Sýnd kl. 8

Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20 B.i. 10 ára



Sýnd kl. 6 ÍSLENSKT TAL

Sýnd kl. 6 í þrívídd

Sýnd kl. 8 og 10.30

Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára Síðustu sýningar



Sýnd kl. 8

- bara lúxus LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

Sýnd kl. 8 og 10:15. b.i. 16

Sýnd kl. 5:30 ísl. tal

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:15

Sýnd kl. 5:30 og 8
Sýnd kl. 10:15. b.i. 14

www.laugarasbio.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Lau 3/9 kl 14, Su 4/9 kl 14, Su 11/9 kl 14, Su 18/9 kl 14

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON
Stórtónleikar
Fö 2/9 kl 20 - UPPSELT
Fö 2/9 kl 22:30 - UPPSELT

KYNNING LEIKÁRSINS
Leikur, söngur, dans og léttar veigar
Su 11/9 kl 20
Opið hús og allir velkomnir

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
REYKJAVIK DANCE FESTIVAL
Nútímadanshátíð 1.-4. September
Fi 1/9 kl 20
Játningar minnisleysingjans, IM PANZER, Postcards from home
Fö 2/9 kl 20-Crystall, Wake up hate
Lau 3/9 kl 15 og 17-Videoverk í Regnboganum
Su 4/9 kl 14-Heima er best-barnasýning kr. 800
Kl 20-Who is the horse, Love story
Almennt miðaverð kr 2000
Passi á allar sýningarnar kr 4000

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 3/9 kl 20, Fi 8/9 kl. 20, Fö 9/9 kl 20, Lau 10/9 kl 20, Su 11/9 kl 20-uppselt, Fi 15/9 kl. 20

Endurnýjun áskriftarkorta er hafin!
Sala nýrra áskriftarkorta hefst laugardaginn 3. september - Það borgar sig að vera áskrifandi

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00 Klaufar og kóngsdætur mið. 31/8 kl. 20:00 uppselt, sun. 4/9 kl. 14:00, sun. 18/9 kl. 14:00, sun. 25/9 kl. 14:00. Edith Piaf fös. 2/9, lau.3/9, sun. 18/9, fim. 22/9, fös. 23/9, lau. 24/9. Kirsuberjagarðurinn – gestasýning fim. 8/9, fös. 9/9. Að eilífu – gestasýning lau. 10/9, sun. 11/9. SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00 Rambó 7 fös. 2/9, lau. 3/9, fös. 11/9, lau. 12/9. LITLA SVIÐIÐ KL. 20:00 Koddamaðurinn fim. 8/9, fös. 9/9, lau. 10/9, sun. 11/9.

Miðasalan er opin kl. 13:00-18:00 mánudaga og þriðjudaga. Aðra daga kl.13:00- 20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga. midasala@leikhusid.is. Sími 551-1200
www.leikhusid.is

Tónlistin er líf mitt og yndi

Breski söngvarinn **Joe Cocker** kom hingað til lands í fyrradag í tilefni af tónleikum sínum í Laugardalshöll annað kvöld. ***Freyr Bjarnason*** átti gott spjall við Cocker, sem er ekkert að fara að slaka á þrátt fyrir að vera kominn á sjötugsaldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JOE COCKER Söngvarinn Joe Cocker heldur tónleika í endurbættri Laugardalshöll annað kvöld.

Joe Cocker hefur heillað milljónir manna út um allan heim í gegnum árin með lögum á borð við You Are So Beautiful, Unchain My Heart og With a Little Help From My Friends. Koma hans hingað til lands er því mikill fengur fyrir tónlistaráhugamenn.

Enn að á sjötugsaldri

Þú ert búinn að vera á tónleikaferð síðan í fyrra, ekki satt?

„Ég byrjaði í september í fyrra með sýninguna Night of the Proms með stórri hljómsveit og síðan byrjaði ég á tónleikaferð með hljómsveitinni minni á þessu ári, þannig að við erum búnir að vera ansi duglegir," segir Cocker, sallarólegur með sinni rámu rödd.

Hefur ekki gengið vel?

„Jú, það er merkilegt að hafa náð sjötugsaldri og vera enn að, af því að í hvert skipti sem þú ferð í tónleikaferð veistu aldrei hvort fólk hefur enn áhuga á að sjá þig. Það er mjög gaman þegar það kemur á tónleikana mína."

Þú leggur þig líka fram í hvert skipti?

„Ég reyni það og þess vegna kemur fólk aftur. Ég reyni að halda ákveðnum gæðastimpli á tónleikunum og ég er til dæmis alltaf með góða tónlistarmenn með mér."

40 tónleikar í 18 löndum

„Ætlarðu í veiði á Íslandi?

Þegar ég frétti af því að það væri þriggja tíma keyrsla þangað sem við eigum að fara að veiða dró aðeins úr mér kjarkinn en við sjáum til. Er það satt að þið séuð með góðar bókabúðir hérna? Ég les mikið um heimskautaferðalög þannig að kannski finn ég eitthvað um þau í bókahillunum."

Reynirðu alltaf að skoða þig um á tónleikaferðum?

„Það er mjög erfitt. Fyrir fram lítur það kannski út fyrir að vera auðvelt að taka sér frí og skoða sig um. En við höfum þegar haldið fjörutíu tónleika og stundum langar mann bara að vera inni og hvíla sig. Það tekur mikla orku frá manni bara að ferðast og við höfum farið til átján landa nú þegar."

Hvar finnst þér best að spila?

„Þjóðverjar hafa alltaf tekið mér best. Ég fæ líka alltaf mjög góðar viðtökur í Frakklandi. Stundum langar mig samt að fara á nýja staði eins og Ísland bara til þess að sjá hvernig viðtökur ég fæ."

Spilar hvorki á gítar né píanó

Nú syngurðu mikið eftir aðra listamenn, til dæmis Bítlana. Ertu ekki mikill aðdáandi þeirra?

„Jú, ég er það. Ég reyndi að semja lög en ég spila hvorki á gítar né píanó, þannig að í hvert skipti sem ég samdi lög með einhverjum öðrum fannst mér þau aldrei hitta nógu vel í mark. Ég endaði alltaf með því að syngja lög eftir aðra."

Er það ekki mikið hrós fyrir þig þegar lag á borð við With a Little Help From My Friends verður svona þekkt í þínum flutningi?

„Jú, að sjálfsögðu og Paul McCartney hrósaði mér meira að segja fyrir það. Hann sagði að mín útgáfa væri örugglega orðin þekktari en þeirra."

Draumur að syngja með Ray Charles

Hvernig var tilfinningin að syngja á Woodstock fyrir framan hálfa milljón manna?

„Það var engu líkt. Á þessum tíma var eins og atburðarásin hefði verið sniðin fyrir okkur. Ég var í hljómsveit sem hét The Grease Band og við fórum í fyrsta skipti frá Sheffield árið 1967. Aðeins ári síðar vorum við komnir í þessar aðstæður sem var alveg ótrúlegt."

Var erfitt að meðhöndla frægðina eftir Woodstock?

„Já, en ekki bara út af Woodstock. Ég fór í tónleikaferð 1970 og var uppgefinn eftir hana og illa á mig kominn andlega. Ég fór út af sporinu í smá tíma en sem betur fer gat ég fundið leiðina aftur í tónlistina."

Hverjum hefur þér líkað best að vinna með á ferlinum?

„Þegar ég vann með Ray Charles var ég eins og skóladrengur í kringum hann. Það var algjör draumur. Ég söng með honum lagið You Are So Beautiful í sjónvarpsþætti og sú minning fylgir mér að eilífu."

Ætlaði að hætta fyrir fimm árum

Nú hefurðu verið lengi í bransanum. Stendur ekkert til að leggjast í helgan stein?

„Fyrir löngu síðan hugsaði ég með mér að árið 2000 myndi ég kannski hætta. En þegar ég kom að þeim tímapunkti hugsaði ég hvað ég ætti þá að gera. Tónlistin er líf mitt og yndi og maður er alltaf að hitta nýtt fólk úti um allan heim. Þannig að eins lengi og ég hef orkuna og er í formi ætla ég að halda áfram. Mér fannst til dæmis ótrúlegt þegar ég frétti af því að Chuck Berry hefði verið að spila í Þýskalandi 78 ára gamall og síðan er BB King líka enn þá að spila. Þeir hafa sett ákveðin viðmið og sé ekki hvers vegna ég get þetta ekki eins og þeir." ■

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HÁGÆÐIGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI

THE DUKES OF HAZZARD	KL. 6-8.15-10.30	
THE DUKES OF HAZZARD VIP	KL. 3.30-8.15-10.30	
RACING STRIPES enskt tal	KL. 3.50-6	
RACING STRIPES ísl. tal	KL. 1.40-3.50-6	
THE SKELETON KEY	KL. 6-8.15-10.30	B.I. 16
DECK DOGZ	KL. 8.15	
HERBIE FULLY LOADED	KL. 3.50-6	
THE ISLAND	KL. 8-10.30	B.I. 16
THE ISLAND VIP	KL. 5.45	
KICKING AND SCREAMING	KL. 4	
MADAGASCAR enskt tal	KL. 10.30	
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 4	

KEFLAVÍK

THE DUKES OF HAZZARD	KL. 8-10.10
RACING STRIPES	KL. 8
THE LONGEST YARD	KL. 10

AKUREYRI

THE DUKES OF HAZZARD	KL. 8-10
RACING STRIPES	KL. 6
HERBIE FULLY LOADED	KL. 6-8
THE SKELETON KEY	KL. 10

KRINGLAN

THE DUKES OF HAZZARD	KL. 6-8.40-10.50	
RACING STRIPES ísl. tal	KL. 14.20-6.30	
HERBIE FULLY LOADED	KL. 4.20-6.30	
DECK DOGZ	KL. 8.40-10.40	
THE PERFECT MAN	KL. 8.15	
MADAGASCAR ísl. tal	KL. 4	
BATMAN BEGINS	KL. 10.10	B.I. 12

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

RACING STRIPES	KL. 5.50-8-10	
HEAD IN THE CLOUDS	KL. 5.30-8-10.30	
THE SKELETON KEY	KL. 8-10.10	B.I. 16 ára
HERBIE FULLY LOADED	KL. 6	
THE ISLAND	KL. 5.30-8-10.30	B.I. 16 ára
MADAGASCAR enskt tal	KL. 6	
BATMAN BEGINS	KL. 8-10.30	B.I. 12 ára

Háskólabíó

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rappararnir 50 Cent og The Game eru langt frá því að vera bestu vinir. En þeir sjá um sín mál á mjög einfaldan hátt. 50 Cent lét búa til stuttermaboli sem á stendur skrifað GAME OVER. The Game svaraði í sömu mynt og lét skrifa á sína boli G-Unit.

Brúðartertan verður eftirlíking af barmi Jordans og því verður eflaust nóg af köku fyrir alla gestina enda barmurinn langt frá því að vera í xxs.

Hin fræga **Jordan** er búin að banna að fyrrverandi kærustur tilvonandi eiginmanns hennar **Peter Andre** láti sjá sig í brúðkaupi þeirra.

Coleen McLoughlin er ólétt. Coleen og unnusti hennar Wayne Rooney eru sögð yfir sig ánægð en þau hefðu viljað halda þessu leyndu örlítið lengur. Þetta var ekki planað en Coleen segir það alltaf hafa verið draumur þeirra að eignast fjölskyldu.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I was just going to have some iced tea and split the atom."

Svar:
Franseska í kvikmyndinni The Bridges of Madison County árið 1995.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ Frey Gígju Gunnarssyni finnst íslenskar sjónvarpsstöðvar leita langt yfir skammt

Alvöru íslenskt raunveruleikasjónvarp

Fyrir mörgum árum var þáttaröðin Tantra sýnd á Skjá einum. Hún hneykslaði margan góðborgarann. Þar talaði venjulegt fólk um kynlíf sitt á opinskáan hátt. Vildi jafnvel læra að bæta það fyrir augum allra með hjálp jógakennarans Guðjóns Bergmann. Þátttakendurnir fengu ferð til Karíbahafsins fyrir alla fyrirhöfnina.

Í dag væri ekki erfitt að manna slíka þáttaröð. Þyrfti varla að bjóða ferð til Karíbahafið. Íslenskt raunveruleikasjónvarp er nefnilega staðreynd og fjölmargir sækjast eftir að komast í slíka þætti. Nægir þar að nefna Idol-stjörnuleit sem slær aðsóknarmet á hverju ári. Þú færð varla bol fyrir að reyna. Getur hins vegar lent í skítkasti frá dómnefndinni ef frammistaðan er slæm. Ekki batnar það ef þú grenjar. Þá verður það pottþétt sýnt á besta tíma.

Í ár bætast tveir nýir íslenskir raunveruleikaþættir í hópinn. Á Sirkus er verið að undirbúa þátt sem heitir Ástarfleyið. Þar verður reynt að para saman unga einstaklinga í ástarleit. Á Skjá einum er verið að leita að Piparsveininum. Sá fær að velja sér heppilegt kvonfang en það verður ekki auðvelt. Hátt á þriðja tug stúlkna berjast um hjarta hans með öllum tiltækum ráðum.

Það er alltaf gott þegar sjónvarpsstöðvar leggja metnað sinn í íslenskt efni. Hins vegar hálf sorglegt að sjá þær hafa ekki meira hugmyndaflug en svo að þær hjakkast í sömu för og bandarískir starfsbræður þeirra. Hefði ekki verið sniðugra að gera raunveruleikaþátt um íslenska stráka sem fara á sjóinn? Eða íslenskar stelpur sem vinna í fjósi? Af hverju að vera að apa uppi einhverja ástarþvælu frá Ameríku? Búa í ástarfleyi undan ströndum Tyrklands eða glæsivillu í Keflavík? Það gerir enginn á Íslandi. Nýta sér frekar sveitarómantíkina eða síldarævintýrið á Siglufirði og gera alvöru íslenskt raunveruleikasjónvarp.

RAUNVERULEIKASJÓNVARP Á Skjá einum er verið að leita að Piparsveininum. Sá fær að velja sér heppilegt kvonfang en það verður ekki auðvelt.

▶ **21.30** *Matur*
SURFING THE MENU

▶ **20.30** *Lífsstíll*
WHAT NOT TO WEAR

▶ **22.00** *Spjall*
KVÖLDÞÁTTURINN

▶ **20.50** *Fasteignir*
ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

▶ **22.00** *Íþróttir*
OLÍSSPORT

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (8:11) **18.24** Sígildar teiknimyndir (7:38)

18.32 Líló og Stitch (7:19)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Ed (81:83)
20.55 Á toppi píramídans Norskur heimildarþáttur um starfsemi svokallaðra píramídafyrirtækja.
▶ **21.30 Kokkar á ferð og flugi (4:8)** (Surfing the Menu) Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti.
22.00 Tíufréttir
22.25 Formúlukvöld
22.50 Lífsháski - Fjórir þættir! (19:25) (Lost) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

1.35 Kastljósið **2.05** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Jamie Oliver (Oliver¥s Twist) (21:26) **13.55** Hver lífsins þraut (6:8) (e) **14.25** Extreme Makeover – Home Edition **15.45** Amazing Race 6 **16.35** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
19.35 The Simpsons (12:25) (e)
20.00 Strákarnir
▶ **20.30 What Not to Wear (2:6)** Raunveruleikaþáttur þar sem fatasmekkur fólks fær á baukinn. Hér eru snjallar tískulöggur kallaðar til verka og árangurinn er ótrúlegur.
21.00 Kevin Hill (22:22) Kevin Hill nýtur lífsins í botn. Hann er í skemmtilegri vinnu, býr í flottri íbúð og vefur kvenfólkinu um fingur sér.
21.45 Strong Medicine 3 (18:22) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
22.30 Oprah Winfrey (When You're The Fat One In The Family)

23.15 Kóngur um stund (14:16) **23.40** The Five Senses **1.20** Mile High (18:26) (B. börnum) **2.05** Medical Investigations **2.45** Blow Dry **4.10** Fréttir og Ísland í dag **5.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Seinfeld 3 (6:24)
19.30 Game TV Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki færð þú beint í æð hér í Game TV.
20.00 Seinfeld 3 (7:24)
20.30 Friends 2 (23:24) (Vinir) (The One With Barry And Mindy's Wedding)
21.00 Rescue Me (10:13) (Immortal) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York-borg.
21.45 Sjáðu Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
▶ **22.00 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.
22.40 David Letterman Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna.

23.30 Joan Of Arcadia (9:23) **0.20** Kvöldþátturinn

SKJÁREINN

17.45 Cheers **18.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

19.15 Þak yfir höfuðið (e)
19.30 Everybody loves Raymond - lokaþáttur (e)
▶ **20.00 Coupling - Tvöfaldur lokaþáttur** Ástir vinahópa geta verið óskiljanlegar þeim sem eru utan hópsins.
20.50 Þak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 Dr. Phil
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Tvær konur finnast myrtar í íbúð sinni, sökadólgurinn finnst en hann hefur tekið sér gísl og heimtar lögfræðiaðstoð.
22.50 Jay Leno Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal. Í lok hvers þáttar er boðið upp á heimsfrægt tónlistarfólk.

23.35 CSI: Miami (e) **0.30** Cheers (e) **0.55** NÁTTHRAFNAR **0.55** The O.C. - lokaþáttur **1.40** The L Word - lokaþáttur **2.25** Óstöðvandi tónlist

SÝN

7.00 Olíssport

20.15 UEFA Champions League (Meistaradeildin - Gullleikir)
▶ **22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
22.30 Bandaríska mótaröðin í golfi (Cialis Western Open)

23.25 Spænsku mörkin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Dead Men Don't Wear Plaid (Bönnuð börnum) **8.00** Overboard **10.00** Boycott **12.00** Head of State **14.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **16.00** Overboard **18.00** Boycott **20.00** Head of State **22.00** Stuck On You **0.00** Dead Men Don't Wear Plaid (Bönnuð börnum) **2.00** Born Romantic (Bönnuð börnum) **4.00** Stuck On You

OMEGA

7.00 Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Næturs jónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** The Soup **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Uncut **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** E! Hollywood Hold 'Em **18.00** E! News **18.30** Good Girls Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Fight For Fame **21.00** E! Hollywood Hold 'Em **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** My Crazy Life **0.00** Wild On **1.00** Fight For Fame

AKSJÓN

7.15 Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó - Murder on the Orient Express **23.15** Korter

ENSKI BOLTINN

14.00 Aston Villa Blackburn frá 27.08. **16.00** Wigan – Sunderland frá 27.08. **18.00** Newcastle - Man Utd frá 28.08. **20.00** Þrumuskot (e) **21.00** Að leikslokum (e) **22.00** Tottenham - Chelsea frá 27.08. **0.00** West Ham - Bolton frá 27.08. **2.00** Dagskrárlok

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 2.170.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 22.590 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Drömmen om rikdom

Sjónvarpið **kl. 20.55**

Margir hafa lent illa í pýramídafyrirtækjum.

Vandamálin leyst

Á toppi pýramídans er norskur heimildarþáttur um starfsemi svokallaðra pýramídafyrirtækja þar sem draumur manna um skjótfenginn gróða breytist oft í martröð. Norðmenn hafa tapað milljörðum á slíku gróðabralli og nokkur dæmi eru um það hér á landi að fólk hafi lagt umtalsverða fjármuni í slík fyrirtæki sem síðan hafa gufað upp.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson. **14.03** Er það svo. **15.03** Allt og sumt. **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. e. **22.00** Á kassanum e.

23.00 Úrval úr Allt & sumt e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaleikrit, Vægðarleysi **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Hús úr húsi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Dagamunur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.25 Spegillinn **19.00** Vítinn **19.30** Laufskálinn **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Frændur okkar í Persíu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Heimaeyjarfólkið

23.00 Söngkonan í svarta kjólnum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

18.25 Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

0.10 Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - með ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

2.00 Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan Gunnar Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
13.00 Cycling: Tour of Spain **15.15** Tennis: Grand Slam Tournament US Open **22.15** Tennis: Grand Slam Tournament US Open

BBC PRIME
12.00 Hetty Wainthropp Investigates **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Tikkabilla **14.25** Step Inside **14.35** The Stables **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** The Life Laundry **18.30** Home From Home **19.00** Escape to the Country **20.00** Get a New Life **21.00** Waking the Dead **21.50** Jonathan Creek

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 The Ultimate Crocodile **13.00** The Sea Hunters **14.00** Going to Extremes - The Silk Routes **15.00** Men Of Iron **16.00** Battlefront **17.00** Animal Nightmares **17.30** Monkey Business **18.00** The Ultimate Crocodile **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** Going to Extremes - The Silk Routes **21.00** The Mafia **22.00** The Sea Hunters **23.00** Going to Extremes - The Silk Routes **0.00** The Mafia

ANIMAL PLANET
12.00 Weird Nature **12.30** Nightmares of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** From Cradle to Grave **19.00** Tall Blondes **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Tall Blondes **1.00** From Cradle to Grave

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Hooked on Fishing **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** A Racing Car is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Collision Course **20.00** Assassinations **21.00** Hitler's Women **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Assassinations

VH1
15.00 So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Mtv Live Keane **19.30** Coldplay MTV LIVE **20.00** Storytellers **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** In French Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Dirty Sanchez **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

CLUB
12.10 Fashion House **12.35** Paradise Seekers **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Fashion House **18.05** Crimes of Fashion **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Ex-Rated **22.00** What Men Want **22.30** Men on Women **23.00** Weekend Warriors **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Fashion House **0.50** Ross's BBQ Party **1.15** Staying in Style

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory**12.30** Ed, Edd n Eddy**13.00** Codename: Kids Next Door**13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series**14.30** Atomic Betty**15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles**15.30** Duel Masters **16.00** Codename: Kids Next Door**16.30** Foster's Home for Imaginary Friends**17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century**17.30** Charlie Brown Specials**18.00** What's New Scooby-Doo?**18.30** Tom and Jerry**19.00** The Flintstones

JETIX
12.10 Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

MGM
12.15 Crash Course **13.55** The Fantasticks **15.20** Article 99 **17.00** The Good Wife **18.35** Extremities **20.05** Square Dance **21.55** Vigilante Force **23.25** Semi-Tough **1.10** Warm Summer Rain

TCM
19.00 Now, Voyager **20.55** In This Our Life **22.30** Hot Millions **0.15** Goodbye, Mr Chips **2.10** The Man Who Laughs

HALLMARK
12.45 Category 6: Days of Destruction **14.15** Ivana Trump's For Love Alone **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Vinegar Hill **18.30** Early Edition **19.15** Lives of the Saints **20.45** The Passion of Ayn Rand

BBC FOOD
12.00 Kitchen Takeover **12.30** Ready Steady Cook **13.00** James Martin: Yorkshire's Finest **13.30** Sophie's Weekends **14.00** Nigella Bites **14.30** Neil Perry Fresh and Fast **15.00** Friends for Dinner **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chef at Large **16.30** Rosemary Castle Cook **17.00** Sophie Grigson's Herbs **17.30** Friends for Dinner **18.00** The Naked Chef **18.30** Food and Drink **19.00** Gondola On the Murray **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Nigella Bites

DR1
11.00 Mit liv med Halldór Laxness **11.30** De der levede för os **12.10** Sal til besvar **12.40** Tappet fra Bayeux **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Derhjemme **13.50** Nyheder pa tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Specia **15.00** Braceface **15.20** Junior-Kremen **15.30** Nord **16.00** Lille Nord! **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Dagens Danmark **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Sporlos **18.30** Koste hvad det vil **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Dommer under anklage **21.25** OBS **21.30** Danske vidundere **22.00** Arbejdsliv **22.30** Boogie Listen - Boblerne

SV1
11.05 Rent hus **12.20** Min jötte **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Sagoboken **16.15** Gula giraffens djurhistorier **16.20** Barndokumentren **16.30** Mamma, pappa, clown **17.00** Ylva och draken **17.30** Rapport **18.00** Stina om... **18.30** Plus om digital-TV **19.00** Best in Show **20.30** Fader Ted **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** En röst i natten **23.05** Sändning från SVT24

KIA Picanto er lipur, fallegur og nútímalegur smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto 1.0 LX 5 gíra beinskiptur fimm dyra **kostar aðeins 999.000 kr.**

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA Picanto – smábíll ársins 2004 á Íslandi

KIA MOTORS

HEKLA *KIA umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000

HRÓSIÐ

... fær Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri fyrir að gera hausthreingerningu í leikhúsinu og bjóða upp á spennandi verkefni í Þjóðleikhúsinu í vetur.

ÞRÍR SPURÐIR

Ætlarðu að sækja einhver námskeið í vetur?

BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR
Vörustjóri íslenskra bóka hjá Pennanum (í fæðingarorlofi).

Sæki námskeið og held námskeið

Já, vafalaust sæki ég einhver námskeið í vinnunni. Í fyrirtækinu mínu eru fjölmörg námskeið og ég mun eflaust vera með þeim duglegustu að sækja þau. Í flestum tilfellum eru þetta námskeið tengd tölvukerfinu en auk þess alls þá held ég reyndar sjálf námskeið. Bæði um bóksölu og framsögn svo í rauninni mun ég bæði sækja námskeið og halda þau.

ERNA HAUKSDÓTTIR
Ferðamálafrömuður.

Fer alltaf á námskeið

Já, alveg áreiðanlega. Ég er vön að fara alltaf á eitthvert námskeið á hverjum vetri. Það er nauðsynlegt til þess að halda sér við. Ætli það væri ekki helst uppi í Endurmenntunarstofnun Háskólans. En ég á eftir að fara yfir það sem er í boði og það sem er framundan.

MARGRÉT KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR
Söngkona.

Getur vel verið

Það getur vel verið að ég fari á námskeið hjá My Pocket Productions. Þar eru þau Helena Jónsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson með alls konar námskeið. Ég er hins vegar ekki góð í að plana svona fram í tímann og oftast plana ég ekki meira en tvo daga fram í tímann. Ég fer hvorki á námskeið á morgun né hinn allavega. En ég fór á námskeið í fyrra og geri það eflaust líka í vetur.



LÁRÉTT
1 mjólkurvara **5** rökkur **6** C **7** þys **8** flík **9** tími myrkurs **10** í röð **12** hækkar **13** stækkaði **15** ung **16** gefa frá sér reiðihljóð **18** spírun.

LÓÐRÉTT
1 kvíði **2** viljugur **3** ryk **4** réttdæmur **6** efni **8** yfirgaf **11** friðill **14** knæpa **17** verkfæri.

LAUSN

LÁRÉTT: **1** Afir, **5** Hún, **6** Sé, **7** Ys, **8** Fat, **9** Nótt, **10** Gh, **12** Rís, **13** Jók, **15** Ný, **16** Urra, **18** Alun.
LÓÐRÉTT: **1** Áhyggjur, **2** Fús, **3** Im, **4** Réttsýnn, **6** Satín, **8** Fór, **11** Hór, **14** Krá, **17**

STEINUNN ÓLÍNA: LEGGUR LOKAHÖND Á FYRSTU BÓK SÍNA

Samskipti fullorðinna og barna í brennidepli

Fyrir tæpum þremur árum byrjaði Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir að skrifa sína fyrstu bók sem hún er að leggja lokahönd á nú. Bókin ber nafnið Í fylgd með fullorðnum, og fjallar um samskipti barna og fullorðinna. Samskipti sem byggja bæði á skilyrðislausri ást og líka því ofbeldi sem börn sæta stundum af hendi fullorðinna. „Hún einkennist af brotum og litlum sögum sem mynda einhvers konar heild," sagði hún þegar Fréttablaðið náði tali af henni í fjörutíu stiga hita en hún er búin að koma sér vel fyrir í kvikmyndaborginni Los Angeles. „Hér eru flestir leikarar, ef ekki þá þykjast þeir vera það. Og ef þeir eru ekki að þykjast vera leikarar þá eru þeir að minnsta kosti leikstjórar, rithöfundar eða framleiðendur," segir hún. Steinunn býr í dalnum San Ferndando sem er skreyttur fallegum garði með appelsínutrjám. Þar einbeitir hún sér að því að skrifa, slá grasið í garðinum og tína appelsínur. Hún segist ekki sakna rigningarinnar á Íslandi. „Þær eru yndislegar þessar heitu nætur," segir hún.

Steinunn segir að það hafi verið kominn tími á einhverja tilbreytingu í sínu lífi. „Ég sagði upp í Þjóðleikhúsinu á sínum tíma. Hætti í leikhúsi þar sem ég er nánast alin upp," útskýrir hún. Frá sviðinu lá leiðin í sjónvarpið þar sem hún vann við dagskrárgerð ásamt vinkonu sinni, Margréti Örnólfsdóttur. Þar kynntist hún listinni að skrifa. „Þar vorum við aðallega að skrifa grínefni," segir hún. Bakterían tók sér þó bólfestu þar og hún veit af hverju. „Ég fór að njóta þess að vinna ein sem var alveg nýtt fyrir mér. Það er töluvert áreiti að vinna með mikið af fólki eins og í leikhúsinu. Að skrifa var því hálfgerð hvíld fyrir mig," segir Steinunn sem finnst hún sé að verða ófélagslyndari með aldrinum. „Er bara lögst í kör og farin að vinna í kyrrþey," bætir hún við og hlær. Steinunn segir að skáldskápurinn sé nýr vettvangur fyrir sig og það sé alltaf áskorun. „Þetta er kannski ekkert óáþekk tilfinning og að eiga stóra frumsýningu í vændum. Nú get ég hins vegar ekki falið mig á bak við leikstjóra, leikritaskáld eða samleikara." Hún segist reikna með því að koma heim í nóvember og kynna bókina sem kemur út hjá JPV útgáfu. „Ég ætla engu að síður að halda jólin hér úti. Appelsínutímabilið nær hámarki í desember og ég ætla ekki að missa af því."

STEINUNN ÓLÍNA „Hér eru flestir leikarar, ef ekki þá þykjast þeir vera það."

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Heyrst hefur að það gangi orðið mjög illa að fá íslensku staðgenglana í kvikmyndinni Flags of Our Fathers til þess að mæta í tökur. Ljóminn virðist vera farinn að dofna til muna og margir eru til að mynda mjög óánægðir með matinn. Dæmi eru um að staðgenglarnir hafi ekki fengið að borða tímunum saman og svo virðist sem sumir séu einfaldlega búnir að fá nóg af þessu skipulagsleysi sem virðist ríkja á tökustað og nenni ekki að heiðra Reykjanesið með nærveru sinni.

Fjölmiðlamaðurinn og rithöfundurinn **Ingólfur Margeirsson** er nú að leggja lokahönd á nýja bók. Bókin er allsérstök en hún fjallar um áfallið sem hann varð fyrir í ágúst 2001 þegar hann fékk heilablóðfall. Í bókinni segir Ingólfur frá hvernig var að lifa áfallið af og byggja sig upp á ný. Bókin kemur út hjá Skruddu sem er nýtt en ört vaxandi bókaforlag. Ingólfur hefur skrifað fjölda bóka sem vakið hafa athygli, meðal annars ævisögur Guðmundu Elíasdóttur, Maríu Guðmundsdóttur, Árna Tryggvasonar og Esra S. Péturssonar. Það er annars af Ingólfi að frétta að hann nemur sagnfræði við Háskóla Íslands og heldur úti vefnum ingo.is þar sem hann fjallar um menn og málefni líðandi stundar.

Jóga í Garðabæ

Byrjar í Kirkjuhvoli 5. september

Framhaldstímar mánud. og miðvikud. kl. 18.00–19.15
Byrjendatímar mánud. og miðvikud. kl. 19.30–20.45

Kennari er Anna Ingólfsdóttir, Kripalu jógakennari.

Uppl. og skráning í símum 565 9722 og 893 9723.

Anna Ingólfsdóttir

birta

Eivöru tekið eins og drottningu

„Þetta er spennandi því Eivör er Færeyingur og ég er hálf-færeysk. Það var því efst á listanum að komast heim," segir leikstjórinn María Ellingsen en hún er stödd í Færeyjum þar sem tvær sýningar verða á verkinu Úlfhams saga á morgun. „Við sýnum í Norðurlandahúsinu við hátíðarviðhöfn því verið er að undirrita viðskiptasáttmála milli landanna. Þetta er stærsti frísáttmáli sem Ísland hefur gert við annað land og Davíð Oddsson hefur verið hér í opinberri heimsókn síðan í gær."

María er spennt að sjá hvernig Færeyingar tengja við verkið. „Við notuðum færeyskan dans og rímnasöng sem innblástur á æfingartímabilinu og enn eimir af þeim takti og krafti í sýningunni. Fólk er mjög spennt fyrir Eivöru Pálsdóttur og það er gaman að fylgjast með henni tala við pressuna," en Eivör sér um tónlistina í Úlfhams sögu og hlaut Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, fyrir vel unnin störf.

ÚR ÚLFHAMS SÖGU Verkið verður sýnt í Færeyjum á morgun þegar viðskiptasáttmáli milli Íslands og Færeyja verður undirritaður.

„Eivöru er tekið eins og drottningu í heimalandi sínu en sjálf er hún auðmjúk í allri framkomu enda prúð stúlka sem þakkar guði fyrir allt sem hún hefur."

María Ellingsen segir að íslenski leikhópurinn, sem samanstendur af tuttugu manns, sé einna spenntastur fyrir að fá að smakka færeyska matinn. „Við fáum færeyska máltíð að sýningunum loknum og það þykir mest krassandi að fá að smakka skerpukjötið," en að sögn Maríu er það þurrkað og sigið lambakjöt. „Okkur er tekið með kostum og kynjum og græna og fallega landslagið hér umvefur okkur og gefur okkur kraft til þess að takast á við verkefnið." ■

FordFocus

Núna Haust uppskera 100.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

Veldu Foc

Nýtt tá gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestr
merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og öru
usta Brimborgar er trúleg ástæða þess að For
á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. U
nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endu
aður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla
hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa á
reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöð
lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Co
saman við Focus. Og þú finnur að margur búna
lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðug
stýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardín
liðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á
Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur
Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum
flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er
metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upph
hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða
verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.

af gæðalista staðalbúnaðar:

bugleikastýrikerfi	Frjókornasía
pólvörn	Upphitanlegir hliðarspeglar
g	Rafstilltir hliðarspeglar
r hiti í framsætum	Vindskeið að aftan (3d og 5d)
ðar að framan	Fjarstýrð samlæsing
ðar í hliðum	Fjölstillanlegt stýri
ðagardínur	Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
akerfi	Fjarstýring fyrir hljómtæki
jöfnun	Aksturstölva og útihitamælir
rhemlun	

ð fá aukalega:

yrir síma	Raddstýring fyrir:
n beygjuljós	- hljómtæki
lofti og skjár	- síma
heyrnartól	- leiðsögukerfi
skahólfi	Aðfellanlegir speglar
	Hiti fyrir alla framrúðuna
	Sólarvörn í framrúðu
hljómtæki	Sportfjöðrun
	Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnisspegli
ortsæti	Hraðastillir
hannssæti	Rafdrifin sóllúga

*dingar velja Ford umfram önnur
di bílamerki (74,1% aukning 2004)
Ford meðal vinsælustu bílamerkja á
ndi. Endursalan staðfestir það einnig.
ertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

*Ford F
1. sá
verð
Ve*

G·O ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Nýttu haustuppskeruna
Skoðaðu Ford Focus í bílaverslun Brimborgar

Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra*

Listaverð	1.790.000 kr.
Afsláttur	-100.000 kr.
Uppskeruverð	1.690.000 kr.

Bílasamningur 17.580 kr.
Rekstrarleiga 32.085 kr.

Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra*

Listaverð	1.890.000 kr.
Afsláttur	-100.000 kr.
Uppskeruverð	1.790.000 kr.

Bílasamningur 18.620 kr.
Rekstrarleiga 32.585 kr.

Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra*

Listaverð	1.940.000 kr.
Afsláttur	-100.000 kr.
Uppskeruverð	1.840.000 kr.

Bílasamningur 19.140 kr.
Rekstrarleiga 33.455 kr.

Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra*

Listaverð	1.990.000 kr.
Afsláttur	-100.000 kr.
Uppskeruverð	1.890.000 kr.

Bílasamningur 19.660 kr.
Rekstrarleiga 33.965 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurádgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

Barnagæsla og jafnrétti

Grundvöllurinn fyrir því að jafnrétti megi nást er að boðið sé upp á góða barnagæslu, sagði Cherie Booth, eiginkona Tony Blair, forsætisráðherra Breta, í viðtölum sem hún veitti íslenskum fjölmiðlum. Hún var hér á landi til að taka þátt í ráðstefnu kvenkyns menningarmálaráðherra víðs vegar úr heiminum þar sem ræða átti málefni kvenna.

EFTIR að hafa velt þessari fullyrðingu dálítið fyrir mér komst ég að þeirri niðurstöðu að auðvitað er það rétt hjá henni. Hvernig eiga konur að geta átt jafnan rétt til þátttöku í samfélaginu ef þær hafa ekki kost á því að yfirgefa heimili sín vegna ábyrgðar á börnum? Því það er nú einu sinni þannig að mæður bera yfirleitt meiri ábyrgð á barnauppeldi en feður og því kæmi það í þeirra hlut að gæta barna sinna og faðirinn myndi vinna úti.

Í þessu ljósi fannst mér mjög merkilegt að hlusta á viðtal við Gísla Martein Baldursson í morgunútvarpinu í gær. Gísli Marteinn tilkynnti um helgina að hann sækist eftir því að verða borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningum, en nóg um það. Það sem mér fannst merkilegt í ljósi ummæla Cherie Booth, var ekki það að Gísli Marteinn hrósaði Reykjavíkurlistanum fyrir það sem hann hafði áorkað í barnagæslumálum í borginni á tólf ára valdatíma sínum, heldur það sem hann sagði um ástandið í dagheimilismálum borgarbúa fyrir tíð Reykjavíkurlistans.

GÍSLI Marteinn benti á það að þegar Reykjavíkurlistinn tók við stjórnartaumunum í borginni hafi einungis einstæðum foreldrum og námsmönnum boðist heilsdagsvistun fyrir börn sín í leikskólum borgarinnar. Öðrum bauðst að vista börn sín hálfan daginn. Ég hafði hreinlega ekki gert mér grein fyrir því hvað mikið hefur áunnist á svo stuttum tíma.

FYRIR aðeins tólf árum gátu báðir foreldrar ungra barna í Reykjavík því ekki gengið að því vísu að geta fengið fullnægjandi barnagæslu fyrir börn sín, sem samkvæmt Cherie Booth er grundvöllur fyrir því að jafnrétti náist milli kynjanna. Fyrir tólf árum hallaði því enn meira á réttindi kvenna en gerir í dag. Bætt úrræði í barnagæslu hafa aukið möguleika kvenna til atvinnuþátttöku og þannig aukið á jafnrétti milli kynjanna. Sem betur fer einskorðast þessi baráttumál ekki lengur við Reykjavíkurlistann því sjálfstæðismenn hafa gert barnagæslumál eitt helsta baráttumál þessara kosninga. Lengi getur gott batnað.

Sveigjanleiki og dugnaður
Þú getur unnið hvar sem er

intel inside centrino MOBILE TECHNOLOGY

Dell™ mælir með Microsoft® Windows® XP Professional.

Dell™ Latitude™ D810 fartölvan notar Intel® Centrino™ tækni til að ná bestu afköstum, mesta hraða og tengimöguleikum sem völ er á. Hún er nógu stór til að hafa frábæran skjá og öflugan örgjörva, en líka nógu lítil til að koma með þér hvert sem er. Hún er best í bekknum og ekki minna skemmtileg þegar þú kemur heim úr skólanum. Ódýrari útfærslur eru einnig fáanlegar.

Dell™ Latitude™ D810

- Intel® Centrino™ tækni, Intel® Pentium® M 730 örgjörvi 1.73GHz/2MB L2 Cache, 533MHz FSB, Intel® PROWireless 2200 Mini-PCI 802.11b/g og Bluetooth
- 1024MB 533MHz vinnsluminni (allt að 2GB)
- 15,4" WSXGA skjár (1680 x 1050)
- ATI Mobility RADEON X600 128MB DDR skjákort
- 60GB diskur, DVD+/-RW geisladrif (brennir DVD)
- 9 Cell 80WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge
- Ísl. lyklaborð & DualPoint snerti- og pinnamús
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **194.900,-**

Verð á mánuði 6.409,-
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík (opið 10-18 virka daga og 10-16 á laugardögum) eða Tryggvabraut 10 á Akureyri.

DELL™

Filton/SÍA F1013848

©2005 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Xeon og Pentium eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Pioneer
LOEWE.
SAMSUNG

SMÁRALIND Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-280
ORMSSON

GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR